

Skólavarðan

KENNARASAMBAND ÍSLANDS NÓVEMBER 2016





Einfalt að rukka eða borga með Kass
- það er nóg að hafa símanúmer



Með Kass getur þú ...

- Borgað vinum þínum
- Splittað kostnaði
- Rukkað hina í hópnum

Sæktu appið á kass.is  

EFNISYFIRLIT

SKÓLAVARÐAN
NÓVEMBER 2016
2.TBL

Síðatal

- 4 Leiðari
- 6 Vilja auka karlmennsku í hópi leikskólakennara
- 6 Aukin umræða – allra hagur
- 7 Sjúkradagpeningar hækka
- 8 Árs samningsleysi „fagnað“ með afmælisköku
- 8 Enginn á að setta sig við einelti, áreitni eða ofbeldi
- 10 Við hoppuðum bara yfir kennaraborðið
- 14 Upplestur er lykillinn að lífshamingju
- 18 Nægur tími fyrir hvern nemanda
- 21 Af hverju er kennaranemum að fækka?
- 22 Kynjafræði kveikir ljós
- 24 Kom íslenskum verkum tónskálda til Hollands
- 28 Þarf að setja kennara á valista?
- 30 Er sögukennsla gagnslaus?
- 32 Spjaldtölvur færa nemendum völd
- 36 Óhefðbundin námsbraut fyrir afburðanemendur
- 40 Verðlaunasmásögurnar í tilefni Alþjóðadags kennara
- 50 Jafnræði ríkir meðal nemenda og kennara
- 54 Hvað er Hagþenkir?
- 56 Félaginn
- 58 Krossgáta



Við hoppuðum bara yfir kennaraborðið

Marta Ólafsdóttir kenndi líffræði í 40 ár, lengst af í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ. Hún hætti að kenna í fyrra og segist una hag sínum vel. Hún sinnir myndlistinni af kappi og stefnir á einkasýningu á næsta ári.




Lesskilningur er lykill að lífsgæðum

Vera kann að þjálfun í upplestri hafi þá jákvæðu hliðarverkun að stuðla að bættum lesskilningi. Baldur Sigurðsson, dósent við Menntavísindasvið, segir viðburði á borð við Stóru upp-lestrarkeppnina afar mikilvæga.




Þarf að setja kennara á valista?

Verði ekkert að gert mun alvarlegur kennaraskortur blasa við hérlandis innan fárra ára. Lítið er rætt um þennan vanda en þó höfðu stjórn-málaflokkarnir áhyggjur af stöðunni í aðdraganda þingkosninganna.



Spjaldtölvur færa nemendum völd

Örn Arnarson grunnskólakennari nýtir möguleika spjaldtölva til fulls í kennslustofunni. Örn hlaut á vordögum viðurkenningu fyrir framúrskarandi störf að kennslu.



Kom verkum íslenskra tónskálda til Hollands

Þórarinn Stefánsson hefur getið sér gott orð fyrir útsetningar á íslenskum tónverkum fyrir píanó. Á þessu hausti koma út sex bækur sem henta píanó-nemendum á ýmsum námsstigum.



Forsíðumyndin var tekin í kennslustund í Klébergsskóla. Myndina tók Anton Brink.

Kennarasamband Íslands
Kennarahúsins
Laufásvegi 81, 101 Reykjavík
Sími 595 1111
Netfang: utgafa@ki.is
www.skolavardan.is

Ritstjórar: Aðalbjörn Sigurðsson og Arndís Þorgeirsdóttir
Ábyrgðarmaður: Þóroddur Á. Hjaltsted
Hönnun og umbrot: Kjarninn
Prófarkalestur: Urður Snædal
Auglýsingar: Öflun
Prentun: Oddi

ÁGÆTI FÉLAGSMAÐUR



Þórður Á.
Hjaltsted
formaður KÍ

Þann 5. október síðastliðinn héldu kennarar heimsins upp á Alþjóðadag kennara í fimmtugasta skipti, en það var árið 1966 sem Sameinuðu þjóðirnar ákváðu að tileinka kennurum daginn. Mikið vatn hefur runnið til sjávar á þessum tíma, en enn erum við þó á heimsvísu að fást við sömu vandamál og fyrir 50 árum. Enn hafa ekki öll börn aðgang að menntun, auði er verulega misskipt og fátækt er mikil. Sú sorglega staða blasir einnig allt of víða við að stúlkur eiga síður rétt til menntunar en drengir. Það er sameiginlegt verkefni allrar heimsbyggðarinnar að breyta þessu og liður í því er að Sameinuðu þjóðirnar hafa sett fram áætlun um að útrýma öllu misrétti og tryggja öllum aðgang að gæðamenntun. Undir þá kröfu tekur Kennarasamband Íslands heils hugar.

Jafnrétti til náms

Á Íslandi erum við vel sett en við viljum þó gera betur. Jafnrétti og jafnræði til náms er ein af lykilstoðum góðra menntakerfa og það er fagnaðarefni að Ísland mælist fremst í flokki þjóða í könnunum OECD hvað þetta varðar. En við þurfum samt sem áður að gæta að okkur. Of margir vilja auka einkavæðingu í skólakerfinu sem hefur reynst illa hjá mörgum þjóðum og aukið mismunum meðal þegna þeirra. Til að tryggja jafnrétti og jafnræði í samfélaginu öllu er árangursríkasta leiðin að vera með miðstýrt opinbert menntakerfi sem tryggir öllum jafnan rétt til náms. Vitaskuld þarf slíkt kerfi að vera vel fjármagnað til að mæta öllum þeim skyldum sem skólakerfið þarf að uppfylla. Það þarf líka að tryggja kennurum á öllum skólastigum góð og samkeppnishæf laun og starfið þarf að vera aðlaðandi til að tryggja eðlilega endurnýjun stéttarinnar. Hafa yfirvöld verið að þróa skólann í þessa átt undanfarið? Svárið er nei. Þess í stað hafa stjórn-málamenn þrengt að starfsemi skóla, dregið úr sjálfstæði kennarastarfsins og hundsáð þörf fyrir aukna fjárfestingu í menntun. Launum er haldið niðri og álag aukið. Ég skora á stjórn-málamenn þessa lands að gera átak í að efla skólakerfið og lyfta kennarastarfinu á hærri stall.

Laun, lífeyrisgreiðslur og vantraust

Undanfarin misseri hafa félagsmenn KÍ upplifað talsverðan óróa vegna kjaramála. Félagsmenn Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum hafa til að mynda verið með lausa samninga í rúmt ár, sem er auðvitað ólíðandi. Tveir kjarasamningar hafa verið lagðir fyrir félagsmenn Félags grunnskólakennara sem báðir voru felldir. Þetta er alvarleg staða og fer forysta grunnskólakennara nú um landið til að ræða við félagsmenn

Það þarf líka að tryggja kennurum á öllum skólastigum góð og samkeppnishæf laun og starfið þarf að vera aðlaðandi til að tryggja eðlilega endurnýjun stéttarinnar

sína. Ég vona að með því samtali náist að leggja drög að nýjum kjarasamningi.

Síðustu ár hefur Kennarasambandið unnið í nánú samstarfi við BSRB og BHM að tillögum um framtíðarskipan lífeyrismála hér á landi, eða allt frá því að starfshópur, sem skipaður var á grunni 9. greinar Stöðugleikasáttmálans, skilaði tillögum um framtíðarskipan lífeyrismála í landinu. Þar er lagt til að komið verði á einu lífeyriskerfi sem byggir á aldurstengdri réttindaávinnslu og að iðgjald sé 15,5%. Kennarasambandið, BHM og BSRB lýstu því strax yfir að ekki gæti orðið af þessu nema fundin yrði leið til að brúa bilið frá núverandi kerfi yfir í nýtt kerfi. Meginkrafan er sú að enginn núverandi sjóðfélagi tapi réttindum.

Eftir mikla vinnu náðist samkomulag sem KÍ, BHM og BSRB töldu að uppfyllti það markmið. Í framhaldi fól forysta KÍ mér að skrifa undir samkomulag við fjármálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga um breytingar á fyrirkomulagi lífeyrismála opinberra starfsmanna. Í kjölfarið var lagt fyrir Alþingi frumvarp um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sem byggði á samkomulaginu. Fljótlega kom í ljós misræmi á milli þessara skjala, nánar tiltekið tryggði frumvarpið aðeins réttindi hluta sjóðsfélaga LSR, þvert á það sem samið hafði verið um. Í kjölfarið beitti KÍ sér fyrir því að frumvarpið færi ekki í gegnum Alþingi. Það tókst og nú er forysta KÍ í þeirri stöðu að endurmeta afstöðu sína til málsins, en stefnt er að því að taka upp viðræður um það við nýja ríkisstjórn. Sú vinna verður ekki auðveld því verulegt vantraust hefur skapast milli aðila. Sama má segja um afstöðu forystu KÍ til vinnu með aðilum vinnuarkaðar í að breyta vinnubrögðum við kjarasamningagerð undir merkjum SALEK.

Það er með öllu ljóst að forysta KÍ mun stíga varlega til jarðar í þessum málum en um leið kappkosta að gera kjarasamninga við viðsejendur okkar sem tryggja framtíð stéttarinnar og eðlilega endurnýjun hennar.



BETT SÝNINGIN

Með Epli á Íslandi 25. - 29. janúar 2017

Gaman Ferðir og Epli á Íslandi bjóða upp á ferð á BETT sýninguna í London dagana 25.-29. janúar.

BETT er frábær tölva og hugbúnaðarsýning fyrir fagaðila í skólastarfi. Þessi áhugaverða sýning er sú stærsta sinnar tegundar í Bretlandi og eru gestir sýningarinnar sammála um að BETT sé allra besta sýningin í Bretlandi.

BETT sýningin er haldin í Excel höllinni í London og er aðgangur ókeypis. BETT er frábær sýning fyrir alla þá sem vilja kynna sér nýjustu lausnir og kennsluáðferðir í skólastarfi. Gist verður á hinu fræga Cumberland hóteli sem er við Oxford Street. Þetta er mjög gott fjögurra stjörnu hótél, vel staðsett og við eina allra vinsælustu verslunargötu í London.

Verð frá: **129.900 kr.**

Innifalið í verði er flug með WOW air, gisting í tvíbýli með morgunverði, fyrirlestur á vegum Epli, kokteilkvöld á miðvikudeginum á vegum Epli, rúta til og frá flugvelli, rútuferðir á sýninguna í þrjá daga, 20 kg taska, 10 kg handfarangur og íslensk fararstjórn.

SJÁÐU NÁNAR Á **GAMAN.IS**

VILJA AUKA KARLMENNSKU Í HÓPI LEIKSKÓLAKENNARA

Stofnfundur faggreinafélagsins SKÁL fór fram í Kennarahúsinu í dag en markmið félagsins er meðal annars að auka karlmennsku í hópi leikskólakennara og jafna kynjahlutfallið í hópi starfsmanna í leikskólum. Í stjórn voru kosnir Sverrir J. Dalsgaard, Hörður Svavarsson og Egill Óskarsson, sem jafnframt er formaður félagsins.

Í samþykktum SKÁL segir meðal annars að félagsaðild geti þeir fengið sem telji sig vera karlmenn og hafi starfsréttindi leikskólakennara. Einnig að verði félaginu slitið renni eignir þess til skemmtanasjóðs kjarasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga.

SKÁL stendur fyrir Samráðshóp karlkennara á leikskólastiginu.



Stjórn SKÁL skipa þeir Sverrir J. Dalsgaard, Hörður Svavarsson og Egill Óskarsson.



AUKIN UMRÆÐA – ALLRA HAGUR

Góð aðsókn hefur verið á heimasíðu Skólavörðunnar, www.skolavardan.is, frá því að vefurinn var settur í loftið í byrjun ársins. Þar er nú að finna hundruð fréttar, greina og pistla sem fjalla um margvísleg verkefni sem tengjast skóla- og menntamálum. Lögð er áhersla á að vekja þar athygli á áhugaverðum og skemmtilegum hlutum í skólastarfinu – enda er af nógu að taka. Félagsmenn eru hvattir til að heimsækja vefinn og kynna sér fjölbreytt efni hans.

Félagsmenn eru einnig hvattir til að taka þátt í kraftmikilli umræðu um hvernig hægt er að auka umræðu um skóla- og menntamál í samfélaginu. Stofnaður hefur verið sérstakur vettvangur á Facebook, en um er að ræða lokaðan umræðuhóp sem ber nafnið „Aukum umræðu um kennarastarfið“. eru félagsmenn hvattir til að sækja um aðgang og leggja sitt af mörkum í umræðunni.



Sjúkrasjóður Kennarasambands Íslands:

SJÚKRADAGPENINGAR HÆKKA

Stjórn Sjúkrasjóðs KÍ hefur endurskoðað úthlutunarreglur og taka breyttar reglur gildi 15. nóvember nk. Helstu breytingar eru að sjúkradagpeningar hækka um 13,64%, úr 11.000 kr. á dag í 12.500 kr. Aðrar breytingar eru þessar helstar:

Meðferðarstyrkir:

- Kostnaður vegna meðferðar hjá osteopata verður nú styrkhæfur.
- Framvegis verða eingöngu styrktir tímar hjá löggiltum sjúkranuddurum.
- Styrkir vegna meðferðar hjá fjölskylduráðgjafa, faghandleiðara og höfuðbeina- og spjaldhryggsjafnara falla niður.
- Viðtalsmeðferðarstyrkir hjá félagsráðgjöfum og sálfræðingum, sem hingað til hafa einungis verið veittir sem einstaklingsstyrkir, eru útvíkkaðir og

munu einnig taka til hópmeðferðar hjá þessum aðilum.

- Þá verður einnig byrjað að styrkja endurhæfingu hjá Þraut.

Aðrir liðir:


- Styrkir vegna laseraðgerða á augum hækka og verða 70.000 kr. vegna hvors auga.
- Styrkir vegna tannlæknakostnaðar hækka þannig að kostnaður umfram 250.000 kr. er styrkhæfur og hámarksstyrkur er hækkaður í 250.000 kr.

Ath. að nánari upplýsingar um breytingar á reglum sjúkrasjóðs má finna á heimasíðu Kennarasambands Íslands – www.ki.is.



Ólöf S. Björnsdóttir, þjónustustjóri sjóða og aðrir starfsmenn þjónustuviðs KÍ veita félagsmönnum upplýsingar um breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs.

Gagnvirkir HD og UHD skjáir frá SMART og Prowise fyrir skólastofur



Hægt er að fá innbyggða tölvu með Windows 10 í skjáina, einnig Blu-Ray spilara, hækkanlegar veggfestingar og festingar á hjólum

Nokkrar tegundir uppsettar í sýningarsal okkar í Markholti 2, Mosfellsbæ

Sími 566 8144

Skjáir í stærðum frá 55" til 84"



Varmás
Skólavörur



Félagsmenn í Félaga kennara og stjórnenda í tónlistarskólum eru orðnir langþreyttir á samningsleysi, en þeir hafa nú verið með lausan kjarasamning í heilt ár.

ÁRS SAMNINGSLEYSI „FAGNAÐ“ MEÐ AFMÆLISKÖKU

Nokkrir félagsmenn í Félaga kennara og stjórnenda í tónlistarskólum (FT) mættu í húsnæði Ríkissáttasemjara miðviku-daginn 2. nóvember síðastliðinn. Ástæða heimsóknarinnar var að afhenda Ingu Rún Ólafsdóttur, formanni samninganefndar

sveitarfélaga, afmælistertu í tilefni þess að daginn áður var liðið heilt ár frá því að kjarasamningur FT rann út. Samninganefnd félagsins tók einnig þátt í þessari sérstöku afmælisveislu. Með þessu vildi FT vekja athygli á að þeirri alvarlegu stöðu sem

uppi er í kjaradeilu félagsins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Krafa FT er að laun tónlistarskólakennara verði leiðrétt og þau verði í samræmi við laun annarra kennarahópa. Þegar blaðið fór í prentun var enn ekki búið að semja við félagið.

ENGINN Á AÐ SÆTTA SIG VIÐ EINELTI, ÁREITNI EÐA OFBELDI

Jafnréttisnefnd og vinnuumhverfisnefnd KÍ eru þessa dagana að senda út upplýsingabæklinga um einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Bæklingarnir eru tveir, annar ætlaður starfsfólki og hinn stjórnendum, og verða sendir trúnaðarmönnum í öllum leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólum landsins.

Bæklingunum er ætlað að vera til upplýsingar fyrir kennara, stjórnendur og



starfsfólk skólanna sem þurfa stundum að takast á við erfiða og óvænta atburði, svo sem áreitni eða ofbeldi af hálfu nemenda eða annarra sem tengjast skólanum.

Vinnustaðir eiga að hafa skýrar leiðbeiningar fyrir starfsfólk um hvernig beri að tilkynna um einelti, áreitni eða aðra óviðeigandi hegðun og í hvaða farveg málin fara innan hvers vinnustaðar. Félagar í KÍ eru hvattir til að kynna sér þetta efni.



KENNASAMBAND
ISLANDS

Með KÍ dælulykli Atlantsolíu fá félagsmenn 7 kr. afslátt á öllum sjálfsafgreiðslustöðvum félagsins.
Á afmælisdegi dælulykilshafa veitir dælulykill 15 kr. afslátt.
Sæktu um lykil eða uppfærðu afsláttarkjörin á www.Ki.is





Steinunn Stefánsdóttir skrifar
Ljósmyndir eftir Anton Brink

VIÐ HOPPUÐUM BARA YFIR KENNARABORÐIÐ

Marta Ólafsdóttir kenndi líffræði í 40 ár, lengst af í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ. Hún hætti að kenna í fyrra og unir hag sínum sem eftirlaunamaður vel.

Tveir glaðlegir krakkar taka á móti blaðamanni Skólavörðunnar þegar hann knýr dyra hjá Mörtu Ólafsdóttur í raðhúsi við Elliðavatn. „Þetta eru sonardóttir mín og frændi hennar,“ segir Marta og bætir við að hún skilji eiginlega ekki hvernig ungt fólk færi að því að púsla saman hvunndeginum ef ekki væru til staðar ömmur og afar sem hafa lokið störfum.

Marta hætti að kenna í fyrrahaust að loknum tæpum fjögurra áratuga ferli sem líffræðikennari, lengst af við Fjölbrautaskólann í Garðabæ. Hún var þá 65 ára gömul. „Þetta er alveg dásamlegt,“ segir hún um lífið á eftirlaunum og bætir því við að hún leiði hugann sjaldan að kennslunni. „Ég var bara alveg tilbúin og hætti glöð. Ég var líka orðin næstelsti kennari skólans og þá er nú kominn tími til að hætta,“ segir hún hlæjandi. Foreldrar Mörtu komust báðir yfir nírrætt svo hún segist ekki hafa ástæðu til annars en að búast við að eftirlaunaárin verði mörg og gjöful.

Marta segir að það hafi komið sér á óvart að hún nenni varla í heimsókn í gamla skólann sinn þrátt fyrir hvað hún var ánægð á vinnustaðnum. Þegar að er gáð kemur þó í ljós að hún er í heilmiklum samskiptum

við fyrrum starfsfélaga. „Hópur starfandi og fyrrum kennara spilar bridge vikulega í skól-anum,“ segir hún. „Svo erum við nokkrar konur saman í leshring. Þar að auki eru starfsmenn sem hafa lokið störfum farnir að hittast nokkrum sinnum á ári sem er mjög skemmtilegt.“

Hefur alltaf lent í kennslu

Marta var í fyrsta stúdentsárgangi Mennta-skólans við Hamrahlíð og segir að skólaárin þar hafi verið afar skemmtileg. Hún lét ekki duga að velja nýstofnaðan menntaskóla heldur hóf hún að honum loknum nám í líffræði sem þá var nýleg kennslugrein við Háskóla Íslands. Hún lauk BS-prófi í líffræði árið 1974 og stökk þá beint yfir kennara-borðið, eins og hún orðar það sjálf, og fór að kenna í aðfararnámi til stúdentsprófs í Kennaraskólanum. Meðfram kennslunni vann hún 30 eininga rannsóknarverkefni til viðbótar við BS-prófið í líffræði og hélt svo til Uppsala í Svíþjóð vorið 1979 og tók kennsluréttindanámið þar. Þar lærði hún kennslu- og skólamálafræði, eða pedagogik – utbildnings- och undervisningsplanering, við Uppsalaháskóla, auk þess bætti hún við sig námi í vatnalíffræði.

Mér finnst þetta mikilvægt lífsstarf og er ánægð með að hafa valið mér það. Þó að það sé bara pínulítið sem maður leggur inn hjá hverjum nemanda þá er það mikilvægt.

Þegar Marta kom heim frá Svíþjóð 1983 fór hún að kenna við Kennaraháskólann. Þar starfaði hún í þrjú ár og kenndi samhliða því kennslufræði raungreina í kennsluréttindanáminu í Háskóla Íslands. Síðan hóf hún kennslu við Fjölbrautaskólann í Garðabæ þar sem hún átti eftir að kenna í 28 ár. „Og það er alveg nóg,“ segir Marta með áherslu en jafnframt brosi á vör.

„Ég hef alltaf lent í að kenna,“ segir Marta þegar hún er spurð að því hvenær

hún hafi ákveðið að gera kennslu að ævistarfi sínu. „Þennan stutta tíma sem ég var ekki í námi meðan ég var í Svíþjóð var ég plötuð til að kenna Svíum íslensku í kvöldskóla og kenna börnum á píanó.“

Marta segist halda að hún hafi í raun alltaf haft hug á að leggja fyrir sig kennslu þó að hún hafi ekki farið rakleitt í kennaranám. „Mamma geymdi mynd sem ég hafði teiknað þegar ég var átta ára. Viðfangsefnið var: Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? Og þá ætlaði ég að verða kennari.“

Það virðist þannig hafa legið í loftinu alveg síðan Marta var kornung að hún myndi leggja fyrir sig kennslu. „Við erum sjö systkini og öll höfum við fengist eitthvað við kennslu,“ segir hún. „Ætli maður sé ekki bara svo stjórnssamur,“ bætir hún við og skellir upp úr.

„Annars hafði ég fyrst og fremst áhuga á líffræðinni og á þeim árum þegar var almennilegt sumarfrí hjá kennurum vann ég við líffræðirannsóknir á sumrin og kennslu á veturna,“ segir Marta og vísar þá til fyrri hluta kennsluferilsins.

Líffræðin heillandi vísindagrein

Marta segist enn hafa faglegan áhuga á líffræðinni. Hún er í samtökum líffræðikennara og hefur haldið áfram að stunda endurmenntunarnámskeið. „Ég var til dæmis á námskeiði um ónæmisfræði í sumar. Maður hættir ekki að vera til þótt maður hætti að kenna og hættir ekki að hafa áhuga á faginu sínu.“

Meðal þess sem heillar Mörtu við líffræðina er að hún er vísindagrein í stöðugri þróun. „Þegar ég var að byrja að læra líffræði þekktu menn bara rétt grunnbyggingu og störf DNA og RNA,“ nefnir hún sem dæmi um það hversu mikil þróun hefur átt sér stað innan erfðafræðinnar. „Maður hefur stöðugt verið að læra, sem er mjög gaman. Í raun hefði maður þurft að hafa miklu meiri tíma til að bæta við sig þekkingu. Ég fékk aðeins einu sinni námsleyfi á starfsævinni til endurmenntunar en notaði sumrin til að sækja símenntunarnámskeið í líffræði.“

Leiddist aldrei í vinnunni

Starfsumhverfið í skólanum heillaði Mörtu hins vegar öll árin í kennslunni. „Mér hefur alltaf fundist gaman að vinna með unglingum og mér finnst mikilvægt að fólk viti eitthvað um náttúruna og eigin líkama. Svo

er skemmtilegt að fylgjast með unga fólkinu þroskast og fullorðnast. Þetta er lífandi og fjölbreytt starf og manni leiðist aldrei í vinnunni.“ Þegar Marta er spurð hvort hún myndi gera eitthvað öðruvísi ef hún væri að byrja að kenna í dag þá er hún fljót að svara: „Að sjálfstöðu, af því að þetta er allt öðruvísi samfélag en það samfélag sem ég byrjaði að kenna í og auðvitað er allt annað að kenna nú. Til dæmis er maður ídulega með tölvuna milli sín og nemandans.“

„Unglingarnir eru alltaf svipaðir, kannski heldur frakkari og opnari nú en áður, og tæknin hefur breytt miklu,“ segir Marta um breytt landslag í umhverfi kennara. „Annars fannst mér menn ofmeta áhrif tækninnar á kennslunni í byrjun. Ég man að þegar fyrstu myndvarparnir komu til sögunnar trúðu menn að kennarar yrðu að mestu óþarfir. Sama hefur komið upp í hvert sinn sem ný tækni hefur komið fram en ég tel að kennarar hafi aldrei verið mikilvægari en nú, en þó á annan hátt en áður. Stóra byltingin í kennslu og námi kom með internetinu sem er hægt að nýta á margan hátt í kennslunni. Það er mikil hjálp að því að geta sýnt kvikmyndir eða myndbrot af Youtube í staðinn fyrir að reyna að útskýra flókna ferla með því að teikna á töfluna eða jafnvel reyna að leika þá,“ segir Marta. „Og internetið býður líka upp á fjölbreytt og verkefnamiðuð vinnubrögð.“

Samt sem áður telur Marta að sömu grunngildin eigi við nú og þá. „Maður reynir að vera almennileg manneskja en auðvitað nær maður aldrei til allra nemenda,“ segir hún hugsí. „Annars hef ég alltaf haft lag á því að taka þessu svolítið létt. Ef illa gekk og nemendur voru ódælir þá var ég ekkert að hafa áhyggjur af því en reyndi að átta mig á því hvort ég væri að gera eitthvað rangt eða hvort eitthvað bjátaði á hjá nemendum.“

Umgjörð kennarastarfsins í stífum skorðum

Mörtu finnst að mörgu leyti erfiðara að vera kennari nú en þegar hún var að byrja. „EKKI í kennslustundunum heldur allt þetta sem er í kringum kennsluna, reglugerðir, nákvæmar námskrár, námsmat, flóknar einkunnagjafir og svo bætast foreldrarir við, tölvurnar og gemsarnir. Þetta kostar miklu meiri vinnu en áður.“ Þetta stífa kerfi finnst Mörtu að mörgu leyti heftandi fyrir kennarastarfið. „Kennurum leyfist ekki að



Myndlistin er stóra áhugamálið en Marta fór í myndlistarskóla fyrir tíu árum því hún vildi verða færari að teikna á töfluna. Hún var gagntekin af myndlistinni og stefnir á að halda sína fyrstu einkasýningu á vatnslitamyndum í febrúar á næsta ári.

nota dómgreindina og sköpunargleðina með sama hætti og áður. Það er svo mikil skráning og nákvæmni, sem kannski þarf að vera, en kennslan snýst nú fyrst og fremst um vekja áhuga nemenda á efninu og að reyna að koma krökkum til manns, hún snýst ekki um eitthvert kerfi,“ segir Marta.

„Ég hef alltaf sagt við nýja kennara að þeir verði að læra að dingla sér svolítið og taka sjálfa sig ekki of alvarlega ef þeir ætla að lifa í kennslunni.“ Og svo tekur líffræðingurinn í Mörtu til máls: „Tauga-sérfræðingar þykjast vera að komast að því að framheilinn sé ekki fullþroskaður fyrr en um 21 árs aldur svo það er nú ekki skrítið að ungt fólk á framhaldsskólaaldri geti stundum verið svolítið vanstillt. Svo var alltaf verið að stækka hópana, ég kenndi stundum mörgum kröftugum íþróttastrákum í einum hóp og þá er nú eins gott að geta dinglað sér svolítið en samt haldið stjórn. Þetta gátu verið miklar orkusugur svo maður var oft dauðþreyttur þegar maður kom heim,“ rifjar Marta upp. „Þeir hlýddu mér samt en það var stundum askollans fyrirgangur í þeim.“

Best að vera maður sjálfur

Marta ber mikið traust til þeirra sem feta í fótspor hennar í kennslunni og telur að kennarar samtímans komi betur undirbúnir til leiks heldur en tíðkaðist fyrir fjórum áratugum. „Mér finnst krakkarnir sem

hafa komið úr kennaranáminu flottir og vel undirbúnir. Við hoppuðum bara yfir kennaraborðið, nei, nei, en mér finnst þetta hafa batnað mikið.“

Þegar Marta er spurð að því hvort hún eigi í fórum sínum hollráð til ungra og óreyndra kennara þá finnst henni svarið krefjast inngangs: „Mér finnst mikið ábyrgðarstarf að vera kennari. Mér finnst þetta mikilvægt lífsstarf og er ánægð með að hafa valið mér það. Þó að það sé bara pínulítið sem maður leggur inn hjá hverjum nemanda þá er það mikilvægt.“

Svo heldur hún áfram: „Eitt besta ráðið sem ég fékk þegar ég var að byrja að kenna, ráð sem ég hef miðlað til kennaranema, fékk ég frá Guðmundi Eggertssyni prófessor í líffræði. Hann sagði við mig: „Marta mín, ég veit að það eru allir að gefa þér ráð en ég ætla samt að gefa þér eitt: Vertu þú sjálf því krakkarnir sjá alltaf í gegnum annað.“ Marta segist alltaf hafa haft þetta ráð í huga þegar hún var að glíma við nemendahópana sína. „Þá er maður heill í þessu. Ég man til dæmis illa mannanófn en ég geri alltaf strax grein fyrir því. Ég útskýri fyrir nemendum að þótt ég geti ekki ávarpað þá með nafni fyrr en í lok annar þá þekki ég þá fljótt.“

Það er samt ekki eina ráðið hennar Mörtu að vera maður sjálfur í kennarastarfinu. „Ég myndi líka gefa það ráð að undirbúa sig fyrir kennslustundir eins og maður

sé að kenna námsefnið í fyrsta sinn og reyna að tengja efnið við eitthvað sem nemendur þekkja, en það breytist með breyttum tímum. Í fyrstu gat ég tengt margt við landbúnað eða sjávarútveg en nú heyrir það til undantekninga ef nemendur hafa unnið í fiski eða verið í sveit. Samt þarf maður að vera viðbúinn að breyta skyndilega um kúrs ef eitthvað kemur upp á.

Þótt maður hafi kennt efnið margoft skiptir góður undirbúningur og æfing miklu máli því kennarinn er alltaf á sviði og þarf að ná að vekja áhuga nemenda á námsefninu og virkja þá til náms. Ef það tekst vel er lítil hætta á kulnun í starfi.“

Einkasýning í undirbúningi

Það kemur í ljós að þótt kennslan og kennslugreinin hafi átt hug og hjarta Mörtu gegnum árin þá á hún sannarlega ýmis önnur hugðarefni. „Ég tel mjög mikilvægt fyrir alla, ekki sist kennara, að fást við eitthvert hugðarefni annað en starfið til þess að hreinsa hugann og hlaða batteríin. Ég söng í áratugi í kór en fátt er hollara og meira gefandi en söngur með góðu fólki,“ segir Marta.

Seinni árin hefur myndlistin svo orðið fyrirferðarmeiri í lífi Mörtu. „Fyrir um 10 árum fór ég í myndlistarskóla til að læra teikningu svo ég yrði færari að teikna á töfluna.“ Og það mátti nú nærri geta að upphafið var að Marta vildi auka færni sína í kennslunni. „Þetta varð til þess að ég varð gagntekin af myndlistinni og hélt áfram og endaði í vatnslitamálu. Ég hef sótt ótal námskeið hjá frábærum kennurum og er nýbúin að myndskreyta tvær lestrarbækur fyrir börn sem Sigríður systir mín skrifaði og komu út nú í haust. Í febrúar á næsta ári ætla ég að manna mig upp í að halda mína fyrstu einkasýningu á vatnslitamyndum.“

Marta og eiginmaður hennar eiga svo sumarbústað sem þau smíðuðu sjálf ásamt syni sínum sem bæði er verkfræðingur og húsasmiður. „Þar erum við fjölskyldan mikið að dunda okkur við ýmsar framkvæmdir og viðhald.“ Það er því sannarlega ekkert aðgerðarleysi sem hefur tekið við eftir starfslok hjá Mörtu. „Ég lít ekki á starfslokin sem nein endalok heldur upphaf á nýju æviskeiði þar sem maður getur látið eftir séint að læra.“



LESSKILNINGUR ER LYKILL AÐ LÍFSGÆÐUM

Vera kann að þjálfun í upplestri hafi þá jákvæðu aukaverkun að stuðla að bættum lesskilningi. Baldur Sigurðsson dósent á Menntavísindasviði og fyrsti formaður Radda, samtaka um vandaðan upplestur og framsögn, hefur sérstakan áhuga á þessu. Steinunn Stefánsdóttir kynnti sér málið.

S Stóra upplestrarkeppnin þjónar þýðingarmiklu hlutverki vegna þeirrar þjálfunar sem nemendur fá í upplestri þegar þeir eru að undirbúa keppnina og vegna þeirrar skólunar sem í því felst að lesa upp fyrir stóran hóp af fólki. Það er út af fyrir sig ærinn árangur að nemendurnir séu betri upplesarar og hafi öruggari framkomu að keppninni lokinni en fyrir hana. Annar, og ekki eins augljós, ávinningur við að undirbúa vandaðan upplestur eins og gert er í aðdraganda Stóru upplestrarkeppninnar er hins vegar að svo virðist sem tengsl gætu verið milli lesskilnings og vandaðs upplesturs og hlýtur sú aukatekja að teljast nokkurs um verð. Þessi tengsl hafa átt hug Baldurs Sigurðssonar undanfarin ár og flutti hann meðal annars erindi um málið á málþingi sem haldið var í tilefni 20 ára afmælis Stóru upplestrarkeppninnar í maí síðastliðnum. Yfirskrift erindisins var

Túlkandi upplestur og tengsl við lesskilning. Efnið vakti forvitni Skólavörðunnar og Baldur var því sóttur heim á skrifstofu sinni á Menntavísindasviði Háskóla Íslands við Stakkahlíð nú á haustdögum.

Þegar orkan fer ekki í umskráningu

„Lesskilningur er lykill að lífsgæðum,“ segir Baldur og líklega geta flestir tekið undir það. En hvernig er lesskilningur hjá börnunum sem eru ekki fulllæs heldur þurfa að berjast í gegnum ritmálið til þess að skilja það. Jafnvel eftir að börnin eru orðin læs í venjulegum skilningi ráða þau ekki við að lesa sjálf jafn flókinn texta og þau geta skilið þegar einhver les hann fyrir þau.

„Skilningarvitin hafa miklu meiri tíma og orku til þess að velta hlutunum fyrir sér jafnóðum þegar lesið er fyrir mann, heldur en þegar maður eyðir orku í að lesa og þetta er alþekkt í lestrarfræðunum. Þess vegna er svona mikil áhersla lögð á að koma börnunum yfir

Þann hjalla sem umskráningin er, að breyta bókstöfum ritmálsins í hljóð talmálsins. Lykillhugtökin hér eru hraði, öryggi og sjálfvirkni til að maður lesi ósjálfrátt og hugarorkan fari ekki í þennan tæknilega hluta heldur geti hún beinst að merkingunni, inntakinu. Það skiptir svo miklu máli að hafa hugarorkuna afgangsfyrir merkinguna. Það sama gildir raunar um fullorðna. Svo dæmi sé tekið uppgötvuðum við konan mín hvað það er gaman að hlusta á góðar bókmenntir í upplestri. Við byrjuðum á Góða dátanum Svejk í upplestri Gísla Halldórssonar og höfum fíkrað okkur yfir í fornþekktir. Og þá uppgötvum við þetta sama á okkur sjálfum hvað maður skilur miklu betur þegar lesið er upphátt og hvað góður upplestur skiptir miklu máli fyrir merkinguna. Þótt við teljumst fulllæsar fullorðnar manneskjur þá gefur upplesturinn okkur samt betri skilning – og þá getur maður ímyndað sér hvaða þýðingu hann hefur fyrir börnin.“

Frá umskráningu til merkingar

Lengi vel náði skilgreiningin á læsi eða lesfærni sem nú er yfirleitt nefnt lesfimi bara til hraða og nákvæmni. „Síðan hafa fræðimenn



Baldur Sigurðsson

og kennarar áttað sig á því að þetta er ekki alls kostar nóg. Skilgreining á lesfimi nær núorðið líka til skilningsins, að lesið sé fallega og af skilningi, en ekki með lestóni eins og við ólumst

upp við í skólanum. Allir hafa reynslu af þessum hræðilega lestóni sem er mjög langt frá venjulegu töluðu máli. Lesturinn þarf að vera eins og venjulegt mælt mál.“

Ljóst er að lestur er til litils gagns ef inntak þess sem lesið er kemst ekki til skila. Að sama skapi liggur fyrir að til þess að inntakið komist til skila verður sá sem les að hafa öðlast tæknilega færni í því að umskrá stafina í orð og skilja merkinguna. „Samkvæmt formúlunni í hinu svokallaða einfalda lestrarlíkani sem kennt er hér þá er lesskilningurinn margfeldi af umskráningu og málskilningi eða hlustunarskilningi. Það þýðir að til þess að hafa lesskilning þá þarf að hafa umskráningarfærni og hlustunarskilning. Á fyrstu árum lestrarnámsins er umskráningarferlið algert lykilatriði, að

komast yfir þröskuldinn þannig að lesturinn verði sjálfvirkur. Síðan fer hlustunarskilningurinn, eða það sem við myndum bara kalla málskilning, að skipta meira og meira máli. Hvernig kemur hann til? Hvernig öðlumst við þannig skilning? Jú, við öðlumst hann af umgengni við tungumálið, af því að hlusta og tala, og þeim mun auðugra tungutak sem barn elst upp við þeim mun meiri skilning fær það. Lesturinn hefur líka áhrif, það er að segja bæði að lesið sé fyrir börnin og að þau lesi sjálf, því það er svo mikill orðaforði í bókum. Það skiptir líka máli að talað sé við þau, að þau búi í auðugu málumhverfi. Þannig sprettur skilningurinn smám saman. En það hefur aldrei verið skoðað beinlínis hvort það að lesa upp sé í sjálfu sér framlag til þessa málskilnings.“

Hænan eða eggjö

Baldur bendir á að menn séu sammála um að til að geta lesið fallega upp þá verði skilningur á textanum að vera fyrir hendi, sem sagt að lesskilningur sé í raun forsenda þess að hægt sé að lesa upphátt á vandaðan hátt. Hitt hafi minna verið skoðað, hvort verið geti að það ferli sem á sér stað til undirbúnings vönduðum og fallegum upplestri stuðli beinlínis að betri lesskilningi.

„Þegar ég fór að hugsa um þetta fyrst fyrir nokkrum árum var ég hissa á því að þetta hafði ekkert verið rannsakað en kannski er það einmitt vegna þess hversu erfitt er að rannsaka það. Það er svo erfitt að búa til þær aðstæður að hægt sé að mæla með óyggjandi hætti hvort þjálfun í upplestri skili einhverju inn í lesskilninginn.“

Seinni árin hafa lestrarfræðingar þó verið að þreifa sig aðeins áfram með rannsóknir á þessu sviði. „Og það hefur auðvitað mælt ákveðin fylgni – barn sem hefur góðan lesskilning, það les líka upphátt af skilningi. Það segir hins vegar ekkert um orsök og afleiðingu. Það hefur verið sagt sem svo að skilningurinn hljóti að vera forsenda þess að geta lesið af skilningi en mín þæling er einmitt að snúa þessu við og spyrja hvort það að þjálfva upplestur geti haft áhrif til baka á lesskilninginn.“

Meira en að lesa upp með stæl

Markmið Stóru upplestrarkeppninnar í 7. bekk og Litlu upplestrarkeppninnar í 4. bekk er að auka vægi vandaðs upplestrar í skólalastarfi. „Þegar komið er í 7. bekk eru

Við getum lagt miklu meiri áherslu á skilning, þ.e. að börnum sé kennt frá fyrstu stundu að lesa af skilningi og túlkun.

flestir kennarar löngu hætta að hugsa um lestur sem viðfangsefni,“ segir Baldur og upplesturinn sem þjálfaður er í aðdraganda upplestrarkeppninnar segir hann: „Við köllum þennan lestur útvarpslestur. Þetta er vandaður skýr lestur sem miðlar merkingunni, upplestur sem gæti gengið í útvarpi. Við höfum viljað líta þannig á að þetta sé ekki bara skemmtunin að njóta þess að hlusta á krakkana lesa heldur höfum við líka verið að velta fyrir okkur þeim áhrifum sem upplesturinn gæti hugsanlega haft á lesfærni. Ástæðan fyrir því að við höfum farið að velta þessu fyrir okkur í alvöru er að margir kennarar hafa sagt að þetta bæti svo lestur krakkanna, eða læsi þeirra.

Þessi góðu áhrif á lestur barnanna koma auðvitað fyrst og fremst til vegna starfsins í bekknum þegar verið er að undirbúa keppnina. Samt er ekki alveg ljóst hvað fólk á við með bættum lestri eða læsi. Jú, börnin verða kannski betri í að lesa upp því það er jú það sem þau eru þjálfuð í, en spurningin er hvort þau verða betri í einhverjum öðrum þáttum læsis heldur en bara því að geta lesið upp með svolitlum stæl. Og þá kemur þetta með lesskilninginn inn. Hann snýst ekki bara um orðaforða eða að hafa þekkingu á heiminum og geta dregið ályktanir, sett sig í spor annarra og hugsað rökrétt og allt þetta sem maður þarf til að hafa góðan skilning á umhverfi sínu. Hann snýst líka um að breyta þessari sérkennilegu setningafræði ritmálsins í eitthvað sem hefur merkingu fyrir manni.“

Baldur segir að eftir því sem krakkarnir fari að lesa meiri fullorðinstexta þá verði setningafræðin alltaf erfiðari og flóknari. „Það er hægt að segja sem svo að á sama hátt og það að umskrá stafina í orð verður lykill að því að skilja orðin þá verði þessi túlkandi upplestur, það er að ljá heilu setningunum merkingu, sá hlekkur sem þarf til að tengja merkingu setninganna í ritmálinu við eitthvað sem við getum kallað merkingu

í talmáli. Þegar maður hugsar út í þetta út frá grundvallaratriðum lestrarfræðinnar þá blasir við að þessi tenging þarf að vera fyrir hendi.“

Áhrif upplestrarþjálfunar

Sigurlaug Sævarsdóttir vann í vor meist-araverkefni hjá Baldri þar sem reynt var að komast nær því að svara spurningunni um það hvort vera kunni að þjálfun í vönduðum upplestri geti aukið lesskilning. Hún byggði verkefnið á litilli rannsókn sem hún gerði meðal grunnskólanemenda í 4. bekk á Sauðárkróki.

Um 50 börn tóku þátt í rannsókninni og var þeim skipt í tvennt, rannsóknarhóp og samanburðarhóp. Báðir hópar þreyttu lesskilningspróf fyrir og eftir rannsóknar-tímabilið. Börnin í rannsóknarhópnum voru tekin út úr tíma einu sinni í viku í tólf vikur og fengu svolitla þjálfun í vönduðum upplestri sem fólst í því að þau voru látin lesa upphátt hvert fyrir annað í þriggja til fimm manna hópum, eina mínútu hvert í hvert sinn. Í kjölfar upplestursins ræddu börnin svo saman um vandaðan upplestur og túlkun. Samtals tók þetta inngrip um 10 mínútur í senn. Niðurstaðan úr rannsókn Sigurlaugar var að nemendurnir í rannsókn-arhópnum reyndust hafa bætt lesskilning að tímabilinu loknu en samanburðarhópurinn ekki. Munurinn er ekki tölfræðilega marktækur en gefur engu að síður vísbendingu.

„Þetta var í rauninni eins lítið inngrip og hugsast getur. Nemendurnir reyndust til dæmis lítið eða ekkert hafa undirbúið upplesturinn sem þó var lagt upp með að þeir ættu að gera. Þótt munurinn hafi ekki náð því að vera marktækur vegna þess hve hópurinn var lítill og miklar sveiflur voru milli einstaklinga, þá kom fram ákveðin vísbending um að þetta hefði haft einhver áhrif og í ljósi þess hvað þetta var í rauninni pínulítið inngrip, aðeins einnar mínútu upplestur og um 10 mínútur sem þetta tók í heildina í hverri viku, þá fannst mér ánægju-legt að sjá að þetta var í áttina.“

Baldur nefnir hér einnig rannsókn Young og fleiri frá 1996 sem ber að sama brunni. Rannsóknin var gerð í 5. bekk og var nemendum skipt í fjóra hópa: einn hópurinn átti að hlusta á upplestur, annar að lesa upphátt með fullorðnum upplesara, sá þriðji átti að lesa upphátt án hljómfalli og sá fjórði átti að lesa upphátt með hljómfalli.

Allir hóparnir fóru þrisvar sinnum í gegnum textann sem notaður var til þjálfunar. Textinn sem prófað var úr var ólesinn en tengdist textanum sem þjálfað var í. Á prófinu var mældur leshraði, nákvæmni, tjáning í upplestri og lesskilningur.

„Og þá kom í ljós að þau sem höfðu lesið upphátt með hljómfalli skildu seinni hluta textans betur en hinir þrír hóparnir. Þarna virðist sem sagt hljómfallsþátturinn hafa haft afgerandi þýðingu, það að börnin þurftu sjálf að túlka textann. Það var sem sagt ekki eins áhrifaríkt að hlusta á aðra gera það.“

Úr söngli í taut

Upplestrarþjálfun innan veggja skólans hefur breyst nokkuð í tímans rás og Baldur er í raun hvorki sáttur við þá aðferð sem notuð var áður né hina sem nú tíðkast. „Við sem eldri erum ólumst upp við að lesa upphátt fyrir allan bekkinn, hvert á eftir öðru. Þá skiptust á góðir og slæmir og svo áttu allir að fylgjast með og vera tilbúnir þegar nafn þeirra var nefnt. Þetta var náttúrlega óþolandi því þeir sem voru hraðlæsir voru alltaf komnir langt á undan í lestrinum og vissu svo ekki hvaðan á þá stöð veðrið þegar þeir áttu að lesa og voru skammaðir fyrir það. Þessi aðferð, sem var útbreidd um hinn vestræna heim, var svo lögð af fyrir 20 til 30 árum af því að þetta hafði neikvæð áhrif á lestraráhuga.“

Við ólumst upp við að maður ætti að lesa með þessum lestóni og margir hafa örugglega fengið þá hugmynd að það að lesa upphátt væri einhvers konar merkingarlaust söngli. Kosturinn við þessa aðferð var samt að börnin lásu þó að minnsta kosti hvert fyrir annað en nú kemur nemandinn upp að kennaraborðinu og les sinn bút bara fyrir kennarann. Þetta er ekki upplestur sem kallar á flutning eða túlkun, þvert á móti, þetta er bara taut. Svona lestur þarf að vera í lágum hljóðum til að trufla ekki hina nemendurna. Slikur lestur hefur engin áhrif á þetta sem við erum að tala um og það er sannarlega ekki svona lestur sem við erum að leitast við að ná fram í upplestrarkeppnunum.“

Einhæfum lestóni sagt stríð á hendur

Baldri finnst að lestur með hljómfalli eða tjáningu ætti að fá meiri athygli í

lestrarkennslu. „Ég held að það þurfi að fylgja því mun betur eftir sem gert er í upp-hafi lestrarkennslunnar, í þessum hluta sem snýr að umskráningu, hraða og nákvæmni. Við getum lagt miklu meiri áherslu á skilning, þ.e. að börnum sé kennt frá fyrstu stundu að lesa af skilningi og túlkun. Og við verðum að segja þessum einhæfa lestóni stríð á hendur, en það er ekki nóg.“

Við þurfum að fylgja lestrinum eftir upp allan skólann. Það má segja að lestrarkennslan lypst svolítið niður eftir að lestækninni er náð. Það að lesa fallega og af skilningi og túlkun er eitthvað sem við getum haldið áfram með og ræktað alveg upp úr. Unglingarnir hafa gaman af að lesa upp af innlifun og með túlkun ef þeir fá tækifæri til þess. Börnin vaxa fljótt upp úr því að lesa upphátt fyrir kennarann, en við vöxum aldrei upp úr því að lesa upp – við njótum þess bæði sem flytjendur og áheyrendur meðan við höldum sjón og heyrn.“

Baldur bendir einnig á mikilvægi endurtekningarinnar í lestrarþjálfun og vísar til þess að til dæmis geri allir sem lært hafi á hljóðfæri sér grein fyrir áhrifamætti endurtekningar og æfingar. Hann er þó fyllilega meðvitaður um að erfitt geti verið að virkja áhuga nemenda á því að lesa sama textann aftur og aftur. „Þeim finnst það leiðinlegt og það er skiljanlegt því endurtekningin út af fyrir sig hefur ekki tilgang nema verið sé að æfa fyrir eitthvað sérstakt, einhvern viðburð. Það fer enginn á svið til að lesa án þess að æfa sig, ekki einu sinni vanur leikari.“

Að mati Baldurs ættu þess vegna að vera upplestrarviðburðir á öllum öllum í öllum bekkjum grunnskólans. Það ætti að láta nemendur lesa hvern fyrir annan í smærri hópum og ræða um leið túlkun og flutning eftir því sem þroski þeirra gefur tilefni til. Með því móti myndi skapast eðlilegt umhverfi fyrir nemendur að æfa og endurtaka upplestur á sama textanum með túlkun og hljómfalli, eins og gerist þegar nemendur undirbúa þátttöku sína í Stóru og Litlu upplestrarkeppninni, eða æfa leikrit fyrir skólaskemmtun. Baldur telur því að hægt sé að skapa þau skilyrði í skólastarfinu að æfingar og endurtekningar í upplestri yrðu nemendum bæði til gagns og gleði. „Ég hef í það minnsta ekki fyrir hitt þann krakka sem ekki hefur gaman af því að túlka eða flytja texta ef hann fær að leika.“

VERKEFNI ÞAR SEM ALLIR ERU SIGURVEGARAR

Stóra upplestrarkeppnin fagnar 20 ára afmæli á þessu ári. Mörg þúsund 7. bekkingar hafa tekið þátt í verkefninu sem felur í sér annars vegar markvissa þjálfun í framsögn og upplestri og hins vegar undirbúning fyrir lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar.

Ingibjörg Einarsdóttir, skrifstofustjóri Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, hefur frá upphafi verið í fararbroddi fyrir Stóru upplestrarkeppnina og hefur meðal annars verið sæmd Fálkaorðunni fyrir framlag sitt til eflingar lestrarhæfni grunnskólanema.

Keppnin hefur alla tíð verið samvinnuverkefni áhugafólks um íslenskt mál og skólaskrifstofanna. Allt byrjaði þetta í Hafnarfirði árið 1996 en þá fluttist grunnskólinn frá ríkinu til sveitarfélaganna og Ingibjörg hóf störf á skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, eftir að hafa verið móðurmálskennari í 20 ár.

Ingibjörg segist ekki hafa verið ein í að koma keppninni af stað. Þeir Baldur Sigurðsson og Þórður Helgason, sem báðir kenndu íslensku við Kennaraháskóla Íslands, komu að máli við Ingibjörgu en Baldur hafði þá heyrt af upplestrarkeppni barna í Slóvakíu og var á þeirri skoðun að hugmyndin væri góð.

„Við höfum því leikinn og buðum kennurum að sækja námskeið til undirbúnings. Okkur þótti við hæfi að setja verkefnið formlega af stað á Degi íslenskrar tungu, 16. nóvember 1996, og voru 200 nemendur skráðir til leiks í fimm skólum í Hafnarfirði og á Álftanesi,“ segir Ingibjörg og bætir við að strax í upphafi hafi verið ákveðið að skipta verkefninu í annars vegar rættunarhluta og hins vegar hátíðarhluta.

Fyrsta upplestrarhátíðin var svo haldin í Hafnarborg 3. mars 1997 og lásu tíu nemendur ljóð og texta eftir Jónas Hallgrímsson. Þar mætti menntamálaráðherra og varð að sögn Ingibjargar „svo skotinn“ í hátíðinni að hann veitti þegar í stað 300 þúsund króna styrk svo þróa mætti verkefnið áfram.



Ingibjörg Einarsdóttir ávarpar gesti á Stóru upplestrarkeppninni árið 2008.

Ingibjörg segir nákvæma skráningu á öllum þeim athugasemdum og tillögum sem komu frá kennurum fyrsta árið hafa orðið til þess að strax varð til handbók sem kennarar geta nýtt við skipulag fyrir keppnina; þar er t.d. að finna upplýsingar um hvað þarf að gera í hverjum mánuði, leiðbeiningar um kennslu í framsögn og svo framvegis.

Síðan þetta var hefur Stóra upplestrarkeppnin vaxið og dafnað og þátttakendur í hópi 7. bekkinga sem hafa tekið þátt skipta þúsundum. Ingibjörg er að vonum ánægð þegar hún lítur til baka. „Ég held ég geti sagt að öllum þyki vænt um Stóru upplestrarkeppnina og minnst hennar með hlýju brosi. Hún hefur fengið nafnið Vorboðinn, en eins og við vitum hlýjar okkur fátt meira en vorkoman.“

Frá árinu 2004 hefur verkefnið verið rekið af Röddum, samtökum um vandaðan upplestur og framsögn. Að kröfu ráðuneytis menntamála var stofnað félag um verkefnið og kannski ekki að undra þar sem Stóra upplestrarkeppnin er stærsta þróunarverkefni sem unnið hefur verið innan grunnskólans. Á stofnfund Radda mættu fulltrúar frá Kennaraháskólanum, Íslenskri málnefnd, Samtökum móðurmálskennara, Rithöfundasambandi Íslands og Kennarasambandinu.

Mikilvægur þáttur í velgengni Stóru upplestrarkeppninnar er að mati Ingibjargar sú staðreynd að verkefnið er unnið á landsvísi þar sem allir sitja við sama borð. „Það er bæði athyglisvert og ánægjulegt að heill árgangur í grunnskóla skuli ár hvert verja stórum hluta vetrarins í að æfa upplestur og stíga síðan á svið og lesa af listfengi fyrir áhugasama áheyrndur um land allt,“ segir Ingibjörg.

Markmið Stóru upplestrarkeppninnar eru þrjú: að vekja athygli á vönduðum upplestri og framburði, að kennarar leggi rækt við þennan þátt móðurmálsins og að fá alla nemendur til að lesa upp, sjálfum sér og öðrum til ánægju. „Við heyrðum oft fyrstu árin að þetta væri nú verkefni sem væri bara fyrir sterkustu nemendurna og hinir kæmu ekki fram. Það kom fljótt á daginn að svo var ekki því nemendur sem höfðu átt í erfiðleikum með að lesa blómstruðu ekki síður á sviðinu. Ástæðan fyrir því er sú að við höfum alltaf lagt áherslu á undirbúinn flutning og ef nemandi fær nógan tíma til að æfa sig og ekkert kemur upp á þá gengur allt vel.“

Hægt er að kynna sér Stóru upplestrarkeppnina og Raddir á vefslóðinni www.upplestur.hafnarfjordur.is.



NÆGUR TÍMI FYRIR HVERN NEMANDA



Jóna Björg Sveinsdóttir leikskólakennari segir samkenndukennara þurfa að vera mjög útsjónarsama svo allir séu virkir í kennslustundinni.

Fyrir einu og hálfu ári voru nemendur í Grunnskóla Borgarfjarðar eystra sextán talsins. Í dag eru þeir fjórir.

Nemendum við grunnskólann á Borgarfirði eystra hefur fækkað hratt að undanförunu. Þeir voru sextán á vorönn 2015, nú í haust voru þeir orðnir sex og þegar fjölskylda í bænum tók sig svo upp og flutti í lok september fækkaði þeim enn meira, eða niður í fjóra. Nemendurnir í vinalega timburhúsinu í hjarta Borgarfjarðar eystra eru reyndar fleiri, því grunn- og leikskóli bæjarins eru reknir saman. Útsendari Skólavörðunnar hitti á dögnum skólastjórann, grunnskólakennarann og leikskólakennarann á Borgarfirði til að ræða um stöðuna og skólastarfið. En fyrst var spurt hvaða áhrif þessi mikla fækkun í grunnskólanum hefði á nemendur og starfsfólk skólans.

„Þetta er sérstaklega erfitt fyrir eldri nemendurna sem hafa þurft að kveðja hvern vin sinn á fætur öðrum,“ segir skólastjórinn, María Ásmundsdóttir Shanko.

„Í aðdraganda brottflutnings nemendanna mánaðamótin september og október varð stemningin heldur lágstemmd, sérstaklega hjá drengjunum. Þá kom í ljós að þeir voru að endurupplifa missinn sem reyndist okkur öllum erfitt. En síðan hefur þetta jafnað sig enda eru allir staðráðnir í að láta starfið og kennsluna ganga sem best.“ María segir engan bilbug að finna á sveitarfélaginu, eða samfélaginu öllu. Allir átti sig á hversu mikilvægt það sé að halda úti öflugu skólastarfi.

Ókeypis skóli

„Nú er boðið upp á frían grunn- og leikskóla, ekki þarf að greiða fyrir mat og útvegar skólinn öll námsgögn. Því til viðbótar er tónlistarskólinn gjaldfrjál, en bæði leik- og grunnskólabörn fá tónlistarkennslu á skólatíma. Samfélagið í heild stendur mjög þétt að baki skólanum. Við njótum góðs af því að skólinn á sérstaka velunnara. Þetta eru t.d. bændur sem gefa okkur kjöt og sjómenn sem gefa fisk. En við tengjumst líka samfélaginu á annan hátt. Hér í skólanum verður bráðlega haldin félagsvist og þá koma bæjarbúar og fólk í sveitinni til að taka þátt. Þegar er haldin jólagleði í skólanum þá taka allir sem geta þátt, þannig að skólinn er að



María Ásmundsdóttir Shanko skólastjóri segir samfélagið allt standa að baki skólanum.

vissu leyti félagsheimili fyrir samfélagið hér í kring,“ segir María.

Krefjandi kennsluhættir

Grunnskólakennarinn við Grunnskóla Borgarfjarðar eystra heitir Hólmfríður Jóhanna Lúdvíksdóttir. Hún segir að fækkun nemenda hafi haft bein áhrif á hennar starf. „Í kennaranáminu valdi ég enskukennslu sem kjörsvið ásamt kennslufræði unglíngastígs, og hef ég kennt á unglíngastíginu meira og minna fram að þessu. Síðasta vor útskrifuðum við þrjá 10. bekkina og þar með var unglíngadeildin farin, því elsti nemandinn í skólanum í dag er í 6. bekk. Þetta er því mikil áherslubreyting og áskorun fyrir mig sem kennara. Sem dæmi þá erum við í dag með fjóra nemendur í fjórum bekkjum. Samkennt er í öllum námsgreinum og það krefst töluverðrar útsjónarsemi að láta þetta ganga upp. Ég er að prófa mig áfram í þemakennslu og það hefur gengið ágætlega fram að þessu. Í þemanámi gefst nemendum tækifæri til að fjalla um afmarkað efni, þvert á aldur og færni. Mitt hlutverk er að stýra vinnunni þannig að hver og einn fái viðfangsefni við hæfi,“ segir Hólmfríður.

Í sama streng tekur leikskólakennarinn Jóna Björg Sveinsdóttir, sem auk þess að leiða starfið á leikskólanum hefur lengi kennt á grunnskólastíginu. „Þú ert kannski með nokkrar stærðfræðibækur í gangi í sömu kennslustundinni því í samkenntu er þremur til fjórum árgöngum kennt saman og svo ertu með einhverja nemendur sem fylgja ekki því grunnefni sem lagt er upp

með að hausti. Þetta krefst þess að maður sé á tánum og sé með verkefni við hæfi. Hugsunin er alltaf sú að allir, frá þeim getuminnsta í hópnum upp í þann getumesta, fái eitthvað út úr verkefnum.“

Fátt í kennaranáminu undirbýr kennara fyrir slíka kennslu. „Þannig að ég hef verið að víða að mér þekkingu varðandi samkenntu í gegnum netið,“ segir Hólmfríður. „Ég geri mitt besta við að finna leiðir sem styðja við samkenntuna. Samkenntu-kennarinn þarf að vera mjög skipulagður til að allir nemendur séu virkir í tímum. Það er því mikill misskilningur að það að vera með fá börn sé óskaplega lítil vinna og það sé ekkert að gera hjá okkur. Þetta er bara allt annað form.“

Strax tekið á málunum

„Það er mikil umhyggja borin fyrir nemandanum hér,“ heldur Hólmfríður áfram. „Það er séð til þess að nemendur fái námsefni eftir þörfum, hvort sem þeir eru bráðgerir eða eiga í erfiðleikum. Fámennið og nálægðin gerir okkur kleift að grípa strax inn í og taka á málunum ef eitthvað kemur upp á, sem ég get ímyndað mér að sé mjög erfitt að gera í stærri skólum með fjölmönnum bekkjum. Það hlýtur að valda miklu álagi á kennara í þess háttar skólaumhverfi.“

María skólastjóri tekur í sama streng. „Sem umsjónarkennari í tuttugu nemenda bekk í Reykjavík fór ég oft heim með hálf-gert samviskubit. Þar komu iðulega upp mál sem ég hafði ekki tíma til að vinna úr og svo byrjaði nýr dagur með ný verkefni og mikilli

„Fámennið og nálægðin gerir okkur kleift að grípa strax inn í og taka á málunum ef eitthvað kemur upp á.“

keyrslu. Hérna er það þannig að ef einhver mál koma upp, t.d. agamál, þá er tekið á þeim strax og þau afgreidd.“

Vinna vel saman

Aðspurð um vinnustaðinn og hvernig kennurum takist að vinna saman milli skólástiga eru þær stöllur sammála. „Við höfum náð að nýta hæfileika og þekkingu kennarahópsins mjög vel,“ segir Hólmfríður. „Ég er mikil tungumálamanneskja og hef séð um tungumálakennsluna og íslenskuna. Jóna Björg hefur kennt stærðfræði í mörg ár samhliða leikskólakennslunni. Fyrir utan háskólamenntunina er María skólastjóri menntuð í dansi, jóga og pílates, þannig að hún tekur að sér íþróttakennsluna. Skólaliðanum okkar, Jóhönnu Óladóttur, er ýmislegt til lista lagt og gengur hún í ýmis störf sem til falla. Hún er einnig matráður og nemendur og starfsfólk njóta góðs af hæfileikum hennar við að galdra



Hólmfríður Jóhanna Lúðvíksdóttir grunnskólakennari með tveimur nemendum.

fram ljúffengan og hollan heimilismat. Það er leitun að öðrum eins skólamatráði. Við náum semsagt að nýta styrkleika hvers og eins í starfsmannahópnum.“

Jóna Björg segir að það hafi verið áskorun að aðlaga skólastigin hvort öðru og í fyrsta skipti í vetur kenni allir á báðum skólastigunum. Þannig nýtist mannaflinn sem best og allir nemendur fá að njóta hæfileika hvers kennara. Kjarasamningar geti stundum sett strik í reikninginn en með góðum vilja sé leyst úr því þannig að allir séu sáttir. „Við erum alltaf að reyna að láta okkur detta í hug verkefni sem við getum

unnið saman. Við erum til dæmis með tíma þar sem grunnskólabörn lesa fyrir leikskólabörnin. Þetta gera líka sex ára börnin sem kannski eru lítið sem ekkert farin að lesa, en þá velja þau sér bara bækur við hæfi og segja sögur út frá myndum. Leikskólabörnin eru alveg sátt enda ætlast þau ekki til þess að lesturinn sé lýtalaus. Sama má segja um uppsetningu á árs hátíð, litlu jól o.s.frv. Þá hafa nemendur allt niður í 4 ára tekið þátt í dagskránni við hliðina á nemendum í grunnskólanum. Dæmin eru fleiri, þannig að það er margt sem er hægt að gera. Maður þarf bara að láta sér detta það í hug.“




Grunn- og leikskóli Borgarfjarðar eystri eru reknir saman í vinalagu timburhúsi í hjarta bæjarins.

HVERS VEGNA ER KENNARA- NEMUM AÐ FÆKKA?

Kennarar gegna gríðarlega mikilvægu hlutverki, en nám og menntun barna og ungmenna hefur gríðarlega mikið gildi fyrir samfélagið og þróun þess. Það er því mikilvægt að hafa menntaða kennara í skólum landsins. Eins og fram hefur komið í umræðu síðustu daga stöndum við frammi fyrir alvarlegri stöðu í menntakerfinu. Það er mannekla í leikskólum og yfirvofandi kennaraskortur, en allt bendir til þess að kennurum muni fækka til muna í skólum landsins á næstu árum og áratugum.

Hvers vegna vill ungt fólk ekki fara í kennaranám? Ég tel að umræðan í samfélaginu spili stóran þátt í því. Sjálf lendi ég oft í því að þurfa að svara því hvers vegna ég sé að leggja á mig fimm ára nám fyrir léleg laun. Auk þess hafa ýmsir aðilar bent mér á það að ég geti nú vel orðið eitthvað stærra og meira en kennari. Það sem kom mér hvað mest á óvart voru þó viðbrögð sem ég fékk frá starfandi grunnskólakennurum sem fannst ég nú geta gert betur. Í gegnum tíðina hef ég haft marga frábæra kennara sem ættu að vera stoltir af starfinu sínu en raunin er sú að ég hef alltaf orðið vör við neikvætt umtal kennara til stéttarinnar, bæði í grunn- og framhaldsskóla.



Sólveig María Árnadóttir
formaður
Nemendafélags
kennaranema við
HA.



„Nauðsynlegt er að gera viðhorf samfélagsins til stéttarinnar jákvæðara og fyrsta skrefið þar tel ég vera að kennarar og kennaranemar líti í eigin barm og velti fyrir sér hvert viðhorf þeirra sé til starfsins og hvernig þeir tali um stéttina,“ skrifar Sólveig.

Það er mikilvægt að bregðast við vandamálinu sem blasir við okkur og velta því fyrir sér hvernig við getum aukið aðsókn í kennaranámið. Á meðan umræðan er eins neikvæð og raunber vitni mun kennaranemum halda áfram að fækka því það er fátt sem hvetur ungt fólk til þess

að fara í kennaranám. Nauðsynlegt er að gera viðhorf samfélagsins til stéttarinnar jákvæðara og fyrsta skrefið þar tel ég vera að kennarar og kennaranemar líti í eigin barm og velti því fyrir sér hvert þeirra viðhorf sé til starfsins og hvernig þeir tali um stéttina. Hættum að tala niður til okkar, verum stolt af starfinu og svörum neikvæðu umtali á uppbyggilegan og jákvæðan hátt.

„Svefnpokagisting
fyrir skólahópa“



www.arhostel.is
arhostel@arhostel.is
s. 854-4510 / 894-2910

KYNJAFRÆÐI KVEIKIR LJÓS

Á kynjafræði að vera skyldufag í framhaldsskólum? Nemandi í Borgarholtsskóla spurði sig þessarar spurningar og gerði í kjölfarið ítarlega könnun á viðhorfi skólafélaganna. Niðurstöðurnar eru afgerandi. Tíðindamaður Skólavörðunnar heimsótti Borgarholtsskóla og spjallaði við nemanda og kennara.



Thea Imani Sturludóttir, nemandi í Borgarholtsskóla, og Hanna Björg Vilhjálmsdóttir, framhaldsskólakennari í Borgarholtsskóla. Thea gerði áhugaverða könnun á hug nemenda til kynjafræði og hvort sú námsgrein eigi að vera skyldugrein innan skólans.

K „Kynjafræði er fag sem á að kenna í öllum framhaldsskólum landsins“. Þetta er einörð skoðun Theu Imani Sturludóttur, nemanda í Borgarholtsskóla, en hún lauk áfanganum Kynjafræði 103 í fyrra. Kynjafræðikennarinn, Hanna Björg Vilhjálmsdóttir, er að sjálfsgöðu á sömu skoðun. Blandaður Skólavörðunnar hitti þær Theu og Hönnu Björgu yfir rjúkandi kaffibolla í Borgarholtsskóla snemma morguns í september. Megintilgangur heimsóknarinnar var að fræðast um kynjafræðinámið og ekki síður um metnaðarfulla og áhugaverða könnun sem Thea gerði í áfanganum.

Thea kannaði viðhorf nemenda í Borgarholtsskóla til jafnréttismála og kennslu í kynjafræði 103. Ekki var ráðist á garðinn þar sem hann var lægstur heldur var könnun lögð fyrir alla nemendur skólans og bærust svör frá 292 nemendum á nánast öllum brautum. Thea segir verkefnið hafa verið viðamikil en um leið spennandi í vinnslu. „Það er gaman að segja frá því að verkefni Theu er algjörlega sjálfsprottið, þetta er hennar hugmynd sem hún skipulagði og vann úr með glæsibrag. Niðurstöðurnar eru líka mjög áhugaverðar,“ segir Hanna Björg.

Í könnun Theu voru nemendur inntir álits á margvíslegum þáttum er snúa að ungu fólki, svo sem femínisma, kynferðislegri áreitni og ofbeldi, klámi og vændi, og að síðustu var spurt um kynjafræðiáfangann sjálfan, gagnsemi hans og hvort hann ætti að vera skyldufag í skólanum.

Niðurstöður þessar síðustu spurningar eru afgerandi en 82 prósent þeirra sem hafa lokið áfanganum telja að hann eigi að vera skylduáfangi. Ef nemendur sem hafa ekki lokið áfanganum eru teknir með þá telja rúm 36 prósent að kynjafræði eigi heima í flokki skyldufaga, sami fjöldi hefur ekki myndað sér skoðun og 27 prósent telja svo ekki vera.

„Það var líka athyglisvert að sjá að meirihluti nemenda telur kynjafræði geta breytt viðhorfum nemenda í jafnréttismálum, eða 56,1 prósent. Rúm 10 prósent töldu svo ekki vera og þriðjungur svaraði hvorki né.“

Gagnrýnin hugsun í stað niðurrifs

Kynjafræðin á sér nokkra sögu í Borgarholtsskóla en hún hefur verið valáfangi í skólanum frá árinu 2007. Hanna Björg hefur kennt áfangann frá byrjun og á sama tíma hefur hún setið í jafnréttisnefnd KÍ þar sem efling kynja- og jafnréttiskennslu er eitt af af stóru verkefnum.

Hanna Björg var fyrst til að kenna kynjafræði í

Líkami allra sé frjáls

Minn líkami, mín réttindi eru einkunnarorð lokaverkefnis þeirra Signýjar Guðmundsdóttur og Þórhildar Völu Kjartansdóttur í kynjafræði í Borgarholtsskóla. Signý og Þórhildur sitja sjálfar fyrir á myndinni en kveikjan er að þeirra sögn, fengin úr herferð Amnesty International um kyn- og frjósemisréttindi.

Þórhildur Vala segir skilaboð myndarinnar klárlega mega tengja við margt sem þær lærðu í kynjafræðinni. Krafan er að þeirra sögn að líkami allra sé frjáls, brjóst séu ekki kynfæri og konur ættu að geta berað sig án þess að allt fari á hvolf. Signý og Þórhildur vilja með þessu vekja fólk til umhugsunar um feðraveldið og kynjaskekkjuna sem er svo víða að finna í okkar samfélagi.



framhaldsskóla og hún segir áfangann hafa tekið heilmiklum breytingum frá því í upphafi. „Ég byrjaði á núlli ef svo má segja og námskeiðið hefur þróast ár frá ári. Til dæmis hefur hinsegin fræðsla bæst við og kennslan hefur dýpkað. Eitt af því sem er svo skemmtilegt við þetta er að það gerist yfirleitt eitthvað á hverri önn sem setur nýjan tón og hefur áhrif,“ segir Hanna Björg.

Meginmarkmið kynjafræðinnar er að vekja nemendur til vitundar um hvaða máli kyn skiptir. „Málið er að þau skilji sjálf sig út frá þeim forsendum sem kynið er. Við hugsum um öll kyn – það er allt opið í þeim efnum. Þau þurfa að sjá og skilja að það er samfélagið sem er skakkt en ekki þau sjálf. Í þessu tilliti má nefna útlitskröfur sem stelpur búa við. Markmiðið er að þær hætti að rífa sig niður af því þær standist ekki kröfur, heldur standi upp og gagnrýni kröfurnar,“ segir Hanna Björg og bætir við: „Nemendur læra að horfa öðruvísi á samfélagið, kröfurnar sem eru gerðar og ríkjandi menningu.“

Hér stoppar Thea kennarann sinn og segir þetta mikilvægan punkt. „Það er eins og það kvikni ljós hjá mörgum. Við skoðuðum margar auglýsingar og hvernig þær hafa haft áhrif á okkur. Ég fann til dæmis auglýsingu frá fatabúðinni American Apparel þar sem var mynd af karli í fötum en konan sem var með honum á myndinni var næstum nakin. Þarna var verið að auglýsa föt og óskiljanlegt af hverju konan var ekki í fötum. Við fundum mörg svipuð dæmi og því miður eru konur alltof oft hlutgerðar í auglýsingum,“ segir Thea. Hún segir námskeiðið hafa verið mikla vitundarvakningu, ekki bara fyrir sig heldur líka skólafélagana.

„Við vinkonurnar tölum mikið um jafnrétti og hvernig kynin birtast til dæmis í fjölmiðlum, á netinu og í bíó.“

Hanna segir að með þessu fái krakkarnir nokkurs konar síu og þau láti ekki allt yfir sig ganga. En er munur á strákum og stelpum sem sækja kynjafræðitímana? „Ég get ekki annað sagt en að það sé munur og það kemur auðvitað fyrir að strákar fari í vörn. Það er kannski ekki svo óeðlilegt og það er því svolítið vandasamt að kenna fagið þannig að strákarnir upplifi sig ekki sem vonda karlinn sem ber ábyrgð á öllu,“ segir Hanna.

Strákar hafa oft tilfinningu fyrir forréttindum og Hanna segir að auðvitað sé best að kynin vinni saman úr þessum málum. „Jú, það er mikilvægt að skapa umræðuna í öruggu rými, halda henni upplýstri og stýra henni þannig að málefnið fari ekki út í buskann. Það fá allir að segja sína skoðun á umræðuefni kennslustundarinnar og ég hvet þau til að vera sjálfstæð og gagnrýnin um leið og þau skoða heiminn með kynjagleraugum,“ segir Hanna.

Kynjafræðin þarf að verða hluti kennaranáms

Kynjafræði er skyldufag í fjórum framhaldsskólum; Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Menntaskóla Borgarfjarðar og Menntaskólanum á Laugarvatni. Ýmist er um skylduáfanga fyrir alla nemendur að ræða eða stóran hluta þeirra.

Eins og viðhorf nemendanna í Borgarholtsskóla sýna svart á hvítu er sögn Hönnu Bjargar brýnt að koma kynjafræðinni

Það þarf kerfislæga jafnréttisfræðslu frá vöggu og í gegnum alla skólagönguna.

inn í alla framhaldsskóla. „Þetta er stórt mál og auðvitað þarf kynjafræðin að vera í öllum skólum, en það þarf að byrja fyrr með jafnréttisfræðsluna og sem betur fer eru margir grunnskólar farnir að taka við sér. Það hefur líka sést á námskeiðum sem jafnréttisnefndin hefur efnt til fyrir grunnskólakennara, þau hafa verið gríðarlega vinsæl,“ segir Hanna Björg.

Hún segir jafnréttisnefndina ætla að halda áfram af fullum krafti að hvetja kennara og stjórnendur í grunn- og framhaldsskólum til að gefa þessu gaum. „Við munum halda áfram að djöflast og stóra málið er auðvitað að koma kynjafræðinni inn í kennaranámið. Það er ekki hægt að krefjast þess að skólar taki upp kynja- og jafnréttisfræðslu ef kennararnir hafa ekki hlotið þjálfun í faginu. Það er ánægjuefni að kennaradeildin í HA er komin af stað með þetta, en við eigum enn töluvert í land með að gera þetta að hluta kennaranámsins.“

Hanna Björg segir að ef vel eigi að vera þurfi allir kennarar að vera „kynjafræðikennarar“. „Ég hef til dæmis lengi haft áhyggjur af sögukennslunni þar sem stelpur mega sitja undir því alla skólagönguna að læra bara um karla. Það þarf kerfislæga jafnréttisfræðslu frá vöggu og í gegnum alla skólagönguna, annars verður raunverulegu jafnrétti ekki náð,“ segir Hanna Björg.

KOM VERKUM ÍSLENSKRA TÓNSKÁLDA TIL HOLLANDS

Pórarinn Stefánsson er píanóleikari og kennir bæði við Tónlistarskólann á Akureyri og Tónlistarskóla Eyjafjarðar. Á þessu hausti munu koma út eftir hann hvorki meira né minna en sex bækur, með eigin útsetningum og annarra, sem henta píanónefum á mismunandi námsstigum. Steinunn Stefánsdóttir kynnti sér þessa merkilegu útgáfu.

Þegar eru komnar út þrjár af þessum bókum: „Þetta eru bækur fyrir nemendur í grunn-, mið- og framhaldsnámi og eru verkin valin með hliðsjón af því. Í bókunum er að finna útsetningar íslenskra tónskálda á íslenskum þjóðlögum. Elstu verkin eru eftir Sveinbjörn Sveinbjörnsson, fyrsta tónskáld Íslendinga, en þau nýjustu eru frá öðrum áratug 21. aldar. Því má segja að í hverri bókanna þriggja sé að finna íslenska tónlistarsögu í hnotskurn, sérstaklega ef innihald verkanna, þ.e. þjóðlög sjálf, eru tekin með í reikninginn. Mörg verkanna hafa ekki áður birst á prenti,“ segir Þórarinn um þessa nýjustu afurð sína.

Viðmið á prófum í Hollandi

Bækurnar komu út nú í lok október og styrkti KÍ útgáfuna. Tímasetning útgáfunnar miðaðist við árlega ráðstefnu Evrópusambands píanó kennara, EPTA, sem í ár var haldin í Hörpu. „Markmiðið með þessari tímasetningu var að kynna íslenska tónlist fyrir kollegum mínum í Evrópu og reyndar líka í Bandaríkjunum, en nokkrir ráðstefnugestir komu þaðan. Til að ná þessu markmiði eru bækurnar líka að hluta á ensku, þ.e. upplýsingar um tónskáldin, titlar laganna og nokkrar línur um innihald kvæðatextanna.“

Á ráðstefnunni í Hörpu rak fulltrúi EPTA í Hollandi augun í bækurnar og tók nokkur eintök með sér heim með það fyrir augum að bæta verkum úr bókunum á lista sem hollenskir píanó kennarar nota sem viðmið í prófverkefnum nemenda. Valin verk úr bókunum verða þannig aðgengileg kennurum og nemendum sem prófverkefni



Þórarinn segir mikilvægt að kynna íslensk tónverk fyrir píanónefum og því miður vilji það oft verða svo að þau verði útundan og víki fyrir vinsælum dægurlögum og verkum gömlum meistaranna.



á mismunandi getustigum. Þórarinn segir að það hafi óneitanlega glatt hann að finna þennan áhuga á bókunum og það hvetji hann til áframhaldandi útgáfu: „Maður fyllist ákveðnu stolti að vita af verkum þessara íslensku tónskálda á lista yfir tónverk sem píanó kennarar í Hollandi leita í og hafa sem viðmið varðandi prófverkefni nemenda sinna. Ætli ég muni ekki í framhaldinu koma bókunum á framfæri við sambærilegar stofnanir, til dæmis í Bretlandi.“

Ísland farsælda frón í fjórtán útsetningum

Tildrögin að útgáfu þessara nýju bóka Þórarins má rekja allt aftur til ársins 2007. „Þá var ég svo lánsamur að hljóta listamannalaun, meðal annars til þess að vinna að útgáfu á geisladiski með íslenskrum píanótónlist sem tengist þjóðlögum. Athuganir mínar á birtingarmynd þjóðararfsins í píanótónlist þróuðust þannig að á árinu 2014 kom út bókin Ísland, farsælda

frón sem inniheldur fjórtán mismunandi útsetningar á þessu þekktu lagi sem texti Jónasar Hallgrímssonar er gjarnan sunginn við. Á sama tíma kom svo út geisladiskur þar sem ég leik þessar útsetningar, auk annarra þjóðlaga," segir Þórarinn.

Þórarinn lauk kennara- og einleikara-prófi í píanóleik frá Tónlistarskólanum í Reykjavík vorið 1987 en þar nam hann undir handleiðslu Halldórs Haraldssonar. Hann stundaði framhaldsnám í Hannover í Þýskalandi. Að loknu námi bjó Þórarinn og starfaði við kennslu og píanóleik í rúman áratug í Þýskalandi og Danmörku en kom heim árið 2001, flutti beint í heimahagana á Akureyri og hóf störf við Tónlistarskólann þar og ári síðar við Tónlistarskóla Eyjafjarðar.

Vill nota þjóðararfinn með fjölbreyttum hætti

Um ástríðu sína fyrir því að gera íslenska tónlist aðgengilega fyrir píanónema og píanóleikara segir Þórarinn: „Fyrir réttum

tíu árum fékk ég þá hugmynd að kanna birtingarmynd íslenskrar þjóðmenningar og þjóðlaga í píanótónlist og listamannalaunin sem ég fékk árið 2007 voru meðal annars til að sinna þessu verkefni. Ég er enn að garfa í þessu, halda tónleika, gefa út bækur, halda fyrirlestra um efnið og hvetja til nýsköpunar," segir Þórarinn.

„Mörg verk hafa verið skrifuð fyrir mig eða að mínu frumkvæði á síðustu árum og vonandi heldur það áfram. Eina leiðin til að halda lífi í þjóðararfinum er að nota hann með fjölbreyttum hætti. Ég held að það sé mjög mikilvægt að styrkja innviði þjóðlegrar þekkingar og meðvitundar nú á tímum alþjóðahyggju. Þegar ég segi þetta þá á ég við að til þess að vera betur í stakk búin til að taka virkan þátt í að bregðast við þeim samfélagslegu vandamálum sem við okkur blasa víða um heim, þurfum við sjálf að búa yfir sterkri sjálfsvitund. Útgáfa bókanna hefur ekki síður tilgang í þessu samhengi.“

Þórarinn finnst skipta miklu máli að

kynna íslensk tónverk fyrir píanónemendum. „Nemendurnir fást við ýmis ólík verkefni á námsferlinum. Því miður vill það oft verða þannig að íslensk tónlist verði útundan og víki fyrir vinsælum dægurlögum eða hefðbundnum verkum gömlu meistaranna sem allir þurfa að hafa spilað. Þarna er ekki endilega um að ræða áhugaleysi heldur frekar skort á aðgengi að verkum. Útgáfa bókanna er lítið skref í átt til þess að auka þetta aðgengi.“

Þórarinn er því hvergi nærri hættur að gefa út píanóútsetningar. Nú um miðjan nóvember koma frá honum þrjár bækur í viðbót. „Í bókunum eru umritanir og útsetningar á jólalögum eftir sjálfan mig, fyrir byrjendur í píanóleik sem og lengra komna.“

Þá vinnur hann að heildarútgáfu á píanóverkum Sveinbjörns Sveinbjörnssonar sem áætlað er að komi út á geisladiskum og nótum á næsta ári. Verkefni þessa ötula tónlistarmanns og kennara eru því óþrjótandi.

ULL ER GULL FYRIR KÁTA KRAKKA

Nýjar
vörur



100% MERINO ULL
5.690 KR



100% MERINO ULL
5.690 KR



100% MERINO ULL
5.690 KR



100% MERINO ULL
4.490 KR



100% MERINO ULL
4.490 KR



100% MERINO ULL
4.490 KR



Safa



Ullarkistan
WWW.ULLARKISTAN.IS

LAUGAVEGI 25
REYKJAVÍK

GLERÁRTORGI
AKUREYRI



FARARSNID

Menningar- og mannlífsferðir

Fararsnið sérhæfir sig í ferðum á:

- Education Show
í Birmingham,
16. - 18. mars 2017
- Fyrirlestra- og
skólaheimsóknir
um Evrópu



Fararsnið ehf.
Lundi 17,
200 Kópavogi

S. 696 6616
jonkarl@fararsnid.is
www.fararsnid.is



Viljum við samfélag án kennara? Að því var spurt á opnum fundi Menntavísindasviðs HÍ þriðjudaginn 4. október sl. Þar sátu fulltrúar allra framboða í nýf-stöðnum Alþingskosningum fyrir svörum. Fundarstjóri var sjónvarpsmaðurinn Helgi Seljan.

LJÓSMYND: KRISTINN INGVARSSON

ÞARF AÐ SETJA KENNARA Á VÁLISTA?

Verði ekkert að gert mun alvarlegur kennaraskortur blasa við hér á landi innan fárra ára. Lítið er rætt um vandann þó öll framboð til Alþingis segist hafa áhyggjur af stöðunni.

F

Frá því að ég hóf störf hjá Kennarasambandi Íslands fyrir rúmum þremur árum hef ég aldrei hitt manneskju sem ekki telur kennarastarfið mikilvægt. Raunar hef ég aldrei á þeim fjórútu og fjórum árum sem ég hef lifað hitt nokkurn sem telur það léttvægt. Kennarastarfið er eitt af lykilstörfum samfélagsins. Svo einfalt er það. En menn fara ekkert sérstaklega hátt með þessa skoðun sína. Í algerrri vissu um að kennarar og menntakerfið verði einhvern veginn alltaf til staðar virðast menn hafa afar takmarkaða



Aðalbjörn Sigurðsson
útgáfu- og kynningarstjóri KÍ

þörf á að ræða málin. Þetta reddast... örugglega... er það ekki annars?

Hafa fáir áhuga á menntamálum?

Málefni kennara og menntun almennt er einkennilega lítið áberandi í opinberri umræðu. Í könnun sem fyrirtækið Maskína vann fyrir RÚV í aðdraganda Alþingiskosninganna 29. október sögðu til að mynda aðeins 5% að menntamál væru sá málaflokkur sem helst þyrfti að ræða í kosningabaráttunni. Sama hlutfall nefndi Reykjavíkurlflugvöll, sem þýðir að Reykjavíkurlflugvöllur og menntamál

eru jafn mikilvæg umfjöllunarefni stjórn-
málanna í dag að mati kjósenda – eins
galið og það er. Á sama tíma safnast upp
vísbendingar um að hratt molni undan
menntakerfinu. Sparnaður og aðhald eru
leiðarstefið í opinberri umræðu um mennta-
mál, og í staðinn fyrir að ræða starfið er rætt
um reksturinn. Fréttum af auknu álagi á
kennara, auknum veikindum og almennum
atgervisflóttu úr stéttinni er síðan mætt með
æpandi þögn.

Það vakti reyndar nokkra fjölmiðla-
athygli þegar fyrstu niðurstöður úr meist-
araverkefni Helga Eiríks Eyjólfssonar, sem
unnið er í samstarfi við Hrafn Jónsson,
prófessor í félagsfræði við HÍ, birtust í
sumar. Þar kemur fram að af þeim 9.327
sem hafa réttindi til að kenna í grunnskólum
landsins voru aðeins 4.531 þar starfandi,
eða 48,6%. Það þýðir að meira en helmingur
þeirra sem hafa lagt það á sig að sækja sér
kennsluréttindi velur að starfa annars staðar
en í grunnskólum landsins, sem er áhyggju-
efni. En það sem veldur manni mestum
áhyggjum er sú spá þeirra félaga að verði
ekkert að gert muni árið 2031 aðeins 7.042
einstaklingar á Íslandi hafa leyfisbréf til
að kenna í grunnskólum landsins. Tuttugu
árum síðar verði þessi tala komin niður í
3.689. Ef við gefum okkur að helmingur
þeirra muni áfram vinna við eitthvað annað
en kennslu gætum við staðið frammi fyrir
því að aðeins tæplega 1.800 grunnskóla-
kennarar yrðu starfandi í grunnskólum
landsins árið 2051, sem þá verða þó með
talsvert fleiri nemendur en í dag – enda
fjölgar Íslendingum stöðugt.

Bregðist við - strax

Þeir félagar byggja spá sína á fjölda þeirra
kennara sem munu hætta störfum á næstu
árum sökum aldurs. Á móti skoða þeir
hversu margir hafa útskrifast sem kennarar
úr háskólum landsins síðustu ár, sem eru
alltof fáir. Verði ekkert að gert stefnum
við fram af himinháu hengiflugi. Tíminn
til að bregðast við er núna áður en í óefni
verður komið. Það þarf að hækka laun, bæta
starfsskilyrði, bæta ímynd og auka áhugann.
Strax! Því þó það kosti fjármuni og fyrirhöfn
að mennta nýja kennara kostar það svo
óendanlega mikið meira að gera það ekki.
Raunar svo mikið að ég held að enginn geti
ímyndað sér þá stöðu að ekki verði hægt
að manna leik-, grunn- og framhaldsskóla

landsins innan fárra ára. Því þó hér hafi
aðallega verið fjallað um grunnskólann
blasir því miður sama staða við í leik-,
framhalds- og tónlistarskólum landsins.
Stjórnámamenn verða því að vakna af
værum blundi sínum strax.

Í tilraun til að gera þeim rúmrusk
sendi Kennarasamband Íslands á dögunum
nokkrar lykilsurningar um menntamál
til allra framboða til Alþingiskosninganna
29. október. Hér má sjá brot úr svörum,
en svör allra framboða í heild má finna á
heimasíðu Kennarasambandsins – ki.is.

ALÞYÐUFYLKINGIN Laun kennara haldast
engan veginn í hendur við sífellt meiri kröf-
ur um aukna menntun. Við sjáum ekki að
MS gráða sé almennt nauðsynleg til kennslu
á lægri skólastigum og viljum falla frá henni.
Laun kennara ættu að vera þau sömu, eða
a.m.k. mjög svipuð, burtséð frá skólastigum.

BJÓRT FRAMTÍÐ Vill beita sér fyrir
því að ríkið, sveitarfélögin, háskólarnir,
stéttarfélögin og starfandi kennarar myndi
stefnumótunar- og viðbragðsteymi sem
mótar heildarstefnu í málefnum leik- og
grunnskóla í þeim tilgangi að til langrar
framtiðar verði örugglega boðið upp á nám,
vinnuástöðu og umgjörð utan um skóla-
starf sem stenst kröfur nútímans um góðan
grunn fyrir frekara nám og lífið.

ALÞYÐUFYLKINGIN Skólafólk þarf að
geta nýtt hæfileika sína í starfi og fengið
mannsæmandi laun fyrir það. Menntun
skólafólks á öllum skólastigum þarf að meta
drjúgt til að umbuna þeim sem sækja sér
aukna þekkingu á uppeldis- og menntamál-
um.

DÖGUN Launaþróun er algert lykilat-
riði til þess að eðlileg endurnýjun verði í
skólastarfi og nýir kennarar fáist til starfa.
Viða á Norðurlöndunum reikna hagsmuna-
aðilar þörfina á endurnýjun í starfstéttum,
t.d. meðal lækna og kennara. Þetta er mjög
auðvelt. Sniðugt væri ef Ísland tæki einnig
upp þessi vinnubrögð, þ.e. að hugsa dæmið
fram í tímann.

FLOKKUR FÓLKSINS Þó að Flokkur Fólks-
ins búi ekki yfir fullmótaðri stefnu þegar
kemur að menntamáli þá er alveg ljóst
að við munum berjast fyrir stórlega bættum
kjörum kennara til að endurspegla verðmæti
þeirra fyrir samfélagið allt. Hverjum á að
borga vel og halda ánægðum ef ekki þeim
sem við treystum til að ala upp og kenna
börnum okkar?

„Reykjavíkurflugvöllur og menntamál eru jafn mikilvæg umfjöllun- arefni stjórnmalanna í dag að mati kjósenda“

FRAMSÓKNARFLOKKURINN Stjórn mála-
menn verða að veita þessari stöðu athygli
og bregðast við, áður en vandinn vex enn
frekar. Viðfangsefnið kallar á fjölþætta lausn
og til að vinna að henni þarf samtal háskóla-
samfélagsins, kennarafélaganna, ríkis og
sveitarfélaga. Í því samtali þarf að fara yfir
inntak námsins, starfsvettvang og kjör.

PIRATAR Stór hluti af því að tækla
nýliðunarvandann væri launaleiðrétting
en einnig þarf nauðsynlega að halda í þá
kennara sem klára nám og byrja að kenna
en snúa sér að öðrum störfum eftir stutt
stopp í skólum. Ein leið væri til að mynda
að telja starfsreynslu réttindalausra kennara
sem starfsnám.

SAMFYLKINGIN Vill auka virðingu fyrir
starfi kennara og bæta starfsumhverfi þeirra
til að störf í þessum mikilvægu menntastofn-
unum verði eftirsóttari. Það verður að vera
sameiginlegt verkefni ríkis, sveitarfélaga,
fagfélaga, háskóla, foreldra og nemenda.

SJÁLFASTÆDISFLOKKURINN Það liggur í
augum uppi að laun kennara þurfa að vera
með þeim hætti að þau endurspegli bæði
mikilvægi stéttarinnar og laði hæfileikaríkt
og fjölbreytt fólk til starfa. Undir forystu
Sjálfstæðisflokksins á þessu kjörtímabili
hafa kennarar fengið verulegar kjarabætur.

VIÐREISN Vill beita sér fyrir því að
kennurum verði gert hærra undir höfði í
samfélaginu okkar. Núverandi ástand er það
slæmt að grípa þarf til sérstakra tímabund-
inna aðgerða líkt og að veita styrk/stuðning
til þeirra sem vilja fara í kennara- og
leikskólanám t.d. næstu fimm árin.

VINSTRIHREYFINGIN – GRÆNT FRAMBOD
Gera þarf kennarastarfið að fýsilegri kosti,
til dæmis með því að efla faglegt sjálfstæði
kennara og leggja áherslu á skólaþróun
á öllum skólastigum og tryggja fjármuni
til hennar. Þá er rétt að skoða leiðir til að
gera hluta af kennaranáminu að launuðu
vettvangsnámi, sem og aðrar leiðir til að
laða fleiri í námið.

VEITA KENNURUM STUÐNING Í MÁLI OG LÆSI



Ingibjörg Elísabet Jónsdóttir, leikskólakennari, Dröfn Rafnsdóttir grunnskólakennari og verkefnastjóri Miðju máls og læsis, Arnheiður Helgadóttir grunnskólakennari, og Þórunn Sæunn Úlfssdóttir talmeinafræðingur vinna saman í Miðju máls og læsis. Fram undan er ærið starf en ákveðið var að byrja með að hafa fjóra starfsmenn í ráðgjöfinni.

R

Reykjavíkurborg hefur hleypt af stokkunum nýrri ráðgjafþjónustu sem ber heitið Miðja máls og læsis. Markmið þjónustunnar er að efla fagmennsku kennara og starfsfólks í skóla- og frístundastarfi og tryggja aðgang að fræðslu varðandi mál og læsi.

„Okkar hlutverk er að efla fagmennsku kennara og starfsfólks í leikskólum, grunnskólum og frístundamiðstöðvum borgarinnar. Þetta gerum við með ráðgjöf, símenntun og stuðningi er varðar mál og læsi,“ segir Dröfn Rafnsdóttir, verkefnastjóri Miðju máls og læsis.

Miðja máls og læsis hefur á að skipa fjórum læsiráðgjöfum sem eru til húsa í Austurbæjarskóla. Auk Drafnar starfa Arnheiður Helgadóttir, Ingibjörg Elísabet

Jónsdóttir og Þóra Sæunn Úlfssdóttir í Miðju máls og læsis.

Miðja máls og læsis hóf formlega göngu sína í ágúst síðastliðnum en að baki er langur undirbúningur sem var unninn undir hatti Skóla- og frístundaráðs borgarinnar. Boltinn fór svo að rúlla, ef svo má segja, á vordögum 2015 þegar út kom vönduð skýrsla Fagráðs um eflingu málþroska, lestrarfærni og lesskilnings í leik- og grunnskólum. Í skýrslunni, sem Dröfn er einn meðhöfunda að, kemur fram vilji til að stofna miðstöð máls og læsis sem vinni einkum að því að byggja upp fagmennsku kennara með ráðgjöf, símenntun og stuðningi við markviss vinnubrögð er lúta að máli og læsi barna í leikskólum og grunnskólum.

„Og við erum hér,“ segir Dröfn og bætir við að starfsemin sé að fara hægt og bitandi af stað. „Við erum byrjaðar að heimsækja skóla og frístundamiðstöðvar í

borginni og verðum að því næstu vikurnar.

Við viljum kynna okkur og setjast niður með læsisteymum á hverjum stað. Okkar starfsemi er hugsuð þannig að allir sem vinna í leik-, grunnskólum og frístundamiðstöðvum borgarinnar hafi jafnan aðgang að okkur," segir Dröfn.

Það er heilmikil yfirferð hjá ráðgjöfum um fjórum að heimsækja alla leik- og grunnskóla borgarinnar auk frístundamiðstöða. Dröfn segir heimsóknirnar afar mikilvægar en auk þess hafa skólarnir og frístundaheimilin verið beðin að svara þarfakönnun. Svörin eru að berast þessa dagana og er unnið úr þeim jafnharðan.

„Við höfum fengið mjög jákvæð viðbrögð í skólunum sem við höfum heimsótt. Það er mikil gróska í læsismálum og mörg stór og flott verkefni í gangi þar sem skólastigin og frístundaheimilin vinna saman að bættu læsi," segir Dröfn.

Spurð hvort það sé einhver patentlausn í boði hjá Miðju máls og læsis segir hún svo ekki vera. „Við lítum svo á að við séum viðbót við það góða starf sem fer fram í skólunum. Við eigum ekki svör við öllu en við erum hins vegar alltaf fúsar að leita svara við því sem að er spurt. Okkar hlutverk er að styðja kennara og starfsfólk í starfi, veita stuðning við gerð kennsluáætlananna og aðstoða læsisteymi, kennara og starfsfólk við að beita þeim kennsluháttum sem reynast best við kennslu þegar nemendahópurinn er fjölbreyttur.“

Þá er áhersla lögð á ráðgjöf varðandi mál og læsi barna sem eru tví- og fjöltýngd og segir Dröfn vonir standa til að það takist að skapa vettvang fyrir kennara til að miðla og afla nýrrar þekkingar. Þá má geta þess að ráðgjafarnir munu einnig veita foreldrum ráðgjöf.

Ráðgert er að setja upp vefsíðu innan

Við eigum ekki svör við öllu en við erum hins vegar alltaf fúsar að leita svara við því sem að er spurt.

tíðar þar sem starfsemin og helstu verkefni, fræðslufundur og námskeið verða kynnt með skipulögðum hætti. „Við höfum þegar komið upp Facebook-síðu þar sem við setjum inn myndir og hugmyndir að verkefnum. Við vonum að kennarar og starfsfólk verði duglegt að fylgjast með og leggja í þúkíð. Markmiðið er að skapa vettvang þar sem kennarar og annað fagfólk í máli og læsi getur sameinast, skapað umræður og unnið saman," segir Dröfn Rafnsdóttir.

Guðmundur Tyrfingsson ehf. Grænir og góðir síðan 1969



- Öryggisbelti í öllum rútum og yfir 1000 sæti með 3 punkta beltum.
- Umhverfisvænar rútur.
- Árlegt öryggisnámskeið fyrir bílstjóra.
- Áratuga reynsla.

- Vorferðir.
- Fræðsluferðir.
- Fjöruferðir.
- Sveitaheimsóknir
- Heimsóknir í Álfa- og norðurljósasafnið.
- Þjóðum ódýra gistingu fyrir hópa.



Dæmi um skólaferð: létt fjallganga, álfa- og norðurljósasafnið eða draugasafnið og sund.



Guðmundur Tyrfingsson ehf.
sími: 482-1210
gt@gtbus.is
www.gtyrfingsson.is



Skólavefurinn.is kynnis

Stöðupróf í íslensku


Mældu námsstöðu nemenda með tilliti til þess hvar þeir geti bætt sig í náminu.

Nýjung í námi

- Gagnvirkt á vefnum
- Til útprentunar
- Lausnahefti
- Ítarefni

skolavefurinn.is





ER SÖGUKENNSLA GAGNSLAUS?

Meirihluti danskra grunnskólanema telur sögunám miðast of mikið við staðtreyndastagl og utanbókarlærdóm þar sem heildarmyndina skorti. Kennararnir segjast búa við mikið álag og auk þessi hafi of lítil áhersla verið lögð á endurnýjun námsefnis. Borgþór Arngrímsson skrifar frá Kaupmannahöfn.

M

Meirihluti danskra grunnskólanema sér hvorki tilgang né gagn af sögunámi. Danska, stærðfræði og enska eru hins vegar þær námsgreinar sem mestu skipta að mati nemenda. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu, sem ber heitið „Sagan í brennidepli“ og var unnin af sérfræðingum við Þekkingarsetur sögu- og menningararfranssókná í Vejle á Jótlandi.

Danski menningarmálaráðherrann segir niðurstöður skýrslunnar vonbrigði og hefur

einnig miklar áhyggjur af því að ungmenni lesi ekki bækur svo neinu nemi.

Þáfangauklærdómur og staðreyndastagl

Skýrsluhöfundar tóku viðtöl við stóran hóp nemenda í efri bekkjum grunnskóla og sögukennara við 28 grunnskóla vítt og breitt í Danmörku. Í viðtölunum lögðu sérfræðingarnir spurningar fyrir alla viðmælendur, allir nemendur fengu sömu spurningarnar sem þeir svöruðu og gátu auk þess útskýrt svörin nánar. Sama gilti um kennarana, þótt spurningarnar væru aðrar.

Langstærstur hluti nemenda sagði að sögunámið miðaðist allt of mikið við að muna staðreyndir, merkilegar persónur úr sögunni og atburði. Þetta væri staðreyndastagl og þáfangauklærdómur þar sem heildarmyndina skorti.

Þótt vissulega sé margt sem æskilegt sé að muna, atburði og persónur, verði sambengið líka að vera til staðar. Einn nemandi sagði sem svo að hann vissi vel að Hitler hefði borið höfuðábyrgð á síðari heimsstyrjöldinni

Víða eru almenningsbókasöfnin jafnframt skólabókasöfn. Myndin er úr nýju bókasafni í Örestad en það þjónar grunn- og framhaldsskóla hverfisins, sem og almennum íbúum þess.

og að Þjóðverjar og bandamenn þeirra hefðu tapað stríðinu en sig skorti hins vegar alla yfirsýn varðandi stríðið sjálft. Þessi nemandi (sem skrifaði langa útskýringu) sagði að hann vissi nánast ekkert um styrjöldina, hvað varð til þess að stríð braust út, hvernig stóð á því að Hitler gat leitt þjóð sína í þennan hildarleik, hvaða atburðir skiptu sköpum um framvindu stríðsins og svo framvegis. Margir nemendur skrifuðu á svipuðum nótum.

Ein spurning sem lögð var fyrir nemendur var hvernig þeir teldu að sögunámið gæti gagnast þeim í framtíðinni. Mörgum vafðist tunga um tönn, sumir sögðu að þeir sæju það ekki beinlínis, aðrir að þeir teldu að sögunámið ætti að auka skilning á samtímanum, hvernig veröldin er í dag. Það gerði námið þó ekki því kennslan væri alltof þunglamaleg og yki ekki skilning nemenda á samhengi atburða og framvindu.

Sumir nemendanna sem tóku þátt í könnuninni nefndu líka að til væri aragrúi heimildamynda um styrjaldir og stóratburði, sögustaði og einstaklinga sem mótað hafi söguna. Þetta væri alltof lítið notað í kennslunni þótt flestir viðurkenni að iðulega sé sjón sögu ríkari. Einn nemandi komst svo að orði: „að sjá atburð settan á svið í leikinni heimildamynd bætir miklu við það sem maður les“.

Hvað segja sögukennarar?

Þegar spurt var hvort kennarar bæru ábyrgð á því hvernig kennslan væri töldu flestir að svo væri ekki nema að mjög takmörkuðu leyti. Kennarar væru auðvitað misjafnir, sumir skemmtilegri en aðrir, en þeir hefðu sjálfsagt mjög skýr fyrirmæli um hvernig kennslan ætti að fara fram, hvaða námsefni skyldi notað o.s.frv. Kennarar væru að langmestu leyti að fylgja ákvörðunum annarra um fyrirkomulag og efnisval.

Kennarar segja einnig að svo virðist sem margir skólastjórnendur telji sögukennsluna eins konar afgangsstærð. Í yngri bekkjum grunnskólans sé einungis helmingur sögukennara menntaður í faginu og þótt ástandið sé skárri í eldri bekkjunum sé það langt frá því að vera viðunandi.

Í svörum sögukennara við spurningum skýrsluhöfunda kemur ýmislegt athyglisvert fram. Þeir segja að þótt áhugi fyrir sögukennslunni sé fyrir hendi hjá kennurum dugi það ekki til. Kennarar séu undir miklu álagi í störfum sínum, álagi sem hafi aukist mikið á síðustu árum. Álagið geri það að verkum að kennarar treysti mjög mikið á það námsefni sem þeir geti gengið að og krefjist minni undirbúnings. En þar standi hnífurinn í kúnni. Náms efnið sé að stórum hluta fremur þurrt staðreyndalesefni og þegar kennarar notist svo fyrst og fremst við þetta efni (vegna skorts á undirbúningstíma) sé ekki von á góðu. Kennarar segja að í mörg ár hafi lítil áhersla verið lögð á endurnýjun námsefnis í sögu. Ástæður þess séu takmarkaðir fjármunir til námsefnisgerðar og sagan hafi þar ekki forgang, sitji fremur á hakanum.

Kennarar segja einnig að svo virðist sem margir skólastjórnendur telji sögukennsluna eins konar afgangsstærð. Í yngri bekkjum grunnskólans sé einungis helmingur sögukennara menntaður í faginu og þótt ástandið sé skárri í eldri bekkjunum sé það langt frá því að vera viðunandi. Þegar spurt var um leiðir til úrbóta voru algengustu svörin þau að rétt eins og í öðrum greinum þyrftu sögukennarar að vera menntaðir í sínu fagi og að gera þyrfti átak í samningu námsefnis.

Ekki ný umræða

Umræðan um sögukennsluna er ekki ný af nálinni. Árið 2007 tók lektor við Litlabeltisháskólann í Jelling á Jótlandi viðtöl við stóran hóp kennaranema við marga skóla í Danmörku, sem allir höfðu sögu sem sérgrein. Í viðtölunum kom fram að sögunemarnir áttu erfitt með að koma auga á notagildi námsefnisins sem notað

var í skólunum og bentu á að einhvers konar tengingu við nútímann vantaði. Slíkt væri nauðsynlegt til að vekja áhuga grunnskólanema.

Árið 2002 setti danska menntamálaráðuneytið fram markmiðslýsingar fyrir sögukennsluna. Tveimur árum fyrr höfðu sögukennarar látið í sér heyra og kvartað yfir að námsefni væri gamaldags og markmiðslýsingar úreltar. Ef marka má nýju skýrsluna hefur fátt breyst.

Ungmennni lesa nú færri bækur en fyrir nokkrum árum

Í könnun sem dagblaðið Berlingske gerði fyrir þremur vikum kom fram að ungmenni á aldrinum 12 til 18 ára lesa færri bækur en árið 2008, þegar blaðið gerði sams konar könnun. Mörg þeirra sem tóku þátt í nýju könnuninni mundu ekki hvenær þau höfðu síðast lesið bók og ekki heldur hvaða bók það var. Þegar spurt var hverja þau teldu ástæðuna fyrir minni lestri voru svör margra á þá leið að þau mættu ekki vera að því að lesa bækur, það væri svo margt annað sem tæki tíma þeirra. Mörg nefndu að þau læsu mikið á netinu en það væri í langflestum tilvikum styttri textar, fréttir og þess háttar.

Berlingske bar niðurstöður könnunarinnar undir Bertel Haarder menningarmálaráðherra og sagði hann minnkandi bóklestur ungmenna áhyggjuefni. Að hans sögn væri ekki hægt að bera það saman og leggja að jöfnu að hlaupa yfir eitthvað á netinu og að sökkva sér niður í bók. Ekki treysti ráðherrann sér til að benda á leiðir til úrbóta (eins og hann komst að orði) en nefndi einnig skýrsluna „Söguna í brennidepli“ og sagði sögukunnáttu svo stóran þátt í uppeldi og þroska hvers einstaklings að ekki væri hægt að setta sig við að sögukennsla væri látin mæta afgangi í skólakerfinu.

SPJALD- TÖLVUR FÆRA NEMENDUM VÖLD

Örn Arnarson hlaut í vor viðurkenningu fyrir framúrskarandi störf að kennslu. Hann nýtir til fulls möguleika spjaldtölva í sínu starfi, hefur rappað umsögn um verkefni nemenda og segir hlátur frábæra leið til að hvetja nemendur til dáða.

Örn Arnarson hefur kennt í Heiðarskóla í Hvalfirði frá því hann lauk kennaranámi árið 2001. Hann segir að stakkaskipti hafi orðið í kennslunni fyrir um fjórum árum þegar keyptar voru spjaldtölvur í skólann handa öllum kennurum og nemendum. Tækin, sem Örn segir hafa leitt til byltingar í kennsluháttum, endurnýjuðu áhuga hans á starfinu. Í vor var hann síðan verðlaunaður fyrir framúrskarandi störf að menntamálum. Útsendari Skólavörðunnar hitti Örn í Hvalfirði á dögunum og byrjaði á að spyrja hann út í skólann og umhverfið sem honum er skapað þar.

„Þegar ég byrjaði var skólinn rekinn af fjórum sveitarfélögum fyrir mjög takmarkaða fjármuni. Árið 2006 voru þau sameinuð og nýtt og stöndugt sveitarfélag, Hvalfjarðarsveit, varð til. Í kjölfarið var ákveðið að byggja nýjan skóla og í framhaldi að innleiða spjaldtölvur. Um leið og ég heyrði á það síðarnefnda minnst þá kviknaði í mér einhver neisti, en ég verð að viðurkenna að á þeim tíma var ég orðinn þínulítið leiður á að gera það sama ár eftir ár. En um leið og ég fékk spjaldtölvuna afhenta byrjaði ég að að kanna hvað ég gæti gert við hana inni í skólastofunni og þegar nemendur fengu tækin í hendurnar umbylti ég því hvernig ég kenndi. Í mjög einfölduðu máli má segja að ég hafi hætt



að kenna með einföldum yfirferðum á bókaköflum og prófum í kjölfarið og farið að horfa á alla möguleikana sem felast í því að hafa þessa tækni. Eftir yfirferð á námsefni reyni ég til að mynda að fá nemendur til að skapa meira en áður. Ég legg áherslu á að þeir séu ekki að svara prófum heldur set ég fyrir verkefni sem nemendur hafa ákveðið sjálfsvil um hvernig þeir vinna. Þannig get ég fengið sama verkefni á mjög fjölbreyttan



Örn Arnarson segist ekki lengur íhuga að hætta kennslu eftir að hann fékk viðurkenningu fyrir framúrskarandi störf í vor.

En um leið og ég fékk spjaldtölvuna afhenta byrjaði ég að að kanna hvað ég gæti gert við hana inni í skólastofunni og þegar nemendur fengu tækin í hendurnar umbylti ég því hvernig ég kenndi.

útbúa takt, skrifa textann o.s.frv. Niðurstaðan varð frá- bær og þetta er skemmtilegasta verkefni sem ég hef farið yfir. Svo mikið hreiftst ég að ég gat ekki látið duga að gefa þeim bara einkunn eða umsögn; vel gert, góð vinna, mikill dugnaður eða eitthvað slíkt. Þess í stað bjó ég til minn eigin takt og rappaði umsögnina til baka, sem þeim þótti geðveikt. Þetta er kannski svolítið ýkt dæmi en það sýnir að þegar tæknin er notuð til fulls þá gerast hlutir sem maður hefði aldrei getað séð fyrir. Ég sé líka að þegar nemendur vinna verkefni á þennan hátt, búa til myndbönd, gera hljóðupptökur, semja tónlist og svo framvegis, þá er það bæði meira krefjandi en líka mun eftirminnilegra en t.d. skrifleg próf sem eru einhvern veginn búin þegar þau eru búin og þar með gleymd.“

Tæknin ein og sér ekki nóg

Örn segir að tæknin ein og sér breyti litlu, það sé alltaf í hendi kennara að innleiða þær breytingar sem hún gefi kost á. Hann nefnir snjalltöflur sem dæmi um tækni sem að endingu breytti litlu varðandi kennsluhætti.

„Það þótti mjög frétt næmt að í ákveðnum skólum voru snjalltöflur í öllum stofum. En staðreyndin var að ákaf- lega fáir kennarar treystu sér til að nota þær. Það átti til að mynda við hér í skólanum þar sem slík tæki voru keypt en nánast aldrei notuð, og það má segja að þetta séu dýrustu skjávarpatjöld sem til eru í skólakerfinu.“

Hvort það hafi haft einhver áhrif á kennarana þegar kom að innleiðingu spjaldtölva er óljóst, en Örn segir að spjaldtölvunum hafi verið misvel tekið af kennurum skólans. „Það voru auk mín kannski tveir

hátt,“ segir Örn. Hann segir að til dæmis hafi tveir nemendur í níunda bekk rappað verkefni um enska málfræði.

„Ég setti í verkefnalýsingu nokkur dæmi um hvernig nemendur gætu unnið verkefnið og meðal annars ákvað ég að henda inn að þau gætu prófað að rappa. Þetta gripu tveir strákar á lofti og lögðu mjög mikið á sig við að vinna verkefnið. Þeir sátu löngum stundum við að



Voru verðlaunuð fyrir framúrskarandi störf að kennslu. Frá vinstri: Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, Ásthildur Kjartansdóttir, Hildur Hauksdóttir, Fríða Bjarney Jónsdóttir sem tók við verðlauninum fyrir hönd Nichole Leigh Mosty, Þorgerður Ingólfsdóttir, Örn Arnarson og Jóhanna Einarsdóttir, forseti Menntavísindasviðs Háskóla Íslands.

MYND: HÍ/KRISTINN INGVARSSON

til þrír kennarar sem fóru beint í að prófa hvað hægt væri að gera og voru óhræddir við að reka sig á. Það voru síðan aðrir sem voru áhugasamir en vildu fara varlega og kynna sér málið betur og svo voru nokkrir kennarar sem voru því einfaldlega ekki sammála að innleiða spjaldtölvur í skólastarfið og neituðu jafnvel að taka þátt. En síðan gerðist það hér eins og annars staðar að þeir sem voru hikandi komu inn í hóp áhugasamra og virkra og þeir sem voru neikvæðir færðust upp, og í dag er almenn sátt um spjaldtölvurnar. Það að við sjáum heilmikinn árangur af innleiðingu þeirra hjálpar auðvitað til og vegna þess viljum við ólm halda áfram. En það er ekki sjálfgefið að við getum það því núna höfum við verið í þessu verkefni í fjögur ár og tölvurnar eru að verða úreltar og þá þarf að taka ákvörðun um það í sveitarfélaginu að halda þessu áfram og endurnýja búnaðinn. Það er ekki sjálfgefið þannig að ég þori ekki alveg að halda því fram að Heiðarskóli sé kominn til að vera í þessari spjaldtölvukennslu. Ég fullyrði hins vegar að við erum mjög framarlega á Íslandi í þessum málum og nú er staðan sú að ég get ekki hugsað mér að hverfa til baka. Ég vil líka benda á að þessi tækni gerir miklar kröfur til okkar kennaranna. Þetta er ekki „dauð“ tækni því á bak við tölvurnar eru hugbúnaðarframleiðendur sem stöðugt

eru að þróa sig. Það er alltaf að koma fram nýr hugbúnaður sem nýtist á einhvern ákveðinn hátt og maður er alltaf að finna nýjar og nýjar leiðir. Þetta er þannig lifandi afl sem þýðir að ég og aðrir sem nota þessa tækni þurfum stöðugt að vera með puttann á púlsinum og fylgjast vel með því hvort fram koma einhver verkfæri í hinum stóra tölvuheimi sem geta leyst vandamál sem við höfum komið auga á.“

Bækurnar lifa góðu lífi

„Það er líka skemmtilegt að segja frá því að þegar ég frétti af því að keyptar yrðu spjaldtölvur í skólann ímyndaði ég mér að nemendur gætu þar með hent skólatöskunni og að allar skólabækur myndu flytjast yfir í tölvurnar. Við reyndum þetta með því að fá rafrænan aðgang að skólabókunum (á PDF-formi) hjá Námsgagnastofnun. En það kom mjög fljótt í ljós að nemendur vildu ekki lesa af skjánum þannig að í dag er allt fljóttandi í bókum hér í skólanum eins og í öðrum skólum. Í staðinn eru tölvurnar viðbót í skólastarfinu. Lítið dæmi er að í tungumálakennslu eru nemendur með miklu hraðari og þægilegri aðgang að orðabókum og orðskýringum en þegar flett var í orðabók. En síðan eru það líka allar upplýsingarnar sem hægt er að nálgast. Ef við erum að lesa texta um Martin Luther King í ensku og

Ég vil líka benda á að þessi tækni gerir miklar kröfur til okkar kennaranna.

einhverjar spurningar vakna, er umsvifalaust hægt að fletta upp á þeim á netinu,“ segir Örn.

„Tölvurnar hafa líka breytt á annan hátt því hvernig ég kenni tungumál, t.d. ensku. Vandinn sem ég stóð áður frammi fyrir var hversu erfitt var að eiga samtal við einstaka nemendur eða að hlusta á framsögn þeirra. Þá var ég að vinna með einn nemenda í fimmtán manna bekk og við það vaknaði alltaf spurningin um hvað ætti að gera við hina fjórtán? En núna set ég kannski fyrir munnlegt verkefni einu sinni í viku þar sem nemendur taka sig upp að tala um eitthvað ákveðið málefni eða tveir og tveir nemendur taka upp samtal sín á milli. Þeir senda mér síðan upptökuna og ég hlusta á hana þegar ég hef tíma og gef þeim síðan umsögn út frá henni. Þetta eru dæmi um hvernig ég hef breytt kennsluháttum mínum, en þetta hefur eins og ég minntist á áðan breytt vinnulagi nemenda. Þeir geta t.d., þegar búið er að meðtaka efnid, flett

upp frekari upplýsingum og í kjölfarið unnið verkefni á þann hátt sem þeim hentar. Þar liggur hér í skólanum, og í minni kennslu, meginmunurinn á því hvernig kennslan er í dag og sem áður var. Tæknin býður upp á meira sjálfstæði og nemendur hafa með tölvunum fengið meiri völd, sem mér finnst mjög jákvætt.“

Vildi alltaf verða kennari

Við snúum talinu frá spjaldtölvunum og að starfinu sjálfu og hvernig það atvikaðist að Örn varð kennari. „Það er dálítið gaman að rifja það upp að vorið 1997, þegar ég var tvítugur, bauðst mér starf sem leiðbeinandi í grunnskólanum á Súðavík. Það má segja að ég hafi farið þar beint út í djúpu laugina því ég tók að mér umsjónarkennslu í 10. bekk, og þar með yfir krökkum sem voru aðeins fimm árum yngri en ég sjálfur. Þetta var mikil og erfið reynsla og þrátt fyrir að mér hafi fundist þetta allt afar skemmtilegt gat ég ekki hugsað mér að starfa áfram sem kennari eftir að ég kláraði þennan vetur. Það breyttist hins vegar fljótt og vorið 1999 sendi ég inn umsókn í Kennaraháskólann. Eftir útskrift byrjaði ég að kenna í Heiðarskóla og hef verið hér síðan.“

Framúrskarandi kennari

Fimmtudagurinn 2. júní 2016 liður Erni líklega seint úr minni því þá verðlaunaði Menntavísindasvið Háskóla Íslands hann og fjóra aðra kennara fyrir framúrskarandi starf og framlag til kennslu. Verðlaunin voru hluti af verkefninu „Hafðu áhrif“ þar sem almenningi gafst kostur á að tilnefna eftirminnilega kennara. Ljóst er að margir hugsuðu með hlýju til kennaranna sinna enda voru sendar inn um 350 tilnefningar í tengslum við átakið.

„Þetta hefur rosalega mikið að segja,“ segir Örn. „Ég viðurkenni að undanfarin ár hef ég verið að hugsa svolítið um framtíðina og hvort ég sé í raun á réttri hillu í kennslunni. Þetta átti sérstaklega við síðasta vetur þegar ég var alvarlega farinn að íhuga að söðla um og fara í eitthvað allt annað. En síðan kom þessi viðurkenning sem mér þykir óskaplega vænt um að hafa hlotið. Skilaboðin sem ég tók til mín úr þessu voru að kannski þarf ég ekkert að velta því fyrir mér hvort ég eigi að halda áfram að vera kennari. Það skiptir mig máli að þetta unga fólk sem ég hef fengið að vinna með gegnum

tíðina kunni að meta mitt framlag. Þegar ég mætti á athöfnina og horfði á þá sem líka fengu þessa viðurkenningu, konur sem voru búnar að kenna í allt að 50 ár, hugsaði ég með mér hvort ég ætti þetta virkilega skilið. Og ég veit það ekki ennþá, allavega ekki almennilega, þó ég sé auðvitað mjög montinn af því að hafa hlotið þessa viðurkenningu. Ég hef verið spurður nokkrum sinnum hvort ég viti af hverju ég varð fyrir valinu og í raun hefur verið frekar fátt um svör. En ég held að ég geti fullyrt að ég hef átt í rosalega góðu sambandi við nemendur. Ég hef reynt að nálgast nemendur af virðingu og sem jafningja frekar en sem valdapersóna sem ræður alls konar hlutum. Ég hef verið óhræddur við að vera í þannig samskiptum við nemendur í kringum kennsluna, t.d. í frímínútum, og að koma fram við þá eins og fólk þó þeir séu miklu yngri en ég. Ég grínast í þeim og græt með þeim og ég reyni að hafa léttu stemningu. Enda hef ég komist að því að hlátur er gríðarlega gott meðal og góð hvatningarleið. Ef upplifunin við að vera í

Ég hef reynt að nálgast nemendur af virðingu og sem jafningja frekar en sem valdapersóna...

skóla er jákvæð, þá gengur nemendum betur við námið.“

Þannig að þetta snýst ekki bara um að troða sem mestu inn í hausinn á nemendum?

„Nei, ég hélt þegar ég var að byrja að kenna að það væri hlutverk mitt fyrst og fremst. En eftir því sem árin líða finnst mér ég sjá það betur og betur hversu mikilvægt það er að hjálpa nemendum að verða að sterkum, sjálfstæðum og hamingjusömum einstaklingum. Og ég legg gríðarlega áherslu á það hjá nemendum mínum – hvað sem þið gerið í framtíðinni, númer eitt skuluð þið finna hamingjuna.“



Flott föt fyrir flottar konur

belladonna

Skeifan 8 | 108 Reykjavík | sími 517 6460 | www.belladonna.is



ÓHEFÐBUNDIN NÁMSBRAUT FYRIR AFBURÐANEMENDUR

Mikið er lagt upp úr sjálfstæði nemenda á nýrri námsbraut í Tækniskólanum. Lítið er um hefðbundna fyrirlestra og nemendur þreyta engin próf. Meira að segja kennslustofan er öðruvísi en nemendur eiga almennt að venjast.

Skólastofan í Tækniskólanum er hlýleg og er í raun skipt í tvennt með tveimur léttum glerveggjum. Í fremri hlutanum eru hefðbundin borð og stólar eins og í hverri annarri kennslustofu. En uppstillingin er öðruvísi. Borðunum er raðað í hring en ekki öll látin vísa í átt að kennaraborði og töflu. Fyrir innan eru hægindastólar og bekkir ráðandi. Nemendur eru á við og dreif um stofuna; sumir með headphone á höfði og stara einbeittir á hjarta skjái fartölva en aðrir sitja í hópum og virðast vinna saman að ótilgreindum verkefnum. Ég er búinn að rölja um herbergið um stund, taka þar myndir og spjalla við nemendur þegar ég rek augun í kennara í einu horni stofunnar. Þá fyrst átta ég mig á því að ég er inni í miðri kennslustund.

Nemendurnir sem mæta dags daglega í þessa skemmtilegu skólastofu eru á nýrri námsbraut í Tækniskólanum. Hún ber nafnið K2, sem er skírskotun í næsthæsta fjalltind heims, og er ætluð námsmönnum sem eru vanir að fá háar einkunnir og skara fram úr, en hafa ekki boðist nein sérstök úrræði eða námsleiðir í skólakerfinu. Þar til nú.

Verkefnisstjóri brautarinnar, Nanna Traustadóttir, tekur á móti mér í skólastofunni og eftir að hafa aðstoðað tvo eða þrjá nemendur með tilfallandi verkefni ákveðum við að hætta að trufla þá og komum okkur fyrir í vinalegri skrifstofu hennar í Tækniskólanum, þessu sögufræga húsi á Skólavörðuholtinu. Við byrjum spjall okkar á aðdragandanum. Hvernig kom það til að ákveðið var að bjóða upp á slíka námsbraut við skólann?

„Það var skólameistari Tækniskólans, Jón B. Stefánsson, sem tók ákvörðun um að setja brautina á laggirnar. Mér skilst að hluti af ástæðu hans sé

persónuleg, en í grunninn vildi hann einfaldlega gera eitthvað fyrir þennan hóp þar sem eitt af markmiðunum er að undirbúa nemendur sérstaklega fyrir tækni- og vísindagreinarnar á háskólastigi. Sjálf kem ég þannig að verkefninu að ég sótti um kennarastöðu við deildina en mál þróuðust þannig að ég var fengin til að móta brautina sem er auðvitað óskaplega spennandi verkefni.“

„Við ákváðum strax að hafa stofuna óhefðbundna og búa til þægilega og hlýlega vinnuáðstöðu.“

Samstarf við fyrirtæki

„Við röðum náminu þannig upp að við skiptum hverri einustu önn í þrjár fimm vikna lotur og í hverri þeirra kennum við tvær greinar. Ástæðan fyrir lotunum er að það gefur nemendum kost á að einbeita sér að þessum tveimur greinum og þeir hafa þar með allt öðruvísi tækifæri til að nálgast námið. Í lok hverrar annar, og þar með að loknum þremur lotum, eru síðan lokaverkefni í stað hefðbundinna prófa. Þessi verkefni tengjum við atvinnulífinu. Sem dæmi þá munu nemendur í lok yfirstandandi annar vinna verkefni í samstarfi við Stúdíó Sýrland. Það tengist upplýsingatækniáfanganum sem þau sitja á þessari önn því markmiðið er að nemendur nái sem mestri hæfni í að búa til myndbönd og í raun öllu því sem nútíma upplýsingatækni gefur kost á. Sú þekking og reynsla mun nýtast þeim við vinnslu á lokaverkefnum þegar líður á námið. Á næstu önn munu nemendur vinna verkefni í samstarfi við Lýsi og við tengjum það áfanganum í efnafræði sem þau hafa þá nýlokið. Á teikniborðinu eru einnig verkefni í tengslum við fyrirtæki á borð við Össur og CCP.“



Verkefnastjóri K2 er Nanna Traustadóttir. Hún segir að mikið hafi verið lagt upp úr því að gera heimastofu nemenda sem hlýlegasta.

Þessu til viðbótar höfum við komið á samstarfi við Háskólann í Reykjavík um að ein lota á hverri önn mun fara fram í húsnæði þeirra. Þar með kynnast nemendur auðvitað náminu sem er í boði þar en við vonumst líka til þess að á tveimur síðustu önnunum verði þeir byrjaðir að vinna í t.d. stærðfræði á háskólastigi.“

Áskorun fyrir kennara

Á yfirstandandi önn stunda 26 nemendur nám á brautinni. Það vekur sérstaka athygli að í þeim hópi eru aðeins þrjár stelpur. Nanna segir það vissulega ekki gott, því þó brautin leggi áherslu á að undirbúa nemendur fyrir tækni- og vísindagreinir á háskólastigi hafi hún alls ekki verið hönnuð sérstaklega fyrir stráka.

„Við renndum í raun mjög blint í sjóinn þegar við byrjuðum að taka nemendur inn í námið. Við auglýstum það, fengum um fimmtíu umsóknir og enduðum á að taka hvern einasta umsækjanda í viðtal. Viðtalinu var gefið vægi ásamt einkunnum í ákveðnum faggreinum, sem okkur þykir hafa gefið góða raun. Með þessu náðist að skapa mjög góðan hóp sem vinnur vel saman og það skiptir auðvitað miklu máli. Það hallar vissulega talsvert á stelpurnar en vonandi verður það ekki raunin á næstu árum.“

Nanna segir að til viðbótar hafi snemma í ferlinu verið ákveðið að byggja námið ekki upp á hefðbundnum fyrirlesturum.

„Við vildum hafa námið óhefðbundið og þá gengur ekkert sérstaklega vel að vera með þessa reglubundnu fyrirlestur,

„Það er auðvitað frá-
bært að nemendur
upplifi hér námsgleði
á ný eftir að hafa
tapað henni áður.“

glærusýningar o.s.frv. Í staðinn leggjum við upp úr því að nemendur sjái sjálfir um að leita að upplýsingum og að hlutverk kennarans sé þá að aðstoða við það. Við erum vissulega með örfyrirlestra enda þurfum við alltaf að koma ákveðnum upplýsingum á þann hátt beint til nemenda.

En það má segja að nemendur þurfi í framhaldi að sjá um alla fótavinnuna – leita sér að upplýsingum og setja saman verkefni. Þannig að við mötum þá ekki. Þetta er auðvitað talsverð áskorun fyrir kennara en við finnum að þeir eru ánægðir að fá að takast á við þetta verkefni. Flestir þeirra höfðu frétt af því í hvaða átt við vildum fara með námið og sóttust eftir því að taka þátt. Þannig að flestir þeirra voru að leitast við að breyta vinnubrögðum og kennsluháttum og kannski þróa sig enn frekar í starfi.


Kennslurýmið endurspeglar líka þessa áherslu. Við ákváðum strax að hafa stofuna óhefðbundna og búa til þægilega og hlýlega vinnuástöðu, sem ég held að hafi tekist. Það þýðir til dæmis að nemendur eiga hér ekki föst sæti heldur raða þeir sér á hverjum degi eftir verkefnum. Þegar þeir eru til dæmis í upplýsingaleit eiga þeir það til að setja á sig headphone og koma sér þægilega fyrir í einhverjum hægingastólum. Þegar þeir eru að vinna í hópum hentar betur að sitja við borð og svo framvegis.“

Menntakerfið þarf að þróast

Nanna segist þess fullviss að á næstu árum muni verða miklar breytingar á skólastarfi.

„Við sem komum að þessu verkefni vitum að í menntakerfinu gerast hlutirnir frekar hægt. En við trúum því að þetta óhefðbundna kennsluform sem við erum að byggja upp verði ekkert svo óhefðbundið eftir tuttugu ár, og að kennarar og annað menntafólk muni líta til okkar eftir innblæstri. Því það skiptir auðvitað miklu máli að í skólunum og menntakerfinu í heild sé stöðug framþróun.“

Aðspurð um hvert þau leiti eftir innblæstri segir Nanna að hann sé víða að finna. „Fyrirmyndin er að hluta til bandarísk, að hluta til finnsk og að hluta til einhvers staðar annars staðar frá. Þó við reynum að gera hlutina öðruvísi en venjulega erum við samt ekkert að finna upp hjólið hérna. Það er til dæmis ekkert nýtt að vera með myndbönd sem lokaverkefni. Það má í raun segja að við tökum alls konar hluti og hugmyndir, sem hafa þegar verið prófaðir og gefið góða raun, og bræðum saman í pakka sem okkur finnst henta náminu og nemendum á brautinni. En við leggjum líka áherslu á að námið sé skemmtilegt og að nemendur hafi gaman af því sem þeir eru að gera, því það skiptir gríðarlega miklu máli.“



Af tuttugu og sex nemendum eru aðeins þrjár stelpur. Stefnt er að því að jafna hlutfallið strax á næsta ári.

NEMENDABRÉFIÐ

Einn af nemendum við K2 sendi á dögnum póst til umsjónarmanns deildarinnar þar sem hann lýsti yfir áhuga á að kynna námið fyrir nemendum í grunn-skólanum sem hann gekk í. Hann lýsir því í bréfinu að hann hafi verið kominn með námsleiða, og hafi ætlað að hætta námi og halda út á vinnumarkaðinn. „Vegna þess að mér var einfaldlega farið að leiðast svo mikið í skólanum,“ segir hann í bréfinu. „Ég varð allt í einu spenntur fyrir skólanum þegar ég var búinn að kynna mér þetta nám“. Eftir að hann fékk inngöngu hafi líf hans hreinlega breyst. „Og mig langar til þess að vakna aftur á morgnana og bæta mig hvern dag.“



Námsgleði í stað leiða

Viðbrögð nemenda og foreldra hafa verið sérstaklega jákvæð. Hér að ofan má meðal annars finna hluta af bréfi sem einn nemandi á brautinni sendi Nönnu – en þar lýsir hann sérstökum áhuga á að kynna námið í sínum gamla skóla. Hann og fleiri hafa lýst því yfir að þeir hafi nánast verið búnir að missa áhuga á námi almennt og jafnvel verið á leið úr skóla, en nám á K2 hafi breytt því.

„Það er auðvitað frábært að nemendur upplifi hér námsgleði á ný eftir að hafa tapað henni áður. Það er ekki eitthvað sem við áttum endilega von á, þannig að það má

segja að það sé óvæntur bónus fyrir okkur sem stöndum að baki brautinni. Það er líka geggjað að fylgjast með hópnum sinna fyrirbyggjandi verkefnum af jafn miklum áhuga og eldmóði og raun ber vitni. En það er líka annað sem kom í ljós, og það er hvað þetta eru sterkir einstaklingar og þá meina ég ekki bara námslega. Sem dæmi þá fékk bekkurinn sæti í nemendaráði og þegar kom að því að velja fulltrúa þá kom í ljós að af 26 nemendum, þá sóttust 13 eftir því að komast í ráðið, sem er ótrúlega hátt hlutfall og segir margt um hvernig nemendur veljast í þetta nám.“

NICHOLE LEIGH MOSTY



Ég heimsótti flóttamanna fjölskyldu hér í hverfinu. Þetta voru hjón með lítinn dreng sem sat berrassaður uppi í rúmi og las bækling frá Húsasmíðjunni. Andrúmsloftið á heimilinu var þrúgandi og einkenndist af ótta og sorg, enda hafði fjölskyldan gengið í gegnum mikið. Ég settist hjá drengnum, benti á mynd af borvél og lék hljóðið sem vélin gefur frá sér. Þabinn tók þátt og þegar ég sagði „borvél“ endurtók hann orðið á móðurmáli barnsins. Allt í einu greip drengurinn í fingurinn á mér og benti á næsta tæki. Þar með var ég búin að ná til hans. Móðirin, sem hafði fylgst með úr fjarlægð, kom þá til mín og spurði á ensku: „viltu kenna barninu mínu að tala?“ Ég mun aldrei gleyma örvæntingunni í rödd hennar og ég áttaði mig á að ég var líflína þeirra inn í samfélagið. Ég gat veitt þeim von. Í dag er þessi litli drengur nemandi í skólanum mínum og gengur mjög vel.

Og þess vegna er ég leikskólakennari.

FAGLEG FORYSTA KENNARA Í MENNTAMÁLUM

Á Skólamálaþingi KÍ um daginn miðlaði dr. David Frost af viðtækri reynslu sinni af áralöngu starfi með kennurum við að efla faglega forystu í menntamálum og af rannsóknum á starfi kennara. Þeir þættir sem fagleg forysta kennara snýst um eru umbætur í menntamálum og skólaþróun, fagvitund og lýðræði í skólasterfi.

Skýrsla UNESCO um þróun menntamála í heiminum frá 2000 til 2015 sýnir greinilega kreppu. Milljónir barna eru ýmist ekki í skóla, í skóla sem sinnir ekki þörfum þeirra, eða hætta án þess að öðlast þá grundvallarfærni sem þarf til að taka þátt í samfélaginu. Í mörgum löndum eru málin þó í betra standi.

Í tillögum alþjóðastofnana á borð við UNESCO um aðferðir við að koma á umbótum í menntamálum er lykilhlutverk kennara sett í brennidepil, og tekið fram að starfandi kennarar séu ekki allir nógu góðir. Bæta þarf kennaramenntun og ráða til starfa fleiri og betri kennara til að vega upp ágalla hinna, koma á árangurstengdu launakerfi og samkeppni milli kennara og skóla, safna meiri upplýsingum um skólasterfið til að stjórna og gera skóla og kennara ábyrga, umbylta námskrám og þjálf þá sérstaklega í því að meta kennslu. Alþjóðlegar stofnanir hafa mikil áhrif og hugmyndirnar þaðan verða smám saman hin viðteknra skoðun.

Og þegar kemur að stefnumótun og ákvörðunum í menntamálum á alþjóðavísu og í einstökum löndum eru kennarar ekki með í ráðum.

Skólaþróun

Mikilvægustu spurningarnar um stefnu og ákvarðanir í menntamálum snúast um starf skóla að því að bæta menntun og



Aðalheiður Steingrimsdóttir, varaformaður KÍ

námsárangur og aðferðirnar sem eru notaðar við það.

Stjórnvöld leggja upp úr að þekkja þá þætti sem eru taldir geta aukið árangur og ekki er verra að geta stuðst við rannsóknir og skýrslur þar sem bent er á stystu leiðirnar að þessu marki. Sérfræðingar eru því beðnir að skaffa tölur um samhengið milli árangurs nemenda og þess sem kennarar gera. Og þegar árangurinn lætur á sér standa eru skilaboðin þau að lítið þýði fyrir kennara að benda á bakgrunn og heimili nemenda því það sem þeir geri sé aðalatriðið. Að sjálfsögðu skiptir það máli sem kennarar gera en ekki eins og stjórnvöld líta á það.

Þessar aðferðir leiða til þrengingar á kennarahlutverkinu og hugmynda um að hægt sé að skipta skólasamfélaginu í tvo aðskilda hópa, annars vegar þá sem sjá um kennsluna og hins vegar þá sem bera ábyrgð á því að auka árangur. Afleiðingin er aukið skrifræði og vinnuálag í skólastarfinu, hlaupið er á eftir betri greiningum og tölfraði til að auka árangur – kerfið og tölurnar eru aðalatriðið en ekki sjálft skólasterfið. Ábyrgðarskyldan á skólakerfinu færirst frá stjórnvöldum yfir á skóla og kennara og til verður það sem nefnt er „stofnavæðing vantraustsins“.

Það sem skiptir mestu máli um starf að því að bæta menntun og árangur er

langtímauppbygging þekkingar og getu í skólunum til að vinna að skólaþróun. Skjótar lausnir og aðferðir við að bæta árangur virka í skamman tíma en ekki þegar til lengri tíma er lítið.

Ýmsar aðferðir eru þekktar við að byggja upp þekkingu og getu í skólum til að efla skólaþróun. Hér má meðal annars nefna skólann sem lærdómssamfélag, skólann sem samfélag leiðtoga sem læra og fagauðinn í skólanum. Þessar aðferðir eiga það sameiginlegt að leggja áherslu á valdeflingu, faglega forystu og persónulega skuldbindingu við skólasterfið til að efla gæði náms og kennslu.

Allir kennarar geta haft forystu og forysta er ekki bundin við tilteknar stöður í stjórnkerfi skólans. Forysta tengir saman nám á mörgum stigum sem styðja þarf við og samræður um aðferðir sem koma að gagni um menntun nemenda og nám og kennslu. Þetta snýst um stöðu kennara til að hafa áhrif og að þeir upplifi að framlag þeirra skipti máli, séu í forystu og byggji saman upp menningu og starfshætti í þessum tilgangi.

Það er margt sem skólastjórnendur geta gert til að skapa hvetjandi umhverfi og aðstæður til að styðja við forystu kennara við að byggja upp þekkingu á kennsluháttum og aðferðum, þekkingu á hvað eigi að kenna og hvernig, aðferðum við að skapa aðstæður sem styðja við nám nemenda, þekkingu á því hvernig nemendur læra og hvað kemur í veg fyrir það, aðferðum við námsmat og að bregðast við tækifærum og vanda sem kemur upp. Þetta felur í sér sameiginlegt eignarhald á stefnu og málum sem kennarar hafa áhuga á að þróa í samræðum við starfsfélaga og að leiða breytingar í skólasterfinu til hagsbóta fyrir menntun og líf nemenda.

Fagvitund

Fagmennska snýst um gæði þess sem gert er, stöðu og virðingu fagstéttar og sanngjörnt laun. Fagmennska er að sönnu mikilvæg en hún er þó ekki allt. Fagvitund skiptir einnig miklu máli. Fagvitund felur í sér hvernig við lítum á hlutverk okkar sem kennara, hvernig við komum fram í hlutverkinu, framkvæmum það og hvaða skoðanir við höfum á umfangi þess.

- Litum við svo á að hlutverk okkar sem kennara sé að hafa rödd og áhrif og að vera faglegir talsmenn menntunar og kennarastarfsins eða lítum við svo á að

hlutverkið sé að fylgja fyrirætlunum?

- Litum við á okkur sem félaga í lærdóms-samfélagi eða er áherslan á það sem við gerum sem einstaklingar í kennslustofunni?
- Litum við á okkur sem breytingaafli og frumkvöðla eða er afstaðan að vera hlýðin og gera það sem stjórnvöld segja okkur að gera?
- Litum við svo á að leiðarljósinn í starfinu séu sjálfstætt faglegt mat, siðareglur starfsins og framkvæmd sem byggð er á faglegri ígrundun eða eru leiðarljósinn staðlar og reglur?
- Litum við svo á að þekking felist í að leita að þekkingu saman, endurskapa og búa til nýja þekkingu, hafa forystu og leiða eða litum við svo á kennaramenntunin hafi veitt nægan undirbúning fyrir kennarastarfið og að nóg sé að viðhalda henni með stöku námskeiðum og að starfsþróun sé einkamál hvers og eins?

Áberandi einkenni á fagvitund kennara er að þeir telja mikilvægt að hafa siðferðilegan tilgang í starfinu, að gera gagn fyrir nemendur og samfélagið. Fagvitund hefur mikla þýðingu fyrir starfsánægju, persónulega lífsfyllingu og tilgang. Fagleg forysta er mikilvægur þáttur í fagvitundinni.

Hvers vegna er mikilvægt að kennarar séu breytingaafli í menntamálum? Fagvitund eða siðferðilegur tilgangur kennarastarfsins og afstaða til breytinga haldast hönd í hönd. Það að gera gagn fyrir nemendur og samfélagið snýst um skólaþróun og umbætur í menntamálum og faglega forystu. Siðferðilegur tilgangur hefur þau áhrif að kennarar komast nær þörfum barna og ungmenna, og staða kennara til breytinga leiðir til þess að þeir þróa betri aðferðir til að vinna að siðferðilegum markmiðum í námi og kennslu.

Í rannsókn sem Alþjóðasamtök kennara létu gera fyrir nokkrum árum voru tekin viðtöl við kennara í mörgum löndum um viðhorf þeirra til eigin getu í starfi, sýnileika og forystu. Niðurstöðurnar sýna greinilega að kennarar vilja hafa áhrif á stefnu og ákvarðanir í menntamálum, og þeir vilja vera sýnilegir og hafa forystu.

Í mörg ár hefur dr. David Frost, í samstarfi við kennara og skóla í suðausturhluta Englands, starfrækt sérstakan vettvang sem heitir „HertsCam Network“ til að styðja við



Dr. David Frost, prófessor við menntasvið Cambridge-háskóla, hélt fyrirlestur um faglega forystu kennara á Skólamálaþingi KÍ sem fram fór á Alþjóðadegi kennara, 5. október síðastliðinn.

skólaþróun og faglega forystu kennara. Þar er meðal annars boðið upp á að skipuleggja þróunarverkefni sem kennarar vinna að í sínum skólum með starfsfélögum sínum, og að nýta til þessa verkfæri til að koma á breytingum sem hafa jákvæð áhrif fyrir líf nemenda. Kennarar miðla frásögnum af starfinu út í samfélagið og eru sýnilegir í umræðum um menntamál sem faglegir málsvarar menntunar og kennarastarfsins. Þetta er gert til að auka áhrif kennara á stefnu og ákvarðanir í menntamálum.

Lýðræði í skólastarfi

Og hvaða máli skiptir lýðræði í sambandi við faglega forystu kennara? Áhersla á miðstýrt mat og mælingar og sniðganga þekkingar kennara, þátttöku þeirra og áhrifa, skapa ekki góð skilyrði í skólastarfinu fyrir miðlun lýðræðislegra gilda til barna og ungmenna. Lýðræðisleg gildi felast í þátttöku, að hafa rödd, umburðarlyndi, að færa rök fyrir skoðunum sínum, að vera hluti af hóp, jafnræði, gagnkvæmum áhrifum og sameiginlegri ábyrgð. Hvernig komum við þessu til skila til barna og ungmenna? Hvernig getur

Mikilvægustu þættirnir í stefnu og ákvörðunum í menntamálum snúast um aðferðir við að bæta menntun og námsárangur barna og ungmenna.

ungt fólk lært að tileinka sér lýðræðislega lífshætti nema þeir séu að verki og sýnilegir í skólastarfinu?

Mikilvægustu þættirnir í stefnu og ákvörðunum í menntamálum snúast um aðferðir við að bæta menntun og námsárangur barna og ungmenna. Þar eru meginatriðin að skólar vinni sjálfir að uppbyggingu getu og þekkingar til langs tíma með samræðum og samstarfi um kennslufræði og kennsluhætti og stöðu kennara til að hafa áhrif. Þetta er kjarni vel heppnaðra breytinga í menntamálum en ekki ákvarðanir að ofan og miðstýrt mat og mælingar.

VERÐLAUNASMÁSÖGURNAR Á ALÞJÓÐADEGI KENNARA

Alls bárust um 190 smásögur í smásagnasamkeppni sem Kennarasambandið efndi til í samstarfi við Heimili og skóla í tilefni Alþjóðadags kennara, 5. október. Þetta er annað árið í röð sem efnt er til keppni af þessu tagi og hafa viðtökur verið mjög góðar í bæði skiptin.

Þema keppinnar var „kennarinn minn“ en keppendur höfðu að öðru leyti frjálssar hendur við smásagnagerðina.

Keppendum var skipt í flokka eftir skólastigum og aldri; í leikskólaflokk, þrjá grunnskólaflokka og framhaldsskólaflokk.

Dómnefndin hafði í nógu að snúast við að lesa sögurnar en hana skipuðu Kristín Ómarsdóttir skáld, Kristján Jóhann Jónsson, dósent við menntavísindasvið HÍ, og Bryndís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SAMFOK.

Verðlaun fyrir bestu sögurnar í


hverjum flokki voru veitt við hátíðlega athöfn í Kennarahúsinu að morgni Alþjóðadagsins. Þórður Hjaltsted, formaður KÍ, afhenti verðlaunagripina sem voru lesbretti og viðurkenningarskjal. Dómnefndarfólkið hafði á orði að „vinnan“ við að lesa smásögurnar hefði verið stórskemmtileg og gefandi.

Verðlaunasögurnar eru allar birtar hér í Skólavörðunni. Njótið vel.



Að lokinni verðlaunaafhendingu stilltu verðlaunahafar sér upp en þess má geta að aðeins hluti barnanna á Fífuborg gat verið við athöfnina. Verðlaunahafarnir, auk leikskólubarnanna, eru Guðlaugur Heiðar Davíðsson, Eyþór Ingi Brynjarsson, Guðný Salvör Hannesdóttir og Bryndís Bolladóttir. Auk þess eru á myndinni Sæunn Pedersen, leikskólastjóri Fífuborgar, Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, Kristín Ómarsdóttir skáld, Kristján Jóhann Jónsson dósent, Bryndís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SAMFOK, og Þórður Á. Hjaltsted, formaður KÍ.

Guðlaugur Heiðar Davíðsson, í 4. bekk Hamraskóla í Reykjavík



Guðlaugur Heiðar hlýtur verðlaun í grunnskólaflokki fyrir söguna Kennarabófi. Hann segist ekki beinlínis hafa skrifað margar sögur. Spurður um upphaldsbókina um þessar mundir segir hann það vera Óvættafór eftir Adam Blade. Trúarbragðafræði er upphaldsnámsgrein Guðlaugs sem er þegar byrjaður að skrifa

næstu smásögu. Nýja sagan mun bera titilinn Qaertella.

Umsögn dómnefndar

Sagan Kennarabófi gengur út frá því sem gefnu að gæslukerfi samfélagsins, með hundrað vörðum og sæg af grimnum ljónum, hafi ekki roð við kennaranum þegar hann hefur tekið ákvörðun. Með sverði sem lengist óendanlega getur hann lamið verðina og með svipunni getur hann kúskað ljónin. Valdið er fólgið í hlutverki kennarans og það er hann sem ákveður hvað er rétt og hvað rangt. Mikil er ábyrgð þeirra sem fara með svo mikið vald!

KENNARABÓFI

Kennarinn minn er bófi. Hún er búin að stela fullt af hlutum en eitt sinn stal hún stærsta, flottasta og dýrmætasta hlut í heimi sem var mynd af demanti.

Það gerðist eitt gott kvöld þegar hún var að narta í samloku að hún fékk frábæra hugmynd að fara að stela einhverjum hlut og þá fékk hún hugmynd að stela stærsta, flottasta og dýrmætasta hlut í heimi. Það var mynd af demanti. Hún stóð upp og fór að græja dótið sitt og gera sig til. Svo lagði hún af stað í þessa hættulegu för. Hún var komin eftir tuttugu mínútur.

Myndin af demantinum var á fimmtu hæð. Hún labbaði inn. En svo sá hún um hundrað verði og þeir sáu hana sömuleiðis. Hún tók upp sverð því hún gat lamið með því í hvaða fjarlægð sem var. Hún barði þá léttilega og svo fór hún á fyrstu hæð. Myndin af demantinum var á fimmtu hæð. En á fyrstu hæð þar voru ljón í tugatali sem voru grim og sólgín í að kála henni svo hún tók upp svipuna sína. Hún labbaði rösklega inn og ljónin sáu þennan lögbrjót sem var í raun og veru kennari. Hún barðist við flest þeirra

en nokkur stóðu vörð við fallegar og flottar dyr en eitt gerði ekki árás. Hún barðist við þau sem gerðu árás. Hún tók fullt af trixum en komst hvorki lönd né strönd. Þá tók hún upp sverðið sitt og lamdi öll ljónin í klessu nema eitt. Það sem gerði ekki árás fyrr en núna. Það stökk á hana með rosa brögðum en hún var of snögg fyrir ljónið. Þau börðust í rosabardaga en að lokum sigraði hún með því að rota það.

Á næstu hæð voru alls konar gildirur, fullt af hnífum og göddum. Þar þurfti hún nota hæfileika sína til að smeygja sér fram hjá öllum hnífunum og göddunum. Hún komst með erfiðleikum fram hjá öllu. Þetta varð erfiðara með hverri hæðinni. En þá kom hún á þriðju hæð. Þá hitti hún frægu draugabílana. Þeir eru þekktir fyrir að stöðva lögbrjóta. Og svo sáu bílarnir fræga bófann. Hún stökk í loft upp og tók að berjast. Hún tók vélarnar úr öllum bílunum með erfiðismunum. Hún var kófsveitt eftir þetta. Enn átti hún eftir tvær hæðir og svo kom hún á fjórðu hæð. Þar voru górilla sem voru brjáláðar. Brjáláðar í að kála

meistararnum. Henni!!! Hún gat ekki notað sveigjanleikann á móti þeim. En núna þurfti hún að nota vopn. En núna þurfti hún ekki að nota sverðið. Núna notaði hún rafbyssuna miklu. Hún skaut og skaut en það var vonlaust, þær voru of snöggar. En allt í einu datt ein górilla og hún skaut hana. Þá hópuðust allar hinar að rotuðu górillaunni og þá fékk hún tækifæri og skaut allar górillaunar. Þannig komst hún fram hjá þeim.

Svo kom hún á fimmtu hæð. Þar sá hún vélmenni sem er ekki bara eitthvað vélmenni heldur TURBO.2.000.000 og er sérhannað til þess að berjast. En hún sá ekki bara vélmennið heldur líka myndina!!! En hún tók hana ekki strax því þá byrjaði lokabardaginn. Hún barðist við vélmennið. Þau stukku og hlupu en þá tók hún upp rafbyssuna og hún skaut. Búmmmm!!! Hún hitti og gerði út af við vélmennið. Byssan kom heldur betur að góðum notum í þetta skiptið. Henni hafði tekist að brjótast inn í öruggasta kerfi í heimi. Hún tók myndina og fór glöð og sæl heim að sofa.



Eybór Ingi er sigurvegari í flokknum grunnskóli 5. til 7. bekkur. Hann segist ekki hafa skrifað ýkja mikið af sögum fyrir utan nokkrar „litlar sögur“ sem hann gerði í skólanum í fyrra. Syrpa og Dagbók Kidda klaufa eru þær bækur sem eru í mestu uppáhaldi um þessar mundir. Eybór Ingi segir stærðfræði, heimilisfræði og íþróttir skemmtilegust námsgreinarnar.

Nýi kennarinn í Littlahól er skemmtileg saga eftir glúrin höfund með tveggja heima sýn. Sögumaður gengur ekki að því grufandi að nemendur, og væntanlega hann þar með talinn, eru erfiðir við kennarann, veit í hverju þetta liggur og sér mótleiki kennarans eins og þjálfaður skákmaður. Kennarinn hefur betur í þessu tafli og forfallakennari sem inn kemur verður andstæða hans. Kennarinn vinnur hjarta nemendanna og nemendurnir stíga inn í heim fullorðinna og verða gerendur í lífi sínu og starfi, ekki einungis gerendur í andstöðu við kennarann.

NÝI KENNARINN Í LITLAHÓL

Einu sinni var kennari sem hét Máney Birna Guðjónsdóttir. Hún var með blá augu, skollitað hár og frekar mjó. Hún átti mann sem hét Guðbrandur Sigurðsson og var hún ólétt af fyrsta barninu sínu. Hún var mjög vinsæll kennari í Reykjavík. Dag einn varð hún mjög þreytt og leið á að kenna svona mörgum börnum þannig að hún hætti og sótti um vinnu sem kennari í litlu þorpi úti á landi. Í þorpinu var lítill skóli sem hét Litlihóll. Börnin þar voru frekar óþekk og kunnu ekki að lesa. Flestir kennarar sem byrjuðu að vinna þar hættu strax og flúðu aftur þangað sem þau bjuggu áður.

Börnin sem hún átti að kenna ætluðu að hræða hana þannig að hún myndi hætta og þau þyrftu ekki að læra.

Máney Birna var sniðugur kennari. Hún byrjaði á að kenna þeim það sem er skemmtilegt eins og vísindi. Hún lét þau búa til sinn eigin ís og brjóstsykur þannig að þeim myndi líka betur við hana. Þetta gekk bara vel en ekki alveg því að eftir viku þá voru þau orðin aftur galin. Hún lét ekki undan síga og dó ekki ráðalaus. Hún var með tónlistartíma og lét krakkana herma eftir stöfum og léttum orðum þannig að þau myndu læra stafrófsröðina og að lesa lítill orð. Eftir viku voru krakkarnir farnir að lesa ágætlega. En ekki voru allir krakkarnir hættir að vera óþekkir. Þarna var nefnilega strákagengið sem lagði svo mikið í einelti og eyðilagði fyrir hinum sem var farið að líka


vel við hana Máneyju Birnu. Þetta fannst Máneyju Birnu erfitt. Hún ætlaði að búa til bók og skrifa niður alla sem voru vondir og búa til verkefni handa þeim sam fjallaði um sjálfstjórnun og tilfinningar. Einnig fannst henni sniðugt að þeir gerðu leikrit um það hvernig þeim sem var strítt liði þegar einhver stríddi þeim. Þetta þýddi það að þeir fóru að skilja betur hvernig öðrum leið þegar þeir voru vondir. Þeir fóru að leggja sig fram að læra og urðu svaka klárir. Í stærðfræðitíma voru þeir farnir að gera sitt besta og kláruðu verkefnið sem fyrst. Það þýddi að þeir þyrftu aldrei að taka með sér verkefni heim og gátu því spilað fótbolta og leikið sér allan daginn.

Krökkunum var farið að þykja svo vænt um hana Máneyju Birnu að þeir voru farnir að kvíða fyrir að hún myndi fara frá þeim. Svo kom að því að Máney fæddi tvíbura, stelpu og stráki. Hún skírði þau Ásu og Sigurð. Krakkarnir heimsóttu hana á hverjum degi í jólafríinu og söknuðu hennar mikið. Þegar nýtt ár byrjaði, byrjaði nýr kennari að kenna við skólann í staðinn fyrir Máneyju. Hann hét Jónatan og var frekar reiður og pirraður kennari. Hann var alltaf að öskra á krakkana og skamma þau. Hann lét þau fá mikið nám heim eftir skóla þannig að þau gátu aldrei leikið sér. Þegar mánuður var liðinn voru þau orðin pirruð á Jónatan og ákváðu að mæta ekki meira í skólann. Þau fóru öll heim til Máneyjar

og lærðu þar. Skólastjórinn í skólanum lét reka Jónatan og leyfði henni Máneyju að koma með tvíbura með sér í skólann til að kenna krökkunum aftur. Það var þínu erfíðara að kenna með svona lítill börn. Þess vegna þyrftu krakkarnir að hjálpa henni. Þau voru dugleg að hlusta, hafa hljóð og hjálpa hvert öðru.

Þegar vorið kom átti að vera íþróttakeppni milli skóla í landinu. Þau átti að finna nafn á liðið sitt sem tengdist gulu og völdu þau nafnið Gulihóll. Það átti að keppa í kapphlaupi. Þau voru nú ekkert svakalega góð en ákváðu að vinna saman og vera dugleg að æfa sig. Það var engin hlaupabraut í svona litlu þorpi þannig að þau þyrftu að hlaupa í móanum. Krakkarnir í bekknum voru svo klár að hlaupa um móann því að það var mói í kringum bæinn. Þetta gerði það að þau voru ennþá fljótari þegar þau hlupu á sléttu. Máney fór með þau og tvíbura á hverjum degi að æfa sig. Þegar keppnin átti að vera voru þau orðin svo fljót að þau unnu keppnina og slógu hraðamet frá 1985 sem engum hafði tekist áður. Þegar skólanum lauk þetta árið voru öll börnin í skólanum orðin læs og klár stærðfræði, íslensku og vísindum - og ekki má gleyma í íþróttum. Allir krakkarnir gáfu Máneyju Birnu fallega gjöf og hlökkuðu til að byrja aftur í skólanum.

Bryndís Bolladóttir, nemandi í Borgarholtsskóla og sundkona



Bryndís bar sigur úr bítum í framhalds-skólaflokki. Hún segist hafa skrifað nokkrar sögur í gegnum árin, einkum í skólanum. Spurð hvaða bækur séu í mestu uppáhaldi segir hún: „Um þessar mundir eiga námsbækurnar hug minn allan. Þá er Sjálfstætt fólk eftir Halldór Laxness hvað mest við hendina þessa dagana en ég hef ekki alveg myndað mér skoðun á því verki.“ Bryndís er þegar byrjuð á næstu smásögu og það verður að teljast ánægjuefni.

Umsögn dómnefndar

„Sagan Hún kenndi mér allt sem ég kann – sigursaga þyrnidansara í þunglyndi er með blæ furðusagna og leitar út úr þröngum ramma veruleikans strax í titli sögunnar. Rödd mælandans í sögunni hirðir ekki um að útskýra nema það sem henni sýnist. Það er reynt harkalega á sveigjanleika textans og merkingarinnar og yfir sögunni ríkir óvissa um takmörk veruleikans. Við fáum ekki að vita hver „Hún“ er, sem hefur kennt sögumanni allt – og kannski veit mælandinn í sögunni það ekki heldur. Hið óþekkta hefur löngum verið viðfangsefni bókmenntanna. Höfundur tekur áhugavert skref úr sagnaheimi bernskunnar og inn í heim fullorðinna.“

HÚN KENNDI MÉR ALLT SEM ÉG KANN – SIGURSAGA ÞYRNIDANSARA Í ÞUNGLYNDI

Þetta er komið gott. Ég einfaldlega get ekki meira, eins mikið og mig langar til að langa. Mig langar til að langa að vera hérna, en eins mikið og ég neyði sjálfa mig áfram, neyði sjálfa mig til að gera eitthvað sem er svo ófyrstíganlega erfitt núna, þá er þetta einfaldlega ekki sami leikur og þetta var áður fyrr. „Þú getur allt sem þú vilt,“ segir Hún. Hún er alltaf tilbúin að hughreysta mig í gegnum allt sem hefur gengið á í mínum brenglaða heimi. Það breytir samt ekki tilfinningunum sem hafa gert sig heimakomnar í mínum tilfinningabanka. Ég vil ekki vera hérna lengur. Ég get ekki meira af þessu.

Ég ætla að loka augunum, bara eitt andartak. Hún tekur ekki eftir því. Í sömu andrá og augun renna hægt og rólega aftur til að skilja mig frá umheiminum eitt andartak lemur vindurinn fast í gluggann við hliðina á mér, eins og hann sé að reyna að minna mig á staðsetningu mína, minna mig á Þunglyndið, þar er ekki sýnd nein miskunn. Mér verður lítið snöggvast út. Vindurinn dansar við rauðgulu farfluglana með sérkennilega flugháttinn. Þá sér maður einungis í byrjun skólaárs, allavega í þessum litbrigðum.

Ég kemst ekki hjá því að velta fyrir mér

hvenær ég missti vængina mína. Ég er meira að segja fullviss um að allir hafi einhvern tímann haft vængi en ég er einnig nokkuð viss um að fæstir hafi vitað af vængjunum sínum, gefið þeim einhvern gaum eða notið þeirra á meðan þeir voru til staðar. Ef ég hefði bara tíma til að finna þá aftur þá kannski myndi allt taka lit á ný. Kannski myndi allt verða betra. Ég gæti upplifað áhuga, sjálfstöryggi, ánægju eða einhverjar aðrar fjarlægjar tilfinningar í þessum dúr. Tími er samt sem áður ómarkverð stærð í mínu lífi, eins mikið og ég myndi kjósa að raunveruleikinn væri annar, þess vegna er vonin mér svona líka afskaplega fjarlæg. Tími er satt að segja ómarkverð stærð í lífi flestra fugla á mínum aldri. Það er nefnilega á mínum aldri sem að flestir tyna vængjunum sínum og því miður eru alltof fáir sem finna þá aftur. Ég er ekki svo bjartsýn á að finna mína vængi aftur. Ég klemmi augun fast saman. Augun eru minn varnarmúr. Ekkert getur skaðað mig þegar augun eru lokuð. Hugsunin um eilíft vængjaleysi hverfur þó ekki. Augun geta ekki bjargað mér frá slíkum sálarsjúgandi hugsunum.

„Taktu bara einn dag í einu,“ segir Hún rólega. Hún tekur eftir öllu. Ég róast aðeins við þessi mjúku orð hennar en veit

alveg hvað henni finnst. Ég veit hvað öllum finnst. Hún heldur að ég sé brjáluð. Það halda það allir. Ég held að ég sé brjáluð. Ég opna hægt augun. „Engar áhyggjur,“ segir hún hughreystandi í þetta skiptið, „þetta fer allt vel.“ Glugginn er ennþá opinn þó að vindurinn hafi verið ansi ágengur við hann fyrir andartaki síðan sem hefði án efa gefið einhverjum öðrum ágætis ástæðu til að sýna vindinum óæðri endann en glugginn góði stendur alltaf sína plikt, þolinmóður og dyggur félagi, leyfir lífinu að koma inn í smáum gustum. Farfluglarnir hafa hins vegar greinilega fundið ástæðu til að reiddast vindinum. Þeir eru að minnsta kosti hættir að dansa og liggja bara í götunni á við og dreif. Vindurinn hefur greinilega skammast sín enda hefur hann einnig róað sig niður.

„Og þér finnst skritið að fólk haldi að þú sért brjáluð?“ Þetta var dálítið sárt. Hún heldur mér allavega á jörðinni með hreinskilnum athugasemdum sínum. Hún myndi aldrei ljúga að mér. Hún getur það ekki. Ég myndi vita það.

Blýanturinn starir illilega á mig og gefur í skyn að hann hafi ekki tekið morgunvakt enn einn daginn með Þunglyndið í loftinu til þess að fara heim gjörsamlega óáyrta, aftur. Fyrirgefðu, fyrirgefðu. „Gerðu bara

eitthvað. Reyndu að fylgjast aðeins með og koma einhverju frá þér þó að það sé dálítið erfitt í dag.“ Hún er alltaf til staðar, tilbúin að veita mér athygli og veita mér aðstoð. Ég neita því ekki. „Það mun gera þér mun auðveldara fyrir ef þú dregst ekki afturúr, þú veist það sjálf. Þunglyndið sýnir enga miskunn.“ Já, það veit ég fullvel. Þunglyndið er einmitt ástæðan fyrir því að ég upplifi þessa ódrepani löngun til þess eins að finna löngunina á ný. Löngunina til að hefjast handa og einnig gleðina við að vinna þetta. Blýanturinn er farinn að öskra. Ég gríp utan um hann í snatri í þeirri von að enginn heyri ópin hans. Ég vil ekki vekja á mér slíka athygli.

Ég er byrjuð. Blýanturinn fékk ósk sína uppfyllta, þökk sé Henni. Hún nær alltaf að hughreysta mig á einhvern ótrúlegan hátt sama hvað lægðirnar verða lágur. Lægðirnar hafa verið tíðar undanfarið eftir að Þunglyndið byrjaði aftur og tíminn fór aftur í það að vera ómarkverð stærð á nýjan leik, jafnvel ómarkverðari en nokkru sinni, eins mikið og ég efaðist um að það væri möguleiki eftir síðasta Þunglyndi. Mér finnst lægðirnar stundum lækka bara og lækka og ég fæ meira að segja daga þar sem ég er alveg viss um að þær lækki bara niður í það óendanlega. Það kviknar þó alltaf eitthvað ljós á einhverjum tímamarki, yfirleitt þegar ég er bókstaflega á barmi taugaáfalls, og get farið að bíða eftir næstu lægð. „Þetta verður ekki svona alltaf. Tímarnir verða betri, vittu til.“

Ég stoppa andartak og virði fyrir mér afraksturinn. Blýanturinn virðist nokkuð sáttur með okkar vinnu og það er ekki annað að sjá en að ég hafi bara komist vel af stað. Það kemur fyrir.

Ég vil líkja þessu tímabili við boga og örvar. Satt að segja vil ég gjarnan líkja sjálfri mér við örvar. Ég er dregin aftur af fullu afli en einn daginn mun ég þjóta á fullri ferð í gegnum andrúmsloftið og skera á öll agnarsmáu voldugu frumefnin og sameindirnar með glæsibrag og á ógnarhraða. Við fundum þessa líkingu út í sameiningu, ég og Hún. Hún hjálpar mér við svo margt og

ég er Henni mjög þakklát fyrir það. Ég er Henni mjög þakklát fyrir allt sem Hún hefur kennt mér og allt sem Hún hefur leiðbeint mér í gegnum. Samband okkar er ekki alltaf einhver dans á falletum og dúnmjúkum rósum. Satt að segja er alls ekki óalgengt að samband okkar sé meira eins og dans á þyrnum. Dans með tilheyrandi tárnum og vonleysi.

Þetta er samt sem áður eina sambandið sem ég mun alltaf eiga. Hún fer aldrei frá mér.

Ég er búin að læra svo margt af öllum lægðunum og hæðunum og miskvalafullum dönsum. Við erum búnar að læra svo margt af þessu öllu saman. „Ekki fara aftur að ráfa núna, reyndu að vera einbeitt örlítið lengur. Það er svo lítið eftir.“ Já, það er alveg rétt hjá Henni. Ég á það til að sleppa huganum lausum. Sumir vilja meina að þetta sé athyglisbrestur eða einbeitingarskortur eða eitthvað álíka en ég vil meina að vængirnir mínir séu að finna leiðina heim, heim til mín.

„Lífið er svo dásamlegt.“ Já, því get ég ekki neitað. Ekki núna.

Ég teygdi mig í blýantinn og tek til við að ná upp þræðinum þar sem ég skildi við hann. Þetta er alls ekki svo slæmt eftir allt saman. Ég væri líklega farin héðan fyrir löngu síðan ef það væri ekki fyrir Hana. Nei, hvern er ég að plata, ég hefði ekki einu sinni komið hingað ef það væri ekki fyrir Hana.

Ég stend mig að því að brosa út í annað. „Þarna þekki ég þig.“ Hún tekur eftir öllu.

Mér líður mun betur núna. Ég og blýanturinn tókum okkur stutt hlé eftir gott samstarf. Mér verður lítið út eina ferðina enn. Ég hafði það á tilfinningunni að einhver væri að reyna að kalla á mig. Mér til mikillar skemmtunar sé ég að vindurinn er farinn að taka lit á ný og dansar nú með glæsibrag við rigninguna. Farflugarnir horfa á með aðdáun, hreyfingarlausir í götunni. Þeir hafa líklegast verið að kalla. Við ætlum að fljúga saman einhvern daginn og ef vel stendur á gæti verið að Hún vilji koma með.

„Fall er greinilega fararheill. Þetta er allt uppávið héðan af, annað er ekki að sjá.“

Takk fyrir mín kæra. Ótrúlegt en satt þá er að færast yfir mig vellíðunartilfinning. Af hverju ætli það sé? Þetta eru vængirnir mínir, ég er viss um það. Annað getur þetta ekki verið. Ég finn vonina og sjálfsmýnd mína taka sína réttu mynd á ný. Ég get flogið. Ég stekk út í snatri í þeirri von að Hún taki ekki eftir því. Hún myndi segja eitthvað við mig. Hún myndi reyna að letja mig til verks. Þunglyndið virðist fjarlægara en nokkru sinni fyrr. „Þú ert ekki að hugsa rökrétt núna,“ heyri ég daufa rödd kalla „ekki gera neina vitleysu.“ Nei, ég get ekki hlustað á þetta núna, fyrirgefðu. Þú verður að sýna því skilning, gerðu það. Í fyrsta skipti í langan tíma hef ég það á tilfinningunni að ég hafi einhverja stefnu.

Ég ætla að fljúga.

Ég stekk fram hjá öðrum vængjalausum fuglum sem hafa sjálfsglötunarsvipinn málaðan yfir sín aumkunarverðu andlit. Þennan svip hef ég ekki lengur. Ég er ekki aumkunarverð og sjálfíð hefur fyllt upp í sjálfsglötunartómið með öllum sínum regnbogans litum. Ég ætla upp, það er orðið alltof langt síðan ég fór þangað. Vængjalausu fuglarnir reka upp undrunarsvip þegar ég stekk framhjá þeim einum af öðrum. Þeir öfunda mig. Ég hef vængi. „Nú ertu farin að líta heldur stórt á þig. Þú varst á þessum sama stað fyrir alls ekki svo löngu.“

Hún hefur rétt fyrir sér. Ég hef rétt fyrir mér.

Ég er satt að segja farin að halda að ég sé í raun svífandi yfir þeim öllum. Hingað til hef ég aldrei haft neinar tilfinningar í þeirra garð en það er eingöngu af því að ég hef alltaf tengt þau öll við Þunglyndið, afvængjavæðingu ungdómsins. „Farðu niður af þessu bleika skýi og farðu að hugsa rökrétt aftur.“ En hvað ef ég vil það ekki? Hvað ef ég vil vera uppi á þessu bleika skýi? Hvað ef ég vil jafnvel láta reyna aðeins á vængina mína. Þú mátt koma með ef þú vilt.

„Ekki gera neina vitleysu,“ segir hún aftur. Ég er komin upp á topp. Ég kem alltof sjaldan hingað upp. Allir vængjalausu fuglarnir eru svo smáir frá þessu sjónarhorni. „Ekki gera þetta. Við vitum báðar hvað gerist

ef þú...“ Hún getur ekki klárað setninguna. Mér finnst örín, ég, vera komin eins langt aftur og hún mögulega kemst með bogastrengnum. Er ég ör eða er ég fugl? Hvort heldur sem er, ætti ég þá ekki að láta reyna á þetta? „Nei, segi ég,“ ég er farin að skynja áhyggjutóninn „slakaðu núna aðeins á. Við skulum rólta saman aftur niður. Gerðu það.“ Hún hefur rétt fyrir sér, það veit ég fullvel. Þetta er bara eitt skref sem ég þarf að taka. Bara eitt skref. Ef ég stekki, stekkur Hún.

Hún hefur ekkert val. Hún er hluti af mér.

Seyðandi orð Hennar fá mig til að hika. Ég hef ekki verið að hugsa rökrétt. Ég er hvorki fugl né ör og ekki heldur fólkið sem röltir um langt fyrir neðan mig líkt og iðandi maurapúfa. Ég á að vera hluti af þessari iðandi maurapúfu. Ég á ekki að vera hérna uppi að íhuga möguleika á flugferð, það er líklega ekki besta hugmynd sem ég hef fengið um mína daga en ég þyki vera í hugmyndaríkara lagi, brjáluð með öðrum orðum. Allt sem Hún hefur sagt við mig fer að hringnúast í kollinum á mér. „Þú ert einstök. Þú getur allt sem þú vilt. Ekki gera

neina vitleysu. Farðu niður af þessu bleika skýi og farðu að hugsa rökrétt aftur.“

Hvernig veit ég hvenær ég er að hugsa rökrétt?

Þetta er ekki mín ákvörðun að taka og ekki heldur Hennar. Hún kenndi mér allt sem ég kann en hún ræður ekki öllu. Ég ræð ekki öllu. Bogaskyttan hefur gert upp hug sinn. Vængirnir breiðast út og farfuglarnir kalla á mig hástöfum. Þetta voru þá þeir sem kölluðu til mín eftir allt saman. Hún bitur mig. Hún bitur mig fast.

Hún er ótrúleg. Ég er ótrúleg.

Guðný Salvör Hannesdóttir, nemandi í 8. bekk Laugalandsskóla í Holtum.



Guðný Salvör hlýtur verðlaun í unglingaflokki grunnskólans fyrir söguna Áhugaverður álfakennari. Guðný segist hafa skrifað töluvert mikið af sögum. Þrileikurinn Afbrigði, Andóf og Arfleifð eftir Veronicu Roth eru hennar uppáhaldsbækur þessa stundina. Guðný segist hafa mest gaman af íþróttum í skólanum. Spurð hvort ný saga sé í farvatninu segir hún: „Nei, en vonandi bráðum“.

Umsögn dómnefndar

Áhugaverður álfakennari fjallar um togstreituna milli andúðar á skóla og námi annars vegar en hins vegar hlýju og vináttu í garð kennarans en þetta tvennt ætti að vera ósamræmanlegt. Þetta eru þverstæður sem einungis góður skáldskapur getur unnið úr og það gerist með þeirri myndu skýringu að kennarinn er áhugaverður og heillandi álfur úr álfheimum en það er einungis vinnan hans að vera kennari. Honum var bara sagt að gera þetta og vera eins og hann er. Á þeim forsendum geta kennari og nemandi fundið hvor annan og myndað hlýtt samband. Það er í góðu lagi að vera öðruvísi en annað fólk.

ÁHUGAVERÐUR ÁLFAKENNARI

Ég reyndi að hlaupa en gat það ekki. Fæturnir voru þungir sem blý. Ég horfði á hann nálgast og loks var hann kominn alveg upp að mér. „Nei,“ öskraði ég. Skyndilega missti ég jafnvægið og datt á jörðina. Ég fann hvernig höfuðkúpan skall í bergið. Sársaukinn var svo mikill að mér sortnaði fyrir augum. Þetta var hræðilegt, ég sá ekki neitt og mig svimaði rosalega.

Allt í einu heyrði ég rödd: „Katrín, Katrín“. Röddin var reiðileg, „Katrín, ef þú kemur þér ekki upp af gólfinu á stundinni þá...“. Ég opnaði augun og leit í kringum mig. Kletturinn sem ég hafði legið á var horfinn og í staðinn lá ég á grágrænum gölfdukknum í skólastofunni. Lóa kennari stóð yfir mér og horfði reiðilega á mig. Hún starði beint í augun á mér en ég leit strax

undan. Skólasystkini mín stórðu öll á mig og sum þeirra voru staðin upp til að sjá betur. Höfuðverkurinn hafði dvínað svolítið en ég fann ennþá sáran verk í hnakkanum. Lóa var byrjuð á reiðilestrinum yfir mér en ég var ekki að hlusta á hana. Ég var að hugsa um drauminn sem mig hafði dreymt. Ég hafði staðið uppi á álfakletti og einhver álfur sem bjó í klettinum hafði ætlað að ráðast á mig.

ÁHUGAVERÐUR ÁLFAKENNARI

Ég trúði á álfa og tröll og alls konar furðuverur en hinir krakkarnir stríddu mér á því. Þau sögðu að það væri barnalegt að trú á svoleiðis rugl. Þeim fannst að þar sem ég væri 13 ára ætti ég ekki að trú svoleiðis sögum. En ég veit betur. Ég hef séð ýmislegt sem annað fólk sér ekki, eins og tröll og einhyrninga. Ég var svo niðursokkin í hugsanir mínar að ég tók varla eftir því þegar Lóa rykkti mér upp af gólfinu og ýtti mér á undan sér út úr stofunni.

Ég settist á bekkinn fyrir utan stofuna og undirbjó mig undir meiri reiðilestur. En hann kom ekki. Það fyrsta sem Lóa gerði var að setjast við hliðina á mér á bekkinn. Síðan sagði hún: „Er allt í lagi, þú ert eitthvað svo utan við þig, var þig kannski að dreyma eitthvað sérstakt?“. Ég horfði á hana í smá stund en ákvað svo að segja henni frá draumnum. Ég vissi að Lóa gat þagað yfir leyndarmálum og þess vegna sagði ég henni líka frá hæfileikum mínum, að ég gæti séð ýmislegt sem venjulegt fólk sér ekki. Hún kinkaði kolla og virtist skilja mig. Eftir stutta þögn sagði hún: „Þetta er í þriðja skipti á fjórum dögum, af hverju sofnaðu alltaf í tíma hjá mér? Þessir hæfileikar útskýra ekki þessa hegðun þína, sofnaðu kannski líka í tíma hjá öðrum kennurum?“ Ég horfði niðurlút á gólfid fyrir neðan mig en ákvað svo að segja henni sannleikann. Ég sagði henni að ég hefði voða lítinn áhuga á námsefninu sem hún kenndi, hún væri ekki beint uppáhalds kennarinn minn og að ég hefði aldrei sofnað í tíma hjá öðrum kennara.

Lóa horfði á mig og ég reyndi að sjá á henni hvort hún væri móðguð en hún sýndi engin svipbrigði. Eftir nokkur vandræðaleg augnablik í algjörrri þögn sagðist hún ætla að sýna mér svolitid en ég þyrfti að lofa að segja engum frá því. Ég lofaði því og þá sagði hún

mér að standa upp og hugsa um allt það sem ég trúði á en væri ósannað að væri til. Mér fannst þetta frekar kjánalegt en gerði samt eins og hún sagði. Ég lokaði augunum til að ná betri einbeitingu og um leið og ég gerði það fann ég að Lóa tók í höndina á mér. Það fyrsta sem ég hugsaði um voru tröllin og jólasveinarnir þar sem ég hafði nokkrum sinnum séð jólasveinana og tröllid Grýlu koma labbandi niður Heklu. Svo hugsaði ég um englana og Guð og allt það fallega uppi í himnaríki þar sem ég hafði einu sinni farið í heimsókn til ömmu í draumi. Svo hugsaði ég auðvitað um álfana sem búa í klettunum. En um leið og ég hugsaði orðið álfur fann ég jörðina titra undir fótum mér.

Ég opnaði augun í flýti og leit á Lóa en hún virtist ekki hafa tekið eftir neinu. Þegar ég ætlaði að fara að spyrja hana út í þetta tók ég eftir því að það var orðið miklu hjartara heldur en inni í grámyglulegri skólabyggingunni. Ég leit í kringum mig og við mér blasti ótrúleg sjón. Við stóðum á fallegu engi og allt í kringum okkur voru blóm í öllum regnbogans litum. Sólin skein á himnum og í staðinn fyrir dökku skýin sem höfðu sveimað letilega yfir skólanum í morgun var kominn undurfagur regnbogi. Ég horfði agndofa í kringum mig. Alls staðar gaf að líta falleg hús, há tré, grænt gras eða tæra læki. „Velkomin til álfheima,“ sagði Lóa brosandí.

Ég varð steinhissa. Ég hafði alltaf vitað að álfheimar væru til en ég hafði aldrei komið þangað og ég hafði sko alls ekki búist við því að koma þangað með hversdagslega, mennta umsónarkennaranum mínum. Ég spurði Lóa hvers vegna hún væri með aðgang að álfheimum, sagði henni að ég hefði haldið að aðeins álfar gætu komið þangað inn. Þá sagði hún mér einfaldlega að hún væri álfur. Ég horfði efnis á hana og

reyndi að sjá hana fyrir mér með oddhvöss eyru og fjólublátt hár. Það gekk ekki vel. „En þú ert ekki með álfaeyru, ekki í kuflum gerðum úr laufum eða í támjóum skóm. Það er bara ekkert sem bendir til þess að þú sért álfur,“ sagði ég hneyksluð. Lóa sagði mér að það væri bara blekking, álfar litu ekki þannig út og væru í rauninni bara eins og venjulegt fólk í útliti. Ég var ekki viss hvort ég tryði þessu en ákvað að gera tilraun til þess. „Ég er álfur en vinnan mín er að vera kennari í mannheimum af því að það er starfið sem mig hefur alltaf dreymt um,“ útskýrði Lóa. Hún útskýrði fyrir mér að líf álfa væri alltaf skemmtilegt og þess vegna gerðu þeir bara það sem þeir vildu. Hún útskýrði þetta allt fyrir mér og smám saman fór ég að skilja þetta allt saman.

Síðan bauð Lóa mér að sýna mér álfheima og ég þáði það. Álfheimar voru ótrúlegir! Þeir voru ennþá fallegrir og ævintýralegrir en ég hafði nokkurn tímann getað ímyndað mér. Eftir nokkurra klukkustunda göngu um álfheima sagði Lóa að líklega væri best að við myndum koma okkur aftur í mannheima. Ég hafði skemmt mér svo vel að ég hafði algjörlega steingleymt mannheimum. Ég varð strax áhyggjufull og ímyndaði mér foreldra mína út um allt að leita að mér og alla krakkana sitjandi í skólastofunni að bíða eftir okkur. Ég sagði Lóu frá áhyggjum mínum en hún sagði að ég þyrfti ekki að hafa nein áhyggjur. „Í mannheimum líður tíminn miklu hægar en í álfheimum. Einn klukkutími í álfheimum er eins og ein mínúta í mannheimum, fyrir krökkunum erum við bara búin að vera í burtu í nokkrar mínútur,“ sagði Lóa.

Þegar við vorum komnar á engid þar sem við höfðum birst fyrr um daginn gerðum við alveg eins og þegar við komum nema við hugsuðum um menn í staðinn fyrir álfa.



Börnin í Hulduheimum leikskólans Fífuborgar.

Mannasaga er samstarsverkefni elstu barnanna í Hulduheimum leikskólans Fífuborgar. Tilurð sögunnar má rekja til þess að börnin skoðuðu mynd af manni í gleraugnaþúð í gömlu eintaki af Fréttablaðinu. Síðan spunnu þau þráð sem varð að stórskemmtilegri sögu.

Umsögn dómnefndar

Sögunni fylgir mynd af Sigga sem er ævintýrlegur maður og líklega kennari höfundanna. Hann er frægur vegna þess hve oft hann bjargar fólki sem aðrir hafa verið vondir við. Hann á mörg furðudýr sem ýmist eru staðsett í Hollandi eða á Berjarima. Hann þurfti að fá sér gleraugu og á skrilljón litríka sokka. Hér set ég beina tilvitnun: „Um daginn var Siggí mjög óheppinn. Hann var að grilla sykurlúða og kveikti í hárinu sínu og brenndi líka tilfinningarnar í höfðinu. Þess vegna er hann sköllóttur. Eftir slysið er honum alltaf kalt, þannig að Siggí neyðist til að nota heita pottinn sinn mjög mikið.“ Það er til einhvers að segja frá svona ævintýramanni.

MANNASAGA

Hér sjáum við hann Sigga. Hann er mjög frægur af því að hann er góður við fólk. Hann bjargar oft fólki sem aðrir hafa verið vondir við. Siggí á mörg dýr: tígrisdýr, páfagauk, blettatígur, kisu, hvölp, sæhest í fiskabúri, kanínu, górilla og mús. Siggí og öll dýrin hans búa stundum í Hollandi og stundum í Berjarima. Einu sinni sá Siggí allt

í móðu svo hann þurfti að fá sér gleraugu. Svo keypti hann sér gleraugnaþúð og öll gleraugun þar kosta 2000 krónur. Siggí gengur alltaf í litríkum sokkum og hann á örugglega hundrað, milljón, skrilljón sokka. Núna er Siggí að safna peningum til að kaupa sér tafl af því að hann langar í það. Um daginn var Siggí mjög óheppinn.

Hann var að grilla sykurlúða og kveikti í hárinu sínu og brenndi líka tilfinningarnar í höfðinu. Þess vegna er hann sköllóttur. Eftir slysið er honum alltaf kalt, þannig að Siggí neyðist til að nota heita pottinn sinn mjög mikið.

Titringurinn kom aftur en í þetta skipti var ég viðbúin svo að mér brá ekki eins mikið og í fyrra skiptið. Þegar ég opnaði augun vorum við komnar aftur á ganginn fyrir utan stofuna mína í skólanum.

Áður en við fórum inn í stofuna það ég Lóa um að lofa mér því að ég mætti koma aftur í heimsókn til álfheima. Hún samþykkti það með því skilyrði að ég stæði líka við loforðið um að segja engum það sem ég sá. Þegar Lóa sneri sér við og opnaði dyrnar að skólastofunni, virti ég hana aðeins fyrir mér. Álit mitt á henni hafði algjörlega breyst og mér fannst hún allt í einu falleg.

Mér varð hugsað til orðtaks sem hún kenndi okkur einu sinni: „Ekki dæma bókina eftir kápunni“ og mér fannst Lóa vera lifandi dæmi um það. Áður hafði ég dæmt hana algjörlega út frá því hvernig hún leit út en núna sá ég hvað hún var raunverulega falleg og skemmtileg. Þegar ég hugsaði nánar út í það gætu hinir kennararnir allt eins verið álfar, ég hafði bara dæmt þá út frá því hvernig þeir litu út en ekki hugsað út í það hvað þeir gerðu í frítíma sínum. Kannski voru allir kennararnir mínir bara ótrúlega skemmtilegir, ég myndi ekki komast að því öðruvísi en að kynnast þeim.

Ég hrökk upp úr þessum hugsunum mínum þegar ég heyrði lætin í krökkunum inni í skólastofunni. Þau voru að rifast en eins og Lóa sagði sýndu þau engin ummerki um að hafa beðið lengi eftir okkur. Ég settist í sætið mitt og einhver spurði Lóa hvort að hún hefði skammað mig nóg til þess að ég myndi ekki sofna aftur í tíma. Lóa brosti til mín og sagði að þetta myndi ekki endurtaka sig. Ég brosti til hennar á móti því ég vissi að þetta var rétt hjá henni, ég myndi svo sannarlega aldrei sofna aftur í tíma hjá álfakennaranum mínum.

JAFNRÆÐI GILDIR MEÐAL NEMENDA OG KENNARA

K „Kostirnir við fámenna skóla eru vissulega margir, miklu fleiri en ókostirnir. Þetta er í flestum tilvikum góður kostur fyrir krakkana, hérna er hægt að gera svo margt og frjálsræðið er mikið,“ segir Inga Sigrún Atladóttir, sem ráðin var skólastjóri Valsárskóla haustið 2013. Hún er guðfræðingur og kennari og lauk meistaraþrófi í stjórnun menntastofnana frá Háskóla Íslands í lok árs 2012.

Grunnskólinn Valsárskóli og leikskólinn Álfaborg í Svalbarðsstrandarhreppi í austanverðum Eyjafirði voru sameinaðir á síðasta ári og á þessu ári bættist við tónlistarskóli sveitarfélagsins. Nemendur leikskólans eru 24, nemendur grunnskólans eru 50 og starfsmenn eru samtals um tuttugu. Allt skólahald fer fram í sameinuðu húsnæði á Svalbarðsströnd en skólahverfið liggur frá Veigastöðum í suðri til Garðsvíkur í norðri. Frá Akureyri til Svalbarðsstrandar eru um 12 kílómetrar.

„Frá því ég tók við skólanum hefur verið unnið að því að innleiða hugmyndafræði sem byggir á leiðtogahæfni, tilfinningagreind og nemendalýðræði og ég hef unnið að því að móta námið eftir þessari hugmyndafræði. Við náum líka að halda þétt utan um nemendur, því sérkennslan er öflug og eftirfylgni í námi er rík. Hérna er unnið samkvæmt lotukerfi, hver lota er sjö vikur og í lokin fer fram mat á árangri hvers og eins. Þetta á bæði við um leikskólann og grunnskólann. Vissulega er þessi leið nokkuð kostnaðarsamari en hefðbundið skólastarf, en ég er sannfærð um að á endanum skili þeir fjármunir sér til baka.

Eins og lög gera ráð fyrir, þá fylgja því á stundum ókostir að fáir séu í hverjum árgangi, en við reynum að leysa úr því vandamáli með ýmsum leiðum. Að mínu

mati hefur sú vinna í flestum tilvikum skilað jákvæðum árangri. Kostirnir eru með öðrum orðum miklu fleiri en ókostirnir,“ segir Inga Sigrún.

Hvernig líkar starfsfólki að starfa í svona fámennum skóla?

„Það hefur gengið mjög vel og hérna ríkir góður starfsandi. Starfsfólkið er samhent og starfsmannavelta næstum engin sem segir ákveðna sögu. Ég innleiddi strax hugmyndafræðina um Leiðtogasamfélagið, sem eðlilega kallaði á umtalsverðar breytingar á starfsháttum allra, jafnt nemenda sem starfsfólks. Að sjálfsögðu er hugmyndafræði Leiðtogasamfélagsins samofin grunnþáttum gildandi aðalnámskrár. Ég lít svo á að gildandi Aðalnámskrá boði í raun hugmyndafræði Leiðtogasamfélagsins með áherslu á lýðræði og mannréttindi,



skapandi og gagnrýna hugsun og ábyrgð nemenda á eigin námi," segir Inga Sigrún.

Hún segist þakklát samstarfsfólki fyrir að ganga jákvætt til verka, sem sé svo sem ekkert sjálfgefið þegar skólastarfinu er breytt svo mikið. „Í fyrsta lagi má segja að jafnræði gildi meðal nemenda og kennara og það er auðvitað hrein og klár kerfisbreyting, sem hefur ekki verið auðvelt fyrir allt starfsfólk,“ útskýrir Inga Sigrún, þegar hún er innt eftir nánari útskýringum á hugmyndafræði Leiðtogasamfélagsins.

Ef ég man rétt, var einelti vandamál hérna í skólanum fyrir nokkrum árum síðan, ekki satt?

„Já, það er rétt. En Leiðtogasamfélagið byggir að hluta til á Olweusarverkefninu gegn einelti og hér er einelti ekki liðið. Þess í stað byggjum við upp samfélag þar sem við lærum að þekkja okkur sjálf og hjálpum öðrum.“

Útgangspunktur Olweusar er að þeir einstaklingar sem kjósa að koma sjálfum sér áfram með því að níðast á öðrum verði alltaf til í öllum samfélögum. Besta leiðin til að vinna gegn slíkum einstaklingum er að breyta lögmálum samfélaga með því að virkja hinn þögla meirihluta og veita þeim viðurkenningu og framgang sem vinna að hagsmunum heildarinnar. Til þess að hægt

Það er stórt skref fyrir marga að líta á sjálfa sig sem leiðtoga og stundum þarf mikla hugarfarsbreytingu.

sé að byggja upp jákvæða, uppbyggilega menningu þar sem allir standa saman þarf að styrkja þennan þögla meirihluta. Gefa hinum almenna nemanda rödd og sterka stöðu, fá alla nemendur til að hafa trú á eigin getu og fá þá til að trúa því að þeir hafi kraft til að breyta því sem þeim finnst að betur megi fara. Það er stórt skref fyrir marga að lita á sjálfa sig sem leiðtoga og stundum þarf mikla hugarfarsbreytingu. En hugmyndin byggir á því að það sé ekki bara einn eða tveir leiðtogar í samfélaginu heldur eigi allir að vera leiðtogar, hver á sínu sviði.

„Áður en ég hóf störf hér hafði ég verið deildarstjóri í öðrum skóla og séð þar um aga- og eineltismál. Þar tók ég eftir því hve viðhorf kennara til nemenda skiptir miklu máli og hve mikilvægt það er fyrir skólamenninguna að nemendur og kennarar fái aðstoð til að leysa úr samskiptavanda sem upp kann að koma á milli þeirra. Starfsmennirnir eru stór hluti af samfélagi skóla og þeir geta rétt eins og börnin viðhaldið eða jafnvel stuðlað að neikvæðum skólabrag. Þess vegna er jafnræði milli nemenda og starfsmanna mikilvægt, ekki bara í ákvarðanatökum heldur einnig í úrvinnslu samskiptamála.

Þessi tvö atriði, að styrkja hinn þögla meirihluta og auka jafnræði nemenda og starfsfólks eru grundvöllurinn að Leiðtoga-samfélaginu og að mínu mati lykillinn að því hve vel hefur tekist að bæta menninguna í skólanum,“ segir Inga Sigrún.

Allir hafa tillögurétt

Í Leiðtogasamfélaginu er hlutverk kennara að hafa frumkvæði að breytingum á skólastarfi og stuðla að því að nemendur verði virkir þátttakendur. Mikilvægt er að skipuleggja starfið þannig að nemendur læri að tengja saman viðfangsefni og sjái þannig tilgang í því starfi sem fram fer í skólanum.

„Við höldum reglulega skólaþing sem allir sitja og þar er starfsemi skólans á dagskrá. Allir hafa tillögurétt og málin eru rædd á jafnréttisgrundvelli. Að loknum umræðum er kosið um leiðir eða aðferðir varðandi viðkomandi mál sem eru til umræðu. Stundum verða kennarar undir í slíkum atkvæðagreiðslum, en meirihlutinn ræður einfaldlega. Ég sem skólastjóri reyni að taka fæstar ákvarðanir. Á föstudögum fara nemendur í svokallaða leiðtogaþjálfun, þá bjóða þeir öðrum í smíðju þar sem



fengist er við margvísleg viðfangsefni. Einn er kannski góður í einhverjum tölvuleik og þá einfaldlega býðst hann til að hjálpa öðrum í sinni smíðju að ná færni í þessum tölvuleik. Annar nemandi gæti tekið upp á því að bjóða upp á gítarnám, myndbandagerð eða bara nánast hvað sem er. Og svo eru reglulega haldnir bekkjartímar, þar sem grundvallarhugmyndir Leiðtogasamfélagsins eru ræddar.“

Skýrar reglur

Inga Sigrún segir að verkefnið krefjist þess að allir séu virkir og sjálfstæðir. Eðlilega gangi það misjafnlega.

„Já, auðvitað. Á yngsta stigi og miðstigi eru krakkarnir nokkuð opnir fyrir þessu en nemendurnir á efsta stigi eru ekki eins opnir, eins og eðlilegt er. Krökkunum í 10. bekk hefur þó gengið afskaplega vel að halda sínar eigin smíðjur, svo ég taki dæmi. Smíðjurnar hafa gert krakkana sjálfstæðari á margan hátt og kennt þeim að trúa á sínar eigin hugmyndir og getu til að starfa í hópum.“

Þessi hugmyndafræði kallar á visst frjálssræði, nýta nemendur sér það og reyna þannig á þanþol kennara og starfsfólks?

„Já, já, það kemur vissulega fyrir. En þá geta kennararnir líka sagt stopp og þegar sú staða kemur upp verður að ræða hlutina hispurslaust. Og sama regla gildir ef nemendum finnst kennarar ganga of langt. Reglurnar eru alveg skýrar í þessum efnum.“

Þegar þú kynntir Leiðtogasamfélagið fyrir sveitarstjórn, hvernig var þér tekið?

„Hún var mjög jákvæð og sömu sögu er að segja um skólanefndina. Sjálfsgagt fannst ýmsum herna í sveitarfélaginu þetta allt saman hálf kjánalegt, en ég fékk leyfi til að keyra þetta í þrjú ár og núna er einmitt það síðasta að hefjast og svo sjáum við til með framhaldið.“

En foreldrar, hvernig tóku þeir þessu?

„Ég fékk ekki mikla gagnrýni, opinberlega að minnsta kosti. Það eru mörg framandi orð notuð í þessari hugmyndafræði, þannig að ég skil vel að margir hafi verið efins. Í dag er staðan sú að agamálin eru í góðu lagi, krökkunum líður vel og árangur í námi er nokkuð góður. Þannig að ég sem skólastjóri get ekki annað en verið sátt við árangurinn.“

Tilraun sem er að ganga upp

Inga Sigrún segir að Leiðtogasamfélagið hafi vakið nokkra athygli skólafólks og áhuga-fólks um skólamála.

„Já, þetta spyrst út og ég fæ töluvert af fyrirspurnum. Við erum líka að ná sýnilegum árangri og nemendum líður vel í skólanum. Þetta er líka umtalsverð kerfisbreyting á skólastarfinu, ekki afmarkað verkefni sem stendur yfir í skamman tíma í einstökum bekkjum. Hlutverki kennara var breytt og nemendurnir taka þátt í svo til öllum starfsháttum skólans. Ég er ekki frá því að þessi hugmyndafræði verði innleidd í fleiri skólum, en þó kannski ekki í heilu lagi. Fyrir mér er þetta tilraun sem er að ganga upp,“ segir Inga Sigrún Atladóttir, skólastjóri Valsárskóla.



Þarftu stuðning til að komast á toppinn?

Rannís hefur umsjón með innlendum og erlendum samkeppnissjóðum á sviði menntunar, þar á meðal eru Erasmus+ og Nordplus menntaáætlanir Evrópusambandsins og Norðurlanda.

Fjöldi einstaklinga, fyrirtækja, stofnana og skóla hafa fundið hugmyndum sínum farveg með stuðningi þessara sjóða. Auk þess styður eTwinning skólasamstarf á netinu.

Taktu skrefið og kynntu þér þá möguleika sem standa þér til boða á rannis.is/menntun.

HVAÐ ER HAGÞENKIR?

Í stærsta rithöfundafélagi landsins eru yfir 600 félagar

Kennarar á öllum skólastigum vita að við þurfum gott námsefni sem er í samræmi við kröfur hverrar kennslugreinar á hverjum tíma. Kennarar vita líka að við þurfum vönduð fræðirit af margvíslegu tagi. Við þurfum vandaðar grunnrannsóknir á öllum sviðum sem skapa nýja þekkingu og miðla henni til annarra sérfræðinga, en við þurfum líka aðgengilegri fræðirit þar sem sérfræðiþekking er tekin saman og henni miðlað til stærri hóps. Síðast en ekki síst þurfum við fræðirit fyrir börn um allt milli himins og jarðar.

Þetta efni fellur ekki af hinnum ofan. Námsefni og fræðirit, hvort sem er í hefðbundnu bókarformi, á stafrænu formi eða í öðrum miðlum verður ekki til nema einhverjir taki að sér að semja það.

Engin námsgögn án höfunda

Kennslugögn og fræðirit eru sköpunarverk höfunda sem hver í sínu lagi eða í hópum virkja sérþekkingu sína og sköpunarkraft til að skrifa þetta efni og matreiða það með öðrum hætti. Höfundar slíkra rita eru kannski ekki jafn áberandi á almannavettvangi og þeir rithöfundar sem skrifa ljóð og skáldsögur – hvað þá glæpasögur – en þeir eru ekki síður mikilvægir, bæði fyrir menntakerfið og fyrir íslenska bókmenningu.

Höfundar fræðirita og kennslugagna hafa verið til á Íslandi svo lengi sem menn hafa skrifað hér bækur. Snorri Sturluson skrifaði bæði fræðirit og kennslubækur og fyrsti málfræðingurinn skrifaði sína ritgerð um það leyti sem menn voru að byrja að draga til stafs með latínuletri á íslensku. Þrátt fyrir þetta hefur ekki alltaf farið mikið fyrir höfundum fræðirita og kennslugagna og lengst af voru þeir sjaldséð sjón í félagskap rithöfunda. Þetta breyttist í byrjun júlí árið 1983, þegar 35 íslenskir rithöfundar komu saman á fundi í Reykjavík. Þeir áttu það sameiginlegt að hafa skrifað fræðirit eða



Jón Yngvi Jóhannsson
lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og formaður Hagþenkis.

kennslubækur og höfðu uppgötvað að þeir áttu sameiginlegra hagsmuna að gæta. Tilgangur fundarins var að stofna félag fræðirita- og kennslugagnahöfunda. Nú, rúmum þrjátíu árum síðar er félagið, sem nefnist Hagþenkir, ennþá starfandi og félagsmennirnir eru orðnir rúmlega 600.

Nafn félagsins er sótt í samnefnt rit Jóns Ólafssonar frá Grunnavík um „almennt stand á Íslandi“, lærdóm og bókiðnir“. Ritið skrifaði Jón árið 1737, en það var ekki gefið út fyrr en árið 1996.

Samningar um ljósritun og aðra afritun

Tilefni þess að félagið var stofnað var að skömmu áður höfðu samtök rétthafa á sviði ritlistar, tónlistar og myndlistar gert samninga við ríkið, sem leyfðu ljósritun á útgefnu efni í skólum gegn sanngjarnri greiðslu. Þar sem fæstir höfundar náms-efnis voru félagar í Rithöfundasambandinu þótti þeim ráð að stofna sitt eigið félag til að gæta hagsmuna sinn. Félagið fékk skömmu síðar aðild að Fjölís, samtökum rétthafa sem gæta hagsmuna þeirra sem snúast um ljósritun og aðra fjölritun, og þess varð ekki langt að bíða að félagið yrði stærsti einstaki hagsmunaaðilinn innan samtakanna, enda eru námsgögn og fræðirit af ýmsu tagi stærstur hluti þess höfundarréttarvarða efnis sem fjölritað er í skólum og öðrum stofnunum.

Ljósritunarsamningarnir sem voru fyrst gerðir á níunda áratugnum hafa breyst og þeim hefur fjölgað. Fjölís er nú með samninga við ríkið um ljósritun í grunn-, framhalds- og háskólum, við tónlistarskóla, sveitarfélög og fleiri minni aðila. Einnig er í gildi samningur við háskólana um skönnun á útgefnu efni en enginn samningur er til um skönnun á öðrum skólastigum, þótt samtökin hafi árum saman reynt að semja við ríkið til að gera slíka afritun löglega.

Margir kennarar semja námsefni af ýmsu tagi, þótt þeir hugi ekki alltaf að hagsmunum sínum sem rithöfunda.

Hvert fara peningarnir?

Eitt meginhlutverk Hagþenkis er að sýsla með þessa fjármuni og sjá til þess að þeir rati til höfunda, bæði þeirra sem hafa samið það námsefni og þau fræðirit sem fjölfölduð eru og einnig til þeirra sem semja ný fræðirit og kennslugögn. Á hverju ári auglýsir félagið eftir umsóknum um styrki og þóknunir. Tvisvar á ári eru auglýstir ferðastyrkir fyrir félagi í Hagþenki og einu sinni á ári eru auglýstir starfsstyrkir til ritstarfa og þóknunir fyrir ljósritun og aðra löglega fjölritun. Aðalfundur félagsins hverju sinni ákveður hvernig þessum fjármunum skuli ráðstafað. Á þessu ári hafa fjórar milljónir verið veittar í ferðastyrki, fimm milljónir hafa runnið til umsækjanda í formi þóknana fyrir ljósritun og síðast en ekki síst hafa 13 milljónir verið veittar í starfsstyrki til ritstarfa í 37 fjölbreyttum verkefnum. Verkefnin eru fjölbreytt, félagið styrkir gerð námsefnis á öllum skólastigum, fræðirita fyrir almenning og sérhæfðari rita sem byggja á grunnrannsóknunum. Allir styrkirnir renna til höfundanna sjálfrá til að auðvelda þeim að sinna ritstörfum.

Allir geta sótt um starfsstyrki til ritstarfa. Það er ekki skilyrði að hafa skrifað námsefni eða fræðirit áður, mörg dæmi eru um það að námsefnishöfundar sem eru að stíga sín fyrstu skref hafi notið stuðnings félagsins. Það er ekki skilyrði að vera félagi í Hagþenki til að hljóta styrki til ritstarfa eða þóknunir vegna ljósritunar í skólum og öðrum stofnunum.

Norrænt samstarf

Hagþenkir var stofnaður að fyrirmynd

norskra samtaka, Norsk faglitterær forfatterforening, og félagið hefur frá upphafi unnið náði með norrænum systurfélögum. Fulltrúar félaganna hittast árlega á samráðsfundum og annað hvort ár hittast fulltrúar allra rithöfundasamtaka á Norðurlöndum (bæði höfundar skáldrita, fræðirita og kennslubóka) ásamt þýðendum á fundum Norræna rithöfunda og þýðendaráðsins. Þetta samstarf er félaginu mikilvægt. Norræn höfundasamtök eru leiðandi í hagsmunabaráttu höfunda á alþjóðavettvangi og við höfum notið góðs af því. Þegar kemur að samningamálum og samskiptum við bæði útgefendur og ríkisvaldið eru þau dýrmæt fyrirmynd. Á undanföllum árum hafa fundir félaganna mikið snúist um þann nýja veruleika sem blasir við höfundum í stafrænum heimi og viðbrögð við honum.

Starf félagsins

Félagið reynir eftir fremsta megni að halda fræðiritum og kennslugögnum á lofti. Á hverju ári er Viðurkenning Hagþenkis veitt fyrir fræðirit eða kennslugögn. Viðurkenningin felst í peningaverðlaunum sem nú

eru ein milljón króna. Áður en handhafi viðurkenningarinnar er útnefndur eru tíu verk tilnefnd til viðurkenningarinnar, valin af sérstökum viðurkenningarráði sem í sitja fimm félagsmenn, sérfræðingar á ólíkum fræðasviðum.

Hagþenkir rekur skrifstofu sem er til húsa í Reykjavíkúakademíunni, Þórunnartúni 2. Framkvæmdastýra félagsins, Friðbjörg Ingimarsdóttir, sér um daglegan rekstur þess. Á skrifstofunni geta félagsmenn sótt sér ráðgjöf um samninga og önnur hagsmunamál, framkvæmdastýra skipuleggur einnig viðburði á vegum félagsins og stýrir starfi Viðurkenningarráðs félagsins.

Átt þú heima í Hagþenki?

Hagþenkir er löggilt höfundarréttarfélag og hefur sem slíkt rétt til að semja um kjör námsefnishöfunda við þá stofnun sem nú heitir Menntamálastofnun og er arftaki Námsgagnastofnunar. Lengi vel var í gildi samningur milli félagsins og stofnunarinnar um greiðslur til höfunda, en sá samningur er löngu úreltur og fallinn úr gildi. Félagið hefur lengi reynt að fá stofnunina að

samningaborðinu að nýju og nú á haustdögum hefur sú viðleitni borið þann árangur að stofnaður hefur verið starfshópur sem hefur það hlutverk að skoða samskipti stofnunarinnar við höfunda. Vonir stjórnar félagsins standa til þess að afraksturinn verði nýr samningur eða samningar og við höfum leitað til norrænna systurfélaga um fyrirmyndir að slíkum samningum.

Margir kennarar semja námsefni af ýmsu tagi, þótt þeir hugi ekki alltaf að hagsmunum sínum sem rithöfunda. Félagið er opið öllum þeim sem eiga umtalsverðan höfundarrétt að verja, hvort sem er vegna námsefnis, fræðilegra skrifa eða hvors tveggja. Á hagþenkir.is má finna upplýsingar um starfsemi félagsins og þar er líka að finna öll eyðublöð til að sækja um styrki og þóknunir. Síðast en ekki síst er þar að finna inntökubeiðni í félagið. Það getur margborgað sig fyrir höfunda námsefnis að ganga til liðs við Hagþenki, ekki bara vegna sinna eigin hagsmuna heldur einnig vegna þess að því fleiri sem við erum og því þéttar sem við stöndum saman, þeim mun meiri líkur eru á að við náum árangri.



Nýlega keypti Takk hreinlæti ef netsíðuna netsofnun.is, sem býður upp á hentugar og einfaldar fjáröflunarleiðir fyrir félagasamtök og einstaklinga.

Kíktu inn á www.netsofnun.is og kynntu þér möguleikana. Netsöfnun.is býður upp á einfalda lausn til þess að standa að söfnun á netinu.



HÚMOR OG UMBURÐARLYNDI BESTU EIGINLEIKARNIR

Steinunn Inga Óttarsdóttir hóf störf sem sérfræðingur hjá Félagi framhaldsskólakennara síðsumars. Hún er ættuð að norðan og hefur bæði unnið sem kennari og stjórnandi í framhaldsskóla og gegnt ýmsum trúnaðar- og félagsstörfum fyrir KÍ.

Steinunn Inga kemur meðal annars að kjara- og réttindamálum kennara, sinnir greiningarvinnu og upplýsingasöfnun fyrir samninganefnd FF og mun vinna fyrir stjórn Vísindasjóðs FF og FS.

HVER: sérfræðingur hjá Félagi framhaldsskólakennara, bókmenntagagnrýnandi, lestrarhestur og vog með ríka réttlætiskennd, ferðalangur, nautnabelgur og eilífðargelgja.

Helstu verkefni fram undan hjá FF? Það er aðallega kjarasamningurinn framundan, ansi stórt og ábyrgðarmikið verkefni. Nú þarf að ríghalda í árangurinn sem náðist með síðasta samningi og hvika hvergi.

Hvaða þekktu persónu hefðirðu viljað hafa sem kennara? Dalai Lama, það má margt af honum læra um eðli manneskjunnar. Og ég væri til í að tileinka mér þá staðfestu og æðruleysi sem Malala Yousafzai sýnir í baráttu fyrir rétti kvenna til menntunar.

Hvað finnst þér best í eigin fari? Húmor og umburðarlyndi. Svo er ég ágætur hlustandi sem er að verða sífellt sjaldgæfari eiginleiki meðal fólks.

Ertu í klúbbi? Ég elska klúbba og finnst gaman að umgangast fólk. Er í leshring sem hefur starfað frá því á síðustu öld, snyrtibudduklúbbi sem samanstendur af 15 frænkum, hlaupahópi sem ég hef reyndar ekki mætt lengi í, ölkúbbi þar sem ég mæti alltaf, ferðafélagi og aðdáendaklúbbi auk nokkurra leyniklúbba...

Hvaða bók lastu síðast? Ég les viðstöðulaust og er alltaf með a.m.k. þrjár í gangi



í einu. Núna er ég að lesa Kompu eftir Sigrúnu Pálsdóttur, Verndargrip eftir Roberto Bolaño og Forystufé eftir Ásgeir Jónsson. Allt frábærar bækur, hver á sinn hátt.

Hver er uppáhalds sögupersónan þín? Ástríkur, svo snjall og mikill sjarmur, hugdjarfur og ráðagóður, orðheppinn og vinmargur. Allt eftirsóknarverðir eiginleikar.

Sjónvarpsþættir? T.d. Seinfeld (Elaine er uppáhalds) og Parks and Recreation (Ron), og bara allar svona léttgeggjaðir þættir. Og danskir þættir – Danir og reyndar allar Norðurlandþjóðirnar eru með svo góða leikara, fagmennskan er í fyrirrúmi og samfélagsádeilan á hreinu.

Hundur eða köttur? Hundur, það er bara þessi skilyrðislaus ást og glaðlyndi sem þeim fylgja. Ég átti gullfallega og bráðgáf-aða Doberman-tík sem fór á hinar eilífu

veiðilendur 2014 og er enn sárt saknað. Tek fúslega að mér hundapössun ef semst um kaup og kjör.

Hvernig færðu útrás? Með hurðaskellum.


Ef þú mættir taka íslensku þjóðina í eina kennslustund, hvað myndirðu kenna? Siðferði, heiðarleika og gagnrýna hugsun. Taka svo nokkrar jógastöður í lokin.

Hver er uppáhaldsstjórnmalamaðurinn þinn? Steingrímur frændi.

Facebook eða Twitter? Twitter, þar er allt stuðið.

Uppáhaldsmatur? Sigginn fiskur með hamsatól, nýjar kartöflur og rúgbrauð með þykku lagi af smjöri.

Best í heimi? Morgunstund, snarpheitt te, brauð í ofni og Rás eitt.



FRÆÐSLA OG NÁMSEFNI FRÁ HEIMILI OG SKÓLA OG SAFT

5-7. BEKKUR

FORELDRASÁTTMÁLINN

1. HVERJAN EGGI ER EKKERT NÁMSEFNI FRÁ HEIMILI OG SKÓLA.
2. HVERJAN EGGI ER EKKERT NÁMSEFNI FRÁ HEIMILI OG SKÓLA.
3. HVERJAN EGGI ER EKKERT NÁMSEFNI FRÁ HEIMILI OG SKÓLA.
4. HVERJAN EGGI ER EKKERT NÁMSEFNI FRÁ HEIMILI OG SKÓLA.
5. HVERJAN EGGI ER EKKERT NÁMSEFNI FRÁ HEIMILI OG SKÓLA.
6. HVERJAN EGGI ER EKKERT NÁMSEFNI FRÁ HEIMILI OG SKÓLA.
7. HVERJAN EGGI ER EKKERT NÁMSEFNI FRÁ HEIMILI OG SKÓLA.
8. HVERJAN EGGI ER EKKERT NÁMSEFNI FRÁ HEIMILI OG SKÓLA.
9. HVERJAN EGGI ER EKKERT NÁMSEFNI FRÁ HEIMILI OG SKÓLA.
10. HVERJAN EGGI ER EKKERT NÁMSEFNI FRÁ HEIMILI OG SKÓLA.
11. HVERJAN EGGI ER EKKERT NÁMSEFNI FRÁ HEIMILI OG SKÓLA.
12. HVERJAN EGGI ER EKKERT NÁMSEFNI FRÁ HEIMILI OG SKÓLA.

VIÐ FORELDRA BARNI — BEKKUR
SAMÞYKKJUM AÐ VEITA VEBRÁÐGÆTUSKULSÍÐU Í SKÓLAGÖNGU BARNNA OKKAR OG VEITA ÖFANTILNÍ VEBRÁÐGÆTUSKULSÍÐU.

UNDIRSKRIFTIR: _____

Heimili og skóli

Lesisáttmáli

HEIMILI OG SKÓLA

1. LESIÐ FYRIR BARNIÐ OG VEIÐIÐ FRYGÐAÞYGGIÐ.
2. KLAMTÍÐIÐ Á BARNIÐ OG LESIÐ.
3. VIBLÓMUM OG BÓLUM FARNIÐ.
4. HÖNUNARLESIÐIÐ ER EKKERT NÁMSEFNI FRÁ HEIMILI OG SKÓLA.
5. LESIÐ NÁMSEFNI FRÁ HEIMILI OG SKÓLA.
6. LESIÐ Á GÖM TILGÆTUSKULSÍÐU.

VIÐ FORELDRA OG BARNNA BARNI — BEKKUR
SAMÞYKKJUM AÐ VEITA VEBRÁÐGÆTUSKULSÍÐU Í SKÓLAGÖNGU BARNNA OKKAR OG VEITA ÖFANTILNÍ VEBRÁÐGÆTUSKULSÍÐU.

UNDIRSKRIFTIR: _____


Heimili og skóli




FRÆÐSLUEFNI OG ERINDI FYRIR:



Krossgáta



Lausn síðustu krossgátu



Lárétt

1. Stærsta gæs á Íslandi. (6)
5. Beinið sem kallast scapula. (11)
10. Höfuðborg Þýskalands. (6)
11. Mey skal að _____ lofa. (6)
13. Líffæri sem hreinsar vessaðar. (6)
15. Natasha _____, leikkona, dóttir Vanessu Redgrave. (10)
16. Íslenskun á nafni Ælfréd (Alfred) Wessex-konungs (ef.) (7)
17. Símon _____, einn af lærisveinum Jesús, svo nefndur af tengslum sínum við selóta. (10)
18. Það sem Lísa í Undralandi datt niður um (þf). (10)
20. Maðurinn frá landi í Mið-Asíu sem er umlukið landluktum löndum. (8)
22. Foie _____, gæsalifur. (4)
24. Formaður hreppsnefndar. (7)
25. Jarðfræðifyrirkona sem myndast við gufusprengingu. (10)
27. _____ Harmenszoon van Rijn, frægur hollenskur málari. (9)
30. Rómversk gyðja traustsins. (5)
32. Amerískur lagahöfundur sem samdi meðal annars „White Christmas“ og „There's No Business Like Show Business“. (6,6)

34. Stór ávöxtur upprunninn í Suður-Ameríku. (6)
35. Tákn sem þróaðist úr PS, tákni fyrir peso. (12)
36. Olía unnin úr hörfræjum. (7)
38. Höfuðborg Grenada, heitir eftir enskum dýrlingi. (5,6)
41. Mýrarljós. (5)
42. Convallaria majalis, garðblóm á Íslandi sem blómstrar í maí og ber bjöllulaga hvít blóm. (9)
43. _____ Allan Poe, bandarískur rithöfundur. (5)
44. Orka sem myndast við flutning rafeinda. (7)
45. Orð yfir það sem heili og mæna mynda saman. (13)

Lóðrétt

1. Zsa Zsa _____, bandarísk leikkona af ungerskum uppruna. (5)
2. Óskilgetinn sonur Lancelot, einn af göfugustu riddurum hringborðsins. (7)
3. Tæki sem býr til myndir út frá hátíðni hljóðbylgjum. (9)
4. Stærsta stöðuvatn Íslands. (9)
5. Orð yfir Skota sem kemur frá gelísku mælandi hluta Skotlands. (11)
6. Þýsk hafnarborg með slavneskt nafn. (7)

7. Sonur Adams sem var drepinn. (4)
8. Gustav _____, nafn sænskra konunga. (5)
9. Fylki í Bandaríkjunum þar sem borgirnar Kansas City og Saint Louis eru. (8)
12. _____ glóir, bók eftir Thor Vilhjálmsson. (9)
14. Ættfaðir prestastéttar Gyðinga. (4)
19. Ríki Hadesar (11)
21. Höfundur óperunnar Prins Igor. (7)
23. Hringfari. (7)
25. Efni í loftkenndu ástandi. (4)
26. Tungumál sem „Hinn guðdómlegi gleðileikur“ var skrifaður á. (7)
28. „Set, meyjar _____, málsefni fögur“ (5)
29. Thunnus tynnus, fisktegund. (9)
31. Skíðishvalur Eschrichtius robustus sem lifir í Norður-Kyrrahafi. (9)
32. Viðurnefni Jóns Ólafssonar sem gegndi herþjónustu í danska flotanum. (9)
33. Bein sem kallast femur á latínu. (9)
36. Höfundur Kátu ekkjunnar. (5)
37. Lengsta á í heimi. (3)
39. Önnur stærsta borg í Oklahoma fylki. (5)
40. Nafn sem „Euskadi Ta Askatasuna“ er þekktara undir. (3)
42. Mælieining á þéttleika sokkabuxna. (3)

YFIRLIT UM RÉTTINDI ÞÍN Á EINUM STAÐ

Á sjóðfélagavef LSR færð þú m.a. upplýsingar um réttindi þín, greidd iðgjöld og séreignarsparnað ásamt því að hafa aðgang að Lífeyrisgáttinni.

Lífeyrisgáttin er ný leið fyrir sjóðfélaga til að fá á einum stað upplýsingar um áunnin lífeyrisréttindi sín í samtryggingarsjóðum. Með Lífeyrisgáttinni opnast greið leið að þessum upplýsingum.



Upplýsingar um lífeyrisréttindi
á einum stað.



LSR

Lífeyrissjóður
starfsmanna ríkisins

Engjateigi 11
105 Reykjavík
Sími: 510 6100
Fax: 510 6150
lsr@lsr.is

www.lsr.is

KRUMMA



30% AFSLATTUR

-Aðeins fyrir kennara-

Grillin frá OFYR búa yfir einstakri hönnun og eldunar eiginleikum.
Veglegur grillflöturinn gerir grillaranum kleift að gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn.

Grillið er stílhreint og einfalt sem gerir það að verkum að klassískar línur grillsins vinna í sátt við umhverfið.



~~KR,- 275.000~~
Til kennara kr,- 192.500